4

„Búið að stela Landgræðsluskólanum”

26–27

Tjaldsvæðið SKJÓL með sögufrægan bar úr Pálmasal Hótel Borgar

32–33

Leikur sér við að silkiprernta fjölbreytt og falleg mynstur náttúrunnar

Bændablaðið

16. tölublað 2020 • Fimmtudagur 20. ágúst • Blað nr. 569 • 26. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Berglind Hilmarsdóttir, bóndi á Núpi undir Eyjafjöllum, er með blómlega vínberjaræktun í garðskála við heimili sitt. Þar ræktar hún tvær tegundir vínþrúga, græn og blá yrki, ásamt kryddjurtum og ýmsu grænmeti. Fyrir rúmum áratug keypti Berglind litla plöntu í Hveragerði sem óx vonum framar og gefur ber á hverju ári. Í dag fær hún um 50 kílóa uppskeru sem eru tínd og borðuð á staðnum af heimilisfólki, vinum og vandamönnum. Mynd / Erla Hjördís Gunnarsdóttir

Réttalistinn birtur að venju í blaðinu

Bændablaðið tekur að venju saman og birtir yfirlit um fjár- og stóðréttir í blaðinu; stóðréttirnar á blaðsíðu 8 en fjárréttirnar á opnusíðunum 28–29.

Í ár verður gestum ekki heimilt að koma í réttir eins og síðustu ár. Ástæðan er varúðarráðstafanir og fjöldatakmarkanir vegna kórónuveirufaraldursins.

Því verður fylgt eftir að ekki séu fleiri en 100 manns við störf í einu.

Sveitastjórnir bera ábyrgð

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á framkvæmd gangna og rétta og ber að tryggja að reglum um sóttvarnir sé fylgt eftir.

Allir sem taka þátt í göngum og réttum skulu hlaða niður smitrakningarappi almannavarna.

Viðbrögð við COVID-19 munu setja mjög óvenulegan svip á göngur og réttir í haust:

Ferðamönnum og almenningi meinaður aðgangur að réttum

– Hlið verða við aðkeyrslur og engum óviðkomandi hleypt í gegn – Mælst er til að áfengi verði ekki haft við hönd

Miklar breytingar verða á aðgengi fólks að réttum landsmanna nú í haust, en fyrstu fjárréttir eru áætlaðar 30. ágúst. Verður ferðamönnum og almenningi meinaður aðgangur að réttum. Vegna COVID-19 er einungis þeim sem eiga von á fé af fjalli, eða eru þar til að aðstoða við réttarstörf, heimilt að koma í réttirnar.

Embætti landlæknis, Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, Bændasamtök Íslands, Landssamtök sauðfjárbænda og Samband íslenskra sveitarfélaga, hafa komið sér saman um leiðbeiningar vegna gangna og rétta í haust samkvæmt hættustigi Almannavarna.

Engir óviðkomandi verði í réttum

Almenna reglan fyrir árið 2020 er að aðeins þeir sem hafa hlutverk mæti í göngur og réttir og er það vegna 100 manna hámarksreglu. Börn fædd 2005 eða síðar eru undanskilin fjöldatakmörkun.

Hliðvarsla verður við aðkeyrslu að réttum og þangað inn verður aðeins hleypt þeim sem þar eiga erindi. Þeir sem mæta í réttir og hafa nýlega dvalið erlendis þurfa áður að hafa fylgt landamærareglum um sóttkví og sýnatöku.

Áfengi verði ekki haft um hönd

Gleðskapur og kátína hafa jafnan einkennt mannamót í stærstu réttum landsmanna. Þar hefur gjarnan verið sungið við raust og brennivínspyttlan gengið á milli manna um leið og dregið hefur verið í dilka. Vegna smitvarna er nú mælst til þess að áfengi verði ekki haft um hönd.

Smalar hafi með sér handspritt

Sveitarstjórn er ábyrg fyrir því að reglum um smitvarnir sé fylgt eftir. Sé þess þörf skal sveitarstjórn gefa út frekari leiðbeiningar.

Almenna reglan er að eins fáir fari í göngur og hægt er. Liggja þarf fyrir listi um hvaða einstaklingar fari í göngur með upplýsingum sem nota má til að hafa samband við viðkomandi einstakling gerist þess þörf.

Fjallaskálar/húsnæði er aðeins opið fyrir gagnamönnum. Aðrir gestir mega ekki vera í húsnæðinu á sama tíma.

Allir einstaklingar, sem taka þátt í göngum og réttum, eru hvattir til að viðhalda 2 metra fjarlægðarreglu í samskiptum við aðra eftir því sem aðstæður leyfa (einstaklingar sem ekki deila heimili). Fjallskilanefnd skal leitast við að bjóða einstaklingum að halda persónulegum nándarmörkum eins og kostur er. Reynist það ekki unnt ber viðkomandi að nota viðurkennda andlitsgrímu sem hylur nef og munn.

Allir smalar skulu hafa handspritt meðferðis.

Þeir sem taka þátt í göngum og réttum skulu hlaða niður smitrakningarappi almannavarna

Takmarka skal samskipti milli ólíkra smalasvæða eins og kostur er.

Gátlisti fyrir réttir

Tryggt skal að þeir sem taka þátt í réttarstörfum hafi verið upplýstir um ábyrgð einstaklinga gagnvart eigin smitvörnum, myndbönd t.d. og upplýsingar um hvar finna megi viðkomandi efni.

Skipa skal einn smitvarnarfulltrúa í hverri rétt. Hann ber ábyrgð á smitvörnum og tryggir að farið sé að fyrirmælum. Þetta getur hvort sem er verið leitarstjóri/fjallkóngur, réttarstjóri eða aðili skipaður af sveitarstjórn.

Koma skal upp aðstöðu til handþvottar við hverja rétt. Einnig skal vera gott aðgengi til sótthreinsunar (vatnsbrúsar, sápa, handspritt og bréfþurrkur).

Einungis þeir sem eiga fjárvon í réttum eða eru þar til að aðstoða við réttarstörf er heimilt að koma í réttina.

Við innkeyrslu að rétt þarf að telja alla sem þangað koma. Tryggja skal að fjöldi fari ekki umfram hámarksfjölda samkvæmt reglum heilbrigðisráðuneytis (HRN) um hámarksfjölda einstaklinga í sama rými á hverjum tíma.

Börn fædd 2005 og síðar eru ekki talin með í hámarksfjölda.

Á þeim smalasvæðum þar sem allar líkur eru á að það þurfi fleiri en 100 manns til réttarstarfa þarf að skipuleggja hverjir koma í réttina.

Mikilvægt er að velja til réttarstarfa einstaklinga sem eru öflugir til þess verks og ganga þannig til réttarstarfa að allir hjálpist að við að draga. */HKr.*

FRÉTTIR

Hart tekist á um garðyrkjunám í landinu og vaxandi ágreiningur eftir skipun nýs rektors við LbhÍ á Hvanneyri 2019:

Starfandi fagfólk í garðyrkju stofnar Garðyrkjuskóla Íslands

Þann 12. ágúst var tilkynnt um stofnun félagsins Garðyrkjuskóli Íslands. Félagið er stofnað af starfandi fagfólki í garðyrkju sem flest hefur verið eða er í forsvari fyrir hagsmunafélög í greininni. Tilgangur félagsins er að standa að faglegri og vandaðri fræðslustarfsemi á sviði garðyrkju og tengdra greina.

Nokkur styr hefur staðið um rekstur Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi eftir að hann var settur undir stjórn Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Virðist ágreiningur um skólann hafa aukist verulega eftir að dr. Ragnheiður I. Þórarinsdóttir tók við starfi rektors þann 1. janúar 2019. Hún var skipuð í embættið til fimm ára af Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra.

Garðyrkjuskólanum á Reykjum lokað tímabundið

Þann 14. ágúst sendi rektor frá sér tilkynningu um að tekin hafi verið ákvörðun um að loka starfsstöð LbhÍ á Reykjum í Ölfusi tímabundið. Í tilkynningunni kemur fram að mikið tjón hafi orðið á Reykjum vegna vatnsleka og miklar skemmdir hafi orðið á veggjum, hurðum og innanstokksmunum skólans. Þá segir:

„Það er mat framkvæmdastjórnar að út frá heilbrigðissjónarmiðum sé ekki hægt að halda úti kennslu né hefðbundnu starfi meðan á endurbótum stendur. Því hefur verið tekin ákvörðun um að loka starfsstöðinni á Reykjum tímabundið meðan unnið verður að viðgerðum og mati á þeim skaða sem orðinn er. Búið er að setja upp skrifstofur sunnan megin á fyrstu hæðinni á Keldnaholti fyrir starfsmenn. Nemendur sem eiga að hefja nám á Reykjum verða boðaðir á Keldnaholt þar sem kennsla þeirra mun fara fram í fyrstu. Farið verður nánar yfir fyrirkomulagið á nýnemakynningum.“

Óskað eftir viðræðum við menntamálaráðherra

Forsvarsfólk Garðyrkjuskóla Íslands óskuðu eftir viðræðum við menntamálaráðherra í því skyni að leita samninga um grunnnám í garðyrkju á framhaldsskólastigi með svipuðum hætti og gert hefur verið varðandi nám á framhaldsskólastigi, svo sem í Kvikmyndaskóla Íslands, Ljósmyndaskóla Íslands, Fisktækniskóla Íslands og Tækniskóla Íslands. Ekkert hefur frést af þeim viðræðum.

Fjaraði undan náminu í háskólaumhverfinu

Einn af stofnendum félagsins er Gunnar Þorgeirsson garðyrkjubóndi sem jafnframt er formaður Bændasamtaka Íslands. Hann segir að þegar Garðyrkjuskóli ríkisins var sameinaður inn í Landbúnaðarháskólann fyrir 15 árum síðan hafi mörgum sem starfa á vettvangi garðyrkju fundist hafa fjarað undan umgjörð námsins þegar það færðist inn í háskólaumhverfið.

„Eðlilega eru áherslur í háskólastarfi með öðrum hætti en í framhaldsskólum, enda gilda önnur lög um nám á framhaldsskólastigi. Þó að hópurinn sem stendur að félaginu telji mikilvægt að feta veginn fram á við, þarf nú að stíga skref til baka og gera framhaldsskólanám í garðyrkju að sjálfstæðri rekstrareiningu á ný, þar sem megináherslur verða á starfsmenntanámið í samræmi við gildandi námskrár.

Þessi vinna er í raun í samræmi við ályktanir hagsmunafélaga í garðyrkju sem ályktað hafa um nauðsynlegar breytingar.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi. Myndir / HKr.

Gunnar Þorgeirsson.

Mörg fordæmi eru fyrir því hérlendis og víðar að nám á framhaldsskólastigi sé starfrækt á vettvangi félagasamtaka með samningi við ríkið, ekki síst þegar um sérhæft nám er að ræða.“

Námið verði í sem bestu samstarfi við atvinnulífið

Gunnar segir að áherslan í Garðyrkjuskóla Íslands verði á að námið sé framkvæmt í sem bestu samstarfi við atvinnulífið og þá sem menntast hafa í faginu.

„Grunnnámi á framhaldsskólastigi er ætlað að undirbúa nemendur sem best til starfa í atvinnulífinu en einnig til áframhaldandi náms. Garðyrkjuskólinn horfir líka til þess að bjóða aukinn sveigjanleika varðandi styttri námsleiðir fyrir almenning og þjónustu við fólk sem starfar í garðyrkju eða hefur áhuga á að bæta við sig þekkingu á því sviði. Þetta verður gert með námskeiðahaldi, vefnámskeiðum, samstarfi við ýmsar aðrar rekstrareiningar og fleiru. Við teljum að það muni verða mikil eftirspurn eftir fólki sem kann raunverulega til verka í ræktun og framleiðslu og viljum tryggja að námið verði í takti við það.“

Reykir eru mjög ákjósanlegur kostur fyrir garðyrkjunám

– Hvað með framtíð skólans á Reykjum?

„Ríkið er eigandi að Reykjum í Ölfusi og þar er rúmlega áttatíu ára saga garðyrkjunáms á Íslandi. Það er ekki launungarmál að óskastaðan væri sú að garðyrkjunámið yrði áfram vistað þar. Garðyrkjufólki er staðurinn mjög kær og ýmislegt sem hefur verið nýtt við kennslu og starfsemina þar í gegnum tíðina hefur komið þangað sem gjöf frá garðyrkjufólki.“

Horft á samstarf við aðrar menntastofnanir?

„Forsvarsmenn félagsins líta mjög til þess að eiga gott samstarf við fyrirtæki, félög og menntastofnanir á öllum skólastigum. Það er mjög mikilvægt að greiða götu þeirra sem vilja menntast og starfa í garðyrkju. Með auknum áherslum á garðyrkjuafurðir, umhverfismál, lýðheilsu og sjálfbærni eykst þörfin fyrir fólk sem kann til verka við ræktun og skyld störf. Þetta þýðir að við þurfum að byrja fyrr að kynna garðyrkju og ræktun fyrir fólki, styðja vel við þá sem starfa á vettvangi garðyrkjunnar og auka möguleika þeirra sem vilja halda áfram í námi, innan lands og utan. Við horfum á námið og atvinnulífið sem sterka heild sem vinni samhent að sameiginlegum markmiðum. Það er gaman að segja frá því að síðan tilkynnt var um stofnun félagsins hafa fjölmargir haft samband og lýst yfir vilja til samstarfs við Garðyrkjuskóla Íslands með ýmsu móti,“ segir Gunnar.

Tilkynnt um samstarf LbhÍ við tvær stofnanir

Í kjölfarið af fréttum af stofnun Garðyrkjuskóla Íslands vakti athygli að Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor LbhÍ, sendi út tvær tilkynningar með skömmu millibili um samstarf LbhÍ við aðrar stofnanir er varðar garðyrkjunám. Annars vegar var um að ræða undirritun samstarfssamninga Fjölbrautaskóla Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands um sameiginlega náttúrufræðibraut og búfræði/garðyrkjusvið til stúdentsprófs. Hin tilkynningin er um þjónustusamning sem undirritaður var á milli GRÓ Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu og Landbúnaðarháskóla Íslands í síðustu viku. Landgræðsluskóli GRÓ er ætlaður fyrir nemendur frá þróunarlöndum sem hluti af þróunaraðstoð íslenskra stjórnvalda. **–Sjá nánar á bls. 4.**

/HKr.

Nám í Garðyrkjuskólanum á Reykjum í uppnámi og starfsmenn uggandi um framtíð skólans:

Telja að Garðyrkjuskóli Íslands gæti verið lausn á aðsteðjandi vanda

– Rektor LbhÍ telur stofnun nýs skóla til marks um aukinn áhuga á garðyrkju

Starfsmenn Garðyrkjuskólans á Reykjum líta ekki á stofnun nýs garðyrkjuskóla sem vantraust á þeirra störf. Guðríður Helgadóttir, fyrrverandi staðarhaldari á Reykjum, segir að starfsmenn þar hafi átt mjög gott samstarf við atvinnulífið í garðyrkju í gegnum tíðina.

„Hins vegar hefur atvinnulífið haft verulegar áhyggjur af nýrri stefnu og skipulagi skólans hvað garðyrkjunámið varðar og þeir starfsmenn sem sinna kennslu í garðyrkjugreinum hér á Reykjum verið sammála atvinnulífinu í öllum aðalatriðum,“ segir Guðríður, sem er garðyrkjufræðingur og í kennarahópi skólans.

Garðyrkjunám á Reykjum í uppnámi

„Við starfsmenn teljum að garðyrkjunámið verði aldrei rekið nema í góðu samstarfi við atvinnulífið í garðyrkju og þar sem atvinnulífið hefur lýst því yfir að það sjái ekki samstarfsgrundvöll við núverandi stjórn Landbúnaðarháskóla Íslands að þá sé garðyrkjunámið hér við skólann í miklu uppnámi.

Guðríður Helgadóttir er fyrrverandi staðarhaldari Garðyrkjuskólans á Reykjum. Hún er nú í kennarahópi skólans. Mynd / smh

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir er rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Mynd / Aðsend

Við höfum verulegar áhyggjur af stöðu námsins en vonum að stjórnvöld og atvinnulífið finni góða og farsæla lausn á framtíð garðyrkjumenntunar á framhaldsskólastigi í landinu, það bráðvantar fólk með þessa menntun til starfa. Stofnun Garðyrkjuskóla Íslands gæti verið lausnin á þeim vanda sem steðjar að garðyrkjunáminu við núverandi aðstæður,“ segir Guðríður og bætir við að þetta sé almenn skoðun starfsmanna á Reykjum.

Stofnun nýja skólans til marks um vaxandi áhuga

Í svari Ragnheiðar I. Þórarinsdóttur, rektors Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ), við fyrirspurn um viðbrögð hennar við stofnun hins nýja garðyrkjuskóla, kemur fram að LbhÍ telji að stofnun þessa félags sé merki um það hversu vaxandi atvinnugrein garðyrkja er.

„Það sýnir að það starf sem Landbúnaðarháskólinn hefur innt af hendi er að skila sér í auknum áhuga á garðyrkjunni,“ segir í svari Ragnheiðar.

„Landbúnaðarháskólinn vonast til að stofnun félagsins efli aðsókn í námið enn frekar. Það þarf að efla nýliðun í greininni og þörf á því að ná til unga fólksins sérstaklega. Metaðsókn er í garðyrkjunám Landbúnaðarháskólans á Reykjum þetta árið, alls bárust 144 umsóknir og hafa þær aldrei verið jafn margar í sögu skólans,“ bætir hún við.

/smh

Appotek.is

Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land*

Netapótekið er á vefslóðinni www.appotek.is
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum

Í Appótekinu (appotek.is) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.

Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið (appotek.is) er netapótek Garðs Apóteks
*Sjá nánari skilmála á appotek.is

GARÐS APÓTEK -rétt leið

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS

GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: gardsapotek@gardsapotek.is
Vefsíða: gardsapotek.is · Netapótek: appotek.is · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

FRÉTTIR

„Búið að stela Landgræðsluskólanum“

– segir Árni Bragason landgræðslustjóri og er mjög ósáttur við að skólinn hafi verið gerður að deild í Landbúnaðarháskólanum

Um Landgræðsluskólann sem stofnað er til af frumkvæði Landgræðslunnar var í gildi fjórhliða samningur á milli utanríkisráðuneytisins, Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Landgræðslunnar og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar var landgræðslustjóri formaður stjórnar Landgræðsluskólans. Nú er þetta fyrirkomulag gjörbreytt og segir Árni Bragason landgræðslustjóri í samtali við Bændablaðið að búið sé að stela skólanum af Landgræðslunni.

Breytt fyrirkomulag felst í því að Landgræðsluskólinn heyri nú undir stofnun sem heitir GRÓ Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu. Auk þess að vera eins konar regnhlíf í samstarfi við UNESCO yfir Landgræðsluskólanum, þá heldur GRÓ utan um Sjávarútvegsskólann, Jarðhitaskólann og Jafnréttisskólann.

Árni Bragason.

Höfuðstöðvar Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Mynd / HKr.

Landgræðsluskólinn gerður að deild í LbhÍ

„Á fundi í júní tilkynnti GRÓ að það yrði samið við Landbúnaðarháskólann en ekki Landgræðsluna um rekstur skólans. Síðan ætti Landbúnaðarháskólinn að leita til okkar um samning. Ég vil orða það þannig að það er búið að stela Landgræðsluskólanum frá Landgræðslunni því það vorum jú við sem settum hann upphaflega af stað. Nú er búið að gera hann að deild í Landbúnaðarháskólanum,“ segir Árni Bragason landgræðslustjóri.

Furðulegt að sniðganga fagstofnunina

„Ég var mjög ósátur við þetta og reyndi allt sem ég gat til að fá þessu breytt á þann hátt að það yrði bæði gerður samningur við Landgræðsluna og Landbúnaðarháskólann.

Ég get ekki neitað því að ég er verulega ósáttur við að rektor LbhÍ skyldi skrifa undir þennan samning og gangast undir að Landgræðsluskólinn yrði gerður að deild í Landbúnaðarháskólanum. Með þessu er búið að kasta fagstofnuninni út sem er mjög óeðlilegt í ljósi þess að starfsfólk Landgræðslunnar hefur staðið fyrir um það bil 60% af kennslunni. Þá verja nemendurnir einum þriðja af sínum tíma hjá Landgræðslunni og þau námskeið sem haldin hafa verið á vegum Landgræðsluskólans erlendis, hafa nánast alfarið verið borin uppi af starfsfólki Landgræðslunnar. Það er því vægast sagt furðulegt að sniðganga fagstofnunina í þessu dæmi,“ segir Árni Bragason. */HKr.*

Verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður farið af stað:

Sauðfjárbú gera aðgerðaráætlun til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni

– Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda, er til fimm ára og stefnt á fjölgun búa í fleiri greinum landbúnaðar

Loftslagsvænn landbúnaður er samstarfsverkefni stjórnvalda, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og vegna landnýtingar og auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri. Í vor voru fimmtán sauðfjárbú valin til þátttöku í verkefninu og Berglind Ósk Alfreðsdóttir, ráðunautur í loftslags- og umhverfismálum, fengin til verkefnastjórnunar.

„Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Í verkefninu fá sauðfjárbændur heildstæða ráðgjöf og fræðslu um hvernig hægt er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu,“ segir Berglind Ósk. Gert er ráð fyrir að ávinningurinn af þátttöku í verkefninu verði betri og loftslagsvænni landbúnaður.

Hvert bú setur sér aðgerðaráætlun

Námskeiðahald vegna verkefnisins var í febrúar- og marsmánuðum. Í kjölfar þeirra var auglýst eftir þátttöku búa en sauðfjárbú í gæðastýringu áttu kost á þátttöku í verkefninu. Að sögn Berglindar Óskar hófst svo verkefnið formlega þegar bændurnir, sem höfðu verið valdir til þátttöku, hittu ráðgjafa RML, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar á vinnufundum. „Hvert bú setur sér aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þar sem aðgerðirnar eru mótaðar af þátttakendum sjálfum og þeim tækifærum til loftslagsvænna aðgerða sem eru hjá hverjum og einum. Aðgerðaráætlun hvers þátttökubús er lifandi skjal, þar sem skoðaðar eru sem flestar leiðir til þess að gera búrekstur og landnýtingu loftslagsvænni. Lagt er mat á fýsileika aðgerða og hversu miklum árangri þær eru líklegar til þess að skila, annars vegar í upphafi verkefnisins og svo eftir því sem því líður fram,“ segir hún.

Þátttakendur á námskeiðum í Gunnarsholti.

Þátttakendur á námskeiðunum á Hvanneyri.

Bæirnir sem taka þátt eru dreifðir um allt land.

Þátttakendur á námskeiðunum á Mývatni.

Dregið úr losun og kolefnisbinding

Berglind Ósk segir að í aðgerðaráætlunum séu aðgerðir sem annars vegar lúta að því að dregið sé úr losun gróðurhúslofttegunda og hins vegar aðgerðir sem auka kolefnisbindingu. Í fyrri flokknum eru metnir möguleikar á sex aðgerðum; bætt nýting tilbúinna áburðarefna og frekari nýting lífrænna áburðarefna, möguleikar á ræktun niturbindandi jurta, minni olíunotkun, verndun jarðvegs við jarðvinnslu, endurheimt votlendis og draga úr innyflagerjun búfjár.

Í þeim seinni eru metnir möguleikar til uppgræðslu, endurheimt skóglendis (birkiskóga og víðikjarrs), skjólbeltaræktun og ræktun hagaskóga og ræktun timburskóga. Þátttakendur eru einnig hvattir til þess að hugsa út fyrir rammann og koma með nýjar hugmyndir að loftslagsvænum aðgerðum, en möguleikarnir eru miklir, til dæmis er hægt að koma með aðgerðir sem snúa að hringrásarhagkerfinu, minni plastnotkun og endurnýtingu.

„Þessum fimmtán búum verður fylgt eftir í fimm ár, en fyrirhugað er að nýr hópur þátttakenda verði tekinn inn í verkefnið á næsta ári og vonandi bætast þá fleiri búgreinar við. Ég hlakka til að vinna með þátttökubúunum í þessu verkefni. Bændurnir búa við misjafnar aðstæður og hafa þar af leiðandi mismunandi leiðir hver um sig til að ná árangri í loftslagsmálum,“ segir Berglind Ósk.

Þátttakendur eru bændur úr öllum landsfjórðungum þar sem fjölbreyttur búskapur er stundaður. */smh*

Berglind Ósk Alfreðsdóttir.



Endurgreiðsla einu sinni á ári

Á hverju ári geta tjónlausir viðskiptavinir okkar fengið endurgreiðslu.

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.200 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Hinir óæðri

Það eru mikil átök í fræðslumálum sem snerta landbúnaðinn um þessar mundir. Má segja að þau átök kristallist í því að fagfólk í garðyrkju hafi séð sig knúið til að stofna Garðyrkjuskóla Íslands.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi hefur margoft komist í umræðuna á liðnum árum vegna fjársveltis. Einhvern veginn hefur þótt við hæfi að skilja þennan fagskóla garðyrkjunnar eftir úti á jaðrinum þegar komið hefur að viðhaldi og endurbótum húsnæðis. Á sama tíma hefur ekkert skort á fjármagn við byggingu bóknámsskóla og skóla á háskólastigi. Það að færa skólann á Reykjum undir háskólastigið og gera hann að einingu í Landbúnaðarháskóla Íslands virðist alls ekki hafa lagað ástandið heldur þvert á móti.

Fagskóli í garðyrkju stendur í eðli sínu mun nær iðnskólum og í sumum greinum skrúðgarðyrkjunnar skarast námið meira að segja við iðngreinar eins og múrverk. Í þessu eðli skólans liggur sennilega hundurinn grafinn. Það hefur nefnilega verið lenska hjá pólitískum ráðamönnum í menntakerfinu áratugum saman að flokka skóla í virðingarstiga, meðvitað eða ómeðvitað. Þannig hafa verkmenntaskólar eins og iðnskólar og aðrir skólar af þeim toga nær alltaf átt undir högg að sækja. Greinilegt er líka að litið hefur verið á fólk sem útskrifast með fagmenntun sem óæðri persónur í menntakerfinu en það fólk sem útskrifast með háskólagráður upp á vasann. Þetta hafa verið eins og skítugu börnin hennar Evu, eins og sést best á því að skólar á háskólastigi hafa gjarnan verið nefndir „æðri“ menntastofnanir. Jafnvel þótt háskólagráðufólkið þurfi svo að ganga um atvinnulaust árum saman vegna offramboðs í einhverri greininni.

Vonir hafa verið bundnar við það á síðustu árum og misserum að ráðamönnum væri að takast að snúa þessari misskiptingu í menntakerfinu við. Enda hefur blasað við eftir efnahagshrunið 2008 að þjóðina sárvantaði fleiri hendur til starfa með þekkingu í faggreinum.

Þegar aðkeypts vinnuafls fagmenntaðs verkafólks naut ekki lengur við eftir hrunið kom í ljós að margar greinar þjóðfélagsins voru nær óstarfhæfar. Skortur var á menntuðum bifvélavirkjum, múrurum, smiðum, rafvirkjum, pípulagningamönnum, fisktæknifólki og fólki í fjölda annarra iðngreina. Það var hins vegar lítil eftirspurn eftir sprenglærðum hagfræðingum með fullri virðingu fyrir því fagi.

Meðal hugmynda um endurreisn þjóðfélagsins var að stórefla landbúnað og þá ekki síst garðyrkjuna. Gallinn var bara að þarna truflaði pólitíska hugsunin um mikilvægi menntagreina framgöngu málsins. Í stað þess að fara á fullt í að efla fagmenntun í garðyrkjunni virðist þetta hafa farið að snúast um að setja garðyrkjunámið sem hækju undir rekstur menntastofnunar á háskólastigi. Það var vísasta leiðin til að drepa upprunalegan tilgang með skóla eins og Garðyrkjuskólanum á Reykjum.

Landgræðslustjóri hefur nú einnig blásið í viðvörunarflautur varðandi annan skóla sem er með snertiflöt við landbúnaðinn, eða Landgræðsluskólann. Þar gagnrýnir hann einmitt þann verknað að gera þann skóla, sem byggt hefur verið að mestu á fagþekkingu starfsmanna Landgræðslunnar, að deild í Landbúnaðarháskóla Íslands.

Er ekki tími til kominn að yfirmenn menntamála í landinu fari alvarlega að hugsa sinn gang þegar horft er til iðn-, tækni- og annarrar fagmenntunar í landinu? Það fólk er ekkert ómerkilega en aðrir þegnar þjóðfélagsins, ekki frekar en rauðhærðir eða fólk með annan litarhátt en hvítan. */HKr.*

Göngur og réttir með öðrum brag

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

Nú líður að því að bændur fari til fjalla og smali saman búfénaði sem gengið hefur á fjall í sumar. Haustið er annatími til sveita og hefur dregið að brottflutta og aðra áhugasama um réttir, hvort sem er fjárréttir eða stóðréttir. En allt er í heiminum hverfult og nú á tímum kórónuveirunnar þarf að setja fjöldatakmarkanir og gera fleiri viðeigandi ráðstafanir.

Landssamtök sauðfjárbænda og Bændasamtökin hafa í samstarfi við landlæknisembættið, Almannavarnir og Samband íslenskra sveitarfélaga unnið að leiðbeiningum hvernig við högum þessari vinnu svo alls öryggis sé gætt. Í blaðinu má finna leiðbeiningar um hvernig best er að framfylgja reglunum. Eins eru upplýsingarnar birtar á bondi.is og saudfe.is. Ein af þessum reglum er að ekki skulu aðrir koma til rétta en þeir sem þurfa að vera þar við vinnu. Þetta þýðir því miður að gestir þurfa að sitja heima í ár og er sannarlega breyting frá því sem við erum vön í gegnum aldirnar. En í þessu eins og öðru virðum við settar reglur og vöndum okkur til að gæta að heilsu manna.

Matvælasjóður í startholunum

Stjórn Matvælasjóðs hefur unnið að úthlutunarreglum á síðastliðnum vikum. Þær verða birtar á vef sjóðsins þegar auglýst verður eftir umsóknum á næstu dögum. Ég vil hvetja alla sem hafa eitthvað sem þeir vilja þróa eða vinna áfram með í tengslum við matvæli eða aðrar afurðir að sækja um. Það eru mörg tækifæri í íslenskum landbúnaði sem við verðum að nýta okkur. Tæknin er á fleygiferð og fjórða iðnbyltingin handan við hornið sem veitir landbúnaðinum mörg tækifæri til framþróunar. Þar liggja í mínum huga ótrúleg sóknarfæri sem vert er að nýta til hagræðingar í greininni, hvort sem er í frumframleiðslu eða í afurðastöðvum.

Félagskerfi bænda

Endurskipulagning félagskerfis bænda hefur verið á borði stjórnar BÍ nú á sumarmánuðum. Unnið hefur verið úr þeim hugmyndum og tillögum sem komið hafa frá búgreinafélögum, búnaðarsamböndum og framkvæmdastjórum búgreinafélaganna. Stjórn var sammála um það að til að vinna málið áfram yrði samið við KPMG um ráðgjöf. Sú vinna er komin vel á veg og er stefnt á að í lok mánaðarins verði kominn rammi utan um verkefnið. Ég sagði í leiðara fyrr á þessu ári að í framhaldi af þessari vinnu yrði boðað til funda með bændum víðs vegar um landið. Það er enn stefnt á það en í ljósi þess að vinnan hefur heldur dregist þá stefnum við á að hefja fundina upp úr mánaðamótum september/október.

Tekjufall í ferðaþjónustunni

Það er viðbúið að næsti vetur verði mörgum erfiður, þar horfum við til vanda ferðaþjónustubænda sem sjá nú fram á enn minni tekjur af ferðamönnum en vonir stóðu til í upphafi vors. Við höfum rætt við félagsmálaráðuneytið hvernig við nálgumst einyrkja í stöðunni og er mér sagt að verið sé að vinna að tillögum í þeim efnum. Ég vona svo sannarlega að við fáum einhver viðbrögð fyrr en síðar. Það er mikið áhyggjuefni að landinu hafi nánast verið lokað með síðustu aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Ekki ætla ég að setjast í dómarasæti í því máli en það eru mjög margir sem hafa treyst á tekjur af ferðamönnum sem sitja nú eftir með sárt ennið.

Atvinnustefna fyrir landið allt

Bændur hafa kallað eftir landbúnaðarstefnu sem vonandi verður farið að vinna að í bráð. En er ekki nauðsynlegt fyrir íslenska þjóð að móta atvinnustefnu í heild sinni svo við horfum til meiri framleiðni í hagkerfinu? Ekki er síður vandi í öðrum greinum, eins og loðdýrarækt, þar sem bændur hafa ekki getað selt afurðir á þessu ári. Ríkisstjórnin samþykkti á vordögum 80 milljóna stuðning inn í greinina. Það var fagnaðarefni en enn bólar ekkert á hvernig þetta verður útfært. Eftir sitja framleiðendur með dýr á fóðrum og takmarkað fjármagn til fóðurkaupa. Þessu verður að kippa í liðinn, helst í gær.

Ég vona að bændur og búalið eigi ánægjulegt haust og væna dilka af fjalli. Munum bara að „hlýða Víði“ sem fyrr og að við erum öll almannavarnir.



ÍSLAND ER LAND ÞITT

Á klettadrangnum Stóra-Karli undir Skoruvíkurbjargi á Langanesi er annað mesta súluvarp landsins. Útsýnispallur var tekinn í notkun í Skoruvíkurbjargi 2014. Hann er mikið járnvirki sem skagar fram af brún Skoruvíkurbjargs í námunda við Stóra Karl, eða Karlinn eins og hann er jafnan nefndur í daglegu tali. Af pallinum er fyrirtaks útsýni yfir þá einstöku súlubyggð sem þarna er. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Þær virðast áhyggjulausar ærnar og lömbin sem þarna eru í grösugum haga á Fjallabaksleið nyrðri. Þær virðast líka kæra sig kollótta yfir vangaveltum um hvort gestir fái að vera fleiri eða færri vegna COVID-19 þegar þær verða reknar í réttir innan skamms. Hvað gerist svo eftir að búið er að draga í dilka og hvort erlent starfsfólk skili sér í sláturhús landsmanna eins og venjulega, er síðan örugglega lítið til umræðu í þessum fjárhópi.
Mynd / Guðjón Einarsson

Smölun og réttir, er það eitthvað ofan á brauð?

Vestfirska ærin og lambið hér til hliðar virðast álíka áhyggjulaus og kindurnar á Fjallabaksleið nyrðri um yfirvofandi smölun, réttir og sláturtíð.

Þarna eru mæðginin (ef rétt er kyngreint) að háma í sig þara til að krydda upp á annars tilbreytingarlítið grasið sem vex í hlíðum Spillis við utanverðan Súgandafjörð. Þau búa öllu betur en féð á Fjallabaksleið sem á enga möguleika á að næla sér í sölt og steinefni sem finna má í vestfirskum fjörum. Í Súgandafirði er stutt á milli fjalls og fjöru og því auðvelt að hafa mikla tilbreytingu í fæðuvali þegar svo ber undir og fá úrvals krydd í kroppinn. */HKr.*

Nýr glæsilegur útsýnispallur við Hrafnagjá á Þingvöllum

Nýlega hittust Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra, Vilhjálmur Árnason, varaformaður Þingvallanefndar, og Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, til að opna fyrir aðgengi að nýjum útsýnispalli við Hrafnagjá í austanverðum þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Útsýnisstaðurinn er sérstaklega glæsilegur og útsýnipallurinn veglega byggður og af honum blasir við nýtt sjónarhorn yfir sigdældina frá austri til vesturs. Landslag hannaði útsýnispallinn en smíðin og framkvæmdin var í höndum Andra Þórs Gestssonar húsasmíðameistara og Kolbeins Sveinbjörnssonar, vélsmíðameistara og verktaka á Heiðarási í þingvallasveit. Kostnaður við framkvæmdina var um 19 milljónir króna og er hluti af verkefnaáætlun um landsáætlun um uppbyggingu innviða.

„Að lokinni opnun á útsýnispalli við Hrafnagjá var farið í gestastofu á Hakinu þar sem kynning verður á fyrstu hugmyndum í deiliskipulagi á mest heimsótta svæði þjóðgarðsins sem nær frá Valhallarreitnum að þjónustumiðstöð á Leirum.

Meginmarkmið deiliskipulagsins er að tryggja vernd einstakrar náttúru og menningarminja. Stefnt er að því að draga úr umferð neðan við Almannagjá en skipuleggja megin aðkomu og bílastæði ofan við gjána og meðal annars eru komnar fram hugmyndir um nýja aðkomu að þingstaðnum forna um nýja gönguleið fram af brún Almannagjár norðan við Öxarárfoss," segir Einar Á.E.Sæmundsen þjóðgarðsvörður.

Útsýnispallurinn er við þjóðveginn í austanverðri sigdældinni á brún Hrafnagjár, um 6 km austan við þjónustumiðstöðina og um 2 km vestan við Gjábakka. Kynningin á hugmyndum í deiliskipulagi verður svo í kjölfarið í gestastofu á Haki. */MHH*

Nýi útsýnispallurinn við Hrafnagjá er glæsilegur í alla staði og á örugglega eftir að vera mikið notaður næstu árin af ferðamönnum á Þingvöllum.
Myndir / Þingvallaþjóðgarður

Klippt á borðann, Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður ásamt Guðmundi Inga umhverfisráðherra og Vilhjálmi Árnasyni, varaformanni Þingvallanefndar, og tveimur landslagsvörðum þegar nýi útsýnispallurinn var formlega vígður.

MÆLT AF MUNNI FRAM

256

Í þessum þætti, líkt og þeim síðasta, kynni ég lesendum kveðskap manns, sem ekki hefur áður átt kveðskap hér inni, allavega ekki í minni umsjá.
Ármann Þorgrímsson er þó ekki að hefja sinn vísnakveðskap. Fáa trúi ég núlifandi sem lengur hafa fengist við vísnagerð, og eru svo virkir sem Ármann er enn í dag. Hann er fæddur í Garði í Núpasveit 10.01.1932 og því 88 ára orðinn. Móðir hans, **Guðrún Guðmundsdóttir**, var frá Garði, en faðir hans, **Þorgrímur Ármannsson**, frá Hraunkoti í Aðaldal. Margt hefur Ármann fengist við á langri ævi, en þekktastur þó sennilega fyrir húsgagnasmíði sem hann hóf að nema árið 1948. Fyrir þá sem ekki eru fylgjendur Ármanns á Facebook í dag má þess geta, að nánast hvern einasta dag birtir hann þar ferskeytlur sínar, forkunnar vel gerðar og oftast um skoplegar hliðar hins daglega lífs. Fyrst verður hér þó fyrir gamalt ljóðkorn sem hagyrðingurinn orti undir fágætri bragfimi:

Eg hef farið oft á hausinn,
óteljandi spörk í dausinn
fékk ég meðan flatur lá.
Fáir sýndu miskunn þá.
Við banasár mér bregður ekki,
býsna marga dauða þekki,
flokkinn bráðum fæ að sjá,
farareyri nægan á.

Næstu tvær vísur sem eru samstæðar, eru ein mesta gersemi sem ég hef lengi litið, þær eru glænýjar og formálinn: „Standa á manni öll járn."

Gefur nú á bæði borð,
bragarorkan dvínar,
vantar finnst mér alltaf orð
í yrkingarnar mínar.

Ein er báran aldrei stök,
aðrar fylgja henni,
er að missa áratök,
aflsmunar ég kenni.

Yfirskriftin að næstu vísu: „Náttúran segir stopp."

Nú má víða neyðaróp
náttúrunnar heyra.
Hún sem áður okkur skóp
ekki þolir meira.

Ármann lítur til baka, nokkuð sáttur:

Þó að fenni í flest mín spor
fáa held ég saki,
en áttatíu og átta vor
á ég mér að baki.

Í október á liðnu ári er **Ármann** á leið með ruslið út í tunnu:

Ef að lífið einfalt væri
ekki neitt í súginn færi,
tapast myndu tækifæri
til að græða meira fé;
-tel ég þetta sannað sé.

Alltaf viljum eitthvað meira,
okkur stjórnar þessi veira,
ásælumst við fleira og fleira
frelsið til þess skelfir mig;
-allir hugsa um sjálfan sig.

Skiljanlega verða hinum aldna hagyrðingi skapadægrin efni til yrkinga:

Örlögin ég ekki flý,
efsta degi fagna,
sýnist komið sé að því
að söngvar mínir þagna.

Í fádæma illviðrum síðasta vetrar orti **Ármann**:

Á mér veðrið ekki hrín,
einhver finnst þó leiði.
Eftir páska á mig skín
aftur sól í heiði.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Fjögur Angus-naut seld á tæplega 12 milljónir króna

Föstudaginn 7. ágúst voru opnuð tilboð á skrifstofu Búnaðarsambands Selfoss í Angus-nautin sem auglýst voru til sölu í Bændablaðinu 16. júlí síðstliðinn.

Alls bárust 44 tilboð frá 11 búum. Nautin fjögur seldust á tæplega 12 milljónir króna, eða samtals á 11.751.777 krónur. Hæstu tilboðin voru eftirfarandi:

Máttur 19404 kr. 2.522.000
Haukur 19401 kr. 2.430.000
Eiríkur 19403 kr. 2.167.777
Valur 19402 kr. 2.110.000

/MHH

Matvælastofnun ákallar ferðamenn:

Varar við smiti afrísku svínapestarinnar

Matvælastofnun hefur sent frá sér tilmæli til ferðamanna til að reyna að hindra að smit afrísku svínapestarinnar berist til Íslands.

Um er að ræða bráðsmitandi drepsótt í svínum sem hefur dreifst með villtum svínum um Asíu, Afríku og Evrópu. Ekki er til nein meðhöndlun við sjúkdómnum og ekki er hægt að verjast honum með bólusetningum. Veiran sem veldur sjúkdómnum er ekki hættuleg fyrir fólk eða önnur dýr en veldur svínum þjáningum og dauða. Tjón fyrir landbúnað er gífurlegt þar sem sjúkdómurinn kemur upp. Sem dæmi þá hafa milljónir svína drepist í Kína úr þessum sjúkdómi.

Veiran sem veldur afríkskri svínapest getur m.a. borist með sýktum svínum og sæði, hráu kjöti af sýktum dýrum, farartækjum, búnaði, fatnaði o.fl. Þeir sem geta borið veiruna á milli landa eru m.a. ferðamenn. Matvælastofnun skorar á ferðamenn að hjálpa til við að hindra að afrísk svínapest berist til landsins og setur fram eftirfarandi leiðbeiningar:

Afríska svínapestin hefur reynst svínastofnum heimsins mjög skæð. Engin lækning er til við sjúkdómnum.

- Ekki hafa meðferðis matvörur sem innihalda svínakjöt, eins og skinku og pylsur
- Ef þú ert með þessar matvörur, verður þú að framvísa þeim í tollinum (eins og gildir um allar dýraafurðir)
- Ef þú ferð í göngu, lautarferð eða jafnvel á veiðar, forðastu alla snertingu við svín og ekki láta nein dýr komast í mataraf-gangana þína
- Og gleymdu ekki að þvo skóna þína vel áður en þú ferð heim.

/HKr.

Nú hefur umferð dregist saman um ríflega 12% frá áramótum miðað við sama tímabil á síðasta ári. Þetta er lang mesti samdráttur sem mælst hefur miðað við árstíma. Mynd / HKr.

Stefnir í 10% samdrátt í umferðinni í ár

Umferðin á Hringveginum í nýliðnum júlímánuði dróst saman um 3,4 prósent frá sama mánuði fyrir ári síðan. Umferðin var eigi að síður 13% meiri í júlí en hún var í nýliðnum júnímánuði.

Líklega munar mestu um aukinn sumarfrísakstur landsmanna en einnig hefur ferðamönnum fjölgað og þar með umferð þeirra á vegunum. Útlit er fyrir að gríðarlegur samdráttur verði í ár og gæti hann numið 10% þegar upp er staðið.

Íslendingar tóku greinilega vel við sér í júlímánuði hvað akstur varðar, en umferð stórjókst á vegum frá því sem hún var í júní. Það dugði þó ekki til að slá út umferð í júlí í fyrra, en umferð í júlí nú var 3,4% minni en var í júlí í fyrra.

Umferðin dróst saman á öllum landsvæðum en mestur reyndist samdrátturinn á Austurlandi, eða 8,3%, en minnst dróst umferðin saman í lykilsniðum í grennd á og við höfuðborgarsvæðið eða um 0,9%. Örlítið meiri umferð var um Hellisheiði í júlímánuði í ár miðað við í fyrra og er það eini staðurinn þar sem mældist aukning. Hún var hins vegar óveruleg, eða 0,4%. Mestur samdráttur mældist í sniði á Mývatnsheiði, eða 26,3%.

12% samdráttur frá áramótum

Nú hefur umferð dregist saman um ríflega 12% frá áramótum miðað við sama tímabil á síðasta ári. Þetta er langmesti samdráttur sem mælst hefur miðað við árstíma, eða tvöfalt meiri en hann hefur áður mælst. */MÞÞ*

Skimun fyrir sjúkdómsvaldandi örverum í kjöti á smásölumarkaði:

Örverufræðilegt ástand gott í íslenskum kjötafurðum

– Vísbendingar þó um að STEC-bakteríur séu hluti af bakteríuflóru sauðkindarinnar

Matvælastofnun hefur gefið út skýrslu þar sem niðurstöður er að finna úr skimun fyrir sjúkdómsvaldandi örverum í kjöti á íslenskum markaði á síðasta ári. Niðurstöðurnar sýna að örverufræðilegt ástand er almennt gott hvað varðar salmonellu og kampýlóbakter. Shigatoxín-myndandi E.coli (STEC) greinist hins vegar í íslenskum sauðfjárafurðum, en það er bakteríustofn sem getur myndað eiturefni og valdið veikindum hjá fólki.

Tilgangur sýnatökunnar var að skima fyrir sjúkdómsvaldandi örverum í afurðum þegar neytandinn fær þær í hendur og fór því sýnatakan fram í smásöluverslunum. Í skýrslunni kemur fram að vísbendingar séu um að sá STEC-stofn sé hluti af náttúrulegri flóru sauðfjár. Samsvarandi skimun var gerð hér á landi í fyrsta sinn árið 2018.

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að í ófrosnu kjúklingakjöti greindist ekki salmonella. Kampýlobakter greindist hins vegar aðeins í litlu magni í þremur sýnum af frosnu kjúklingakjöti. Salmonella greindist ekki í nautgripakjöti. Salmonella (Salmonella Kedougou) greindist í einu sýni af innlendu svínakjöti. Dreifing var stöðvuð og kjötið tekið af markaði og innkallað frá neytendum.

STEC meinvirknigen greinst í nautgripum og sauðfé

STEC meinvirknigen greindist í 22 prósenta sýna af kjöti af sauðfé og þar af ræktaðist E.coli, sem bar meinvirknigen úr 14 prósenta sýnanna. Árið áður greindist STEC meinvirknigen í um 30 prósenta sýnanna og E.coli með meinvirknigen ræktaðist úr 16 prósenta sýnanna.

Árið 2018 var einnig skimað fyrir STEC í nautgripakjöti og greindist þá STEC meinvirknigen í um 11 prósenta sýnanna.

Í skýrslunni kemur fram að eftirlit með salmonellu og kampýlóbakter á fyrri stigum matvælakeðjunnar sé öflugt hér á landi.

Í lokaorðunum segir að ljóst sé að vakta þurfi reglulega STEC í kjöti og skerpa á fyrirbyggjandi aðgerðum í sláturhúsum og kjötvinnslum til að minnka líkur á að STEC berist í kjötið. Dóra S. Gunnarsdóttir, einn höfunda skýrslunnar, segir að talið sé að þetta sé ekki ný staða að þessi STEC-stofn sé hluti af náttúrulegri flóru sauðfjár. „Það var hins vegar skimað fyrst fyrir STEC árið 2018, þannig að við vitum ekki hvernig staðan var fyrir þann tíma.

Aðferðir til skimunar byggjast á PCR tækni, það er skimun á erfðaefni bakteríunnar. Lifandi E. Coli baktería sem í var eitthvað af þessum genum greindist í 24 sýnum af 148 árið 2018 og í 21 sýni af 146 árið 2019. Aðferðin er næm og hægt er að greina E. Coli þó að þær séu mjög fáar, til dæmis bara ein í sýninu. Þegar verið er að skima, eða leita að bakteríum með hefðbundinni ræktunaraðferð þarf ákveðinn fjöldi að vera til staðar og greiningarmörk eru oft meira en tíu bakteríur í grammi, segir Dóra.

Nauðsynlegt að gegnumsteikja hamborgara

Þegar hún er spurð hvort staðan sé sú að það þurfi nú að fara að umgangast nauta- og lambakjöt eins og fólk hefur vanist að gera varðandi kjúklinga- og svínakjöt – til að varast salmonellusmit – segir hún að ef raunin sé sú að STEC-bakteríurnar séu til staðar í náttúrulegri flóru sauðfjár og nautgripa þá geti þær borist í kjöt við slátrun. „Ef þær ná að fjölga sér í kjöti við geymslu þá geta þær valdið sýkingum í fólki. Örverurnar

sitja á yfirborði kjöts. Við hökkun dreifast þær um kjötið og eiga auðveldara með að fjölga sér séu skilyrðin hagstæð, svo sem hitastig. Því er mikilvægt að gegnumsteikja hamborgara þannig að þeir nái 72 gráðu kjarnhita.

Fyrirbyggjandi aðgerðir eru mikilvægar til að lágmarka hættu á að bakteríur berist í kjöt og nái að fjölga sér. Það er mikilvægt að gripir sem koma til slátrunar séu hreinir og að aðferðir við fláningu og við innanúrtöku séu þannig að komið sé í veg fyrir að óhreinindi á skinni og innihald meltingarvegar mengi kjötið. Eftir slátrun og við meðhöndlun kjöts er mikilvægt að viðhalda kælingu kjötsins á öllum stigum meðferðar og dreifingar.“

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Matvælastofnun, í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, skipulögðu sýnatökur árið 2019 á algengustu sjúkdómsvaldandi örverum í kjöti á markaði. Fimm stærstu heilbrigðiseftirlitssvæðin á landinu sáu um sýnatökuna. Sýni voru tekin af innlendu og erlendu kjöti í matvöruverslunum á fjölmennustu svæðum landsins. */smh*

Stóðréttir haustið 2020

Fjár- og stóðréttir verða með öðrum brag en fyrri ár vegna kórónuveirufaraldursins.

Vegna smitvarna og fjöldatakmarkana er mælst til þess að gestir komi ekki til réttarstarfa í ár. Því verður fylgt eftir að ekki séu fleiri en 100 manns við störf í einu og verður öllum sem taka þátt í göngum og réttum gert að hlaða niður smitrakningarappi almannavarna. Í leiðbeiningum vegna gangna og rétta, sem gefnar eru út af almannavörnum og fleirum, er jafnframt farið fram á að ekki sé áfengi haft um hönd.

Sjá upplýsingar um fjárréttir á bls. 28–29. */TB*

Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún.	laugardaginn 26. sept. kl. 16.00
Árhólarétt (Unadalsrétt) við Hofsós, Skag.	föstudaginn 25. sept. um kl. 13.00
Deildardalsrétt í Deildardal, Skag.	föstudaginn 25. sept. um kl. 13.00
Flókadalsrétt, Fljótum, Skag.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Fossárrétt á Skaga, A.-Hún.	laugardaginn 19. sept.
Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún.	sunnudaginn 20. sept.
Kjalarlandsrétt, A.-Hún.	laugardaginn 19. sept.
Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag.	laugardaginn 26. sept.
Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V. - Hún.	laugardaginn 5. sept.
Selnesrétt á Skaga, Skag.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag.	laugardaginn 19. sept. kl. 14.00
Skrapatungurétt í A.-Hún.	sunnudaginn 20. sept. kl. 11.00
Staðarrétt í Skagafirði.	laugardaginn 19. sept. kl. 16.00
Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsós, Skag.	föstudaginn 25. sept. um kl. 13.00
Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún.	laugardaginn 19. sept. kl. 9.00
Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún.	laugardaginn 3. okt.
Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.	laugardaginn 26. sept.

Aftur farinn að njóta þess að styðja við heilsu mína með hreyfingu

NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjást hafa af liðverkjum, stirðleika eða braki í liðum. Kristófer Valdimarsson ber því vel söguna en hann losnaði við verki í liðum og hnjám.

NUTRILENK GOLD er unnið úr sérvöldum fiskibeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af kondrótíni, kollageni og kalki og reynslan hefur sýnt að það hefur hjálpað fjölmörgum sem finna fyrir eymslum í liðum, þá sérstaklega hnjám og mjöðmum. NUTRILENK GOLD hentar vel ef brjósk hefur orðið fyrir hnjaski og með reglulegri inntöku er hægt að viðhalda árangrinum. Grundvallaratriði er þó að brjóskeyðing sé ekki alger
.

Byggingarefni brjóskvefs

Helstu innihaldsefnin í NUTRILENK GOLD er kondrótín og kalk en til þess að gera þessi innihaldsefni eins virk og kostur er, þá er það meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem byggingarefni fyrir brjóskvef. Að auki inniheldur NUTRILENK GOLD C-vítamín sem hvetur eðlilega myndun kollagens sem nauðsynlegt er til að viðhalda brjóski, D-vítamín og mangan.

- **Kondrótín sem unnið er úr fiskibeinum, aðallega hákörlum**
- **Kalk sem er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra beina.**
- **Mangan sem stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina sem og eðlilegra myndun bandvefja.**
- **D-vítamín sem stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina og vöðvastarfsemi.**
- **C-vítamín sem stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi beina og brjósks og sem einnig er þekkt fyrir að draga úr þreytu og lúa.**

Kristófer 81 árs, fór að nota Nutrilenk vegna verkja í liðum og stirðleika í hnjám með góðum árangri.

Fann strax mun

„Ég hef alla mína tíð verið svo heppinn að búa við góða heilsu og líkaminn verið hraustur. Þó verður það að viðurkennast að eftir því sem árunum hefur fjölgað á lífsleiðinni hef ég upplifað aukinn styrðleika og verki í liðamótum. Ég verð 82 árs á þessu ári og því má segja að maður hafi sannfært sjálfan sig um að sætta sig við það að gönguferðirnar styttust eða hlaupum upp og niður stigaganga fækkaði. Sársaukinn sem fylgdi því að labba upp og niður stigaganginn heima eða

„Mest selda liðbætiefni á Íslandi“

„Ég tek einungis 2 töflur á dag sem er viðhald-skammturinn og endist glasið því í 3 mánuði.“

gönguferðirnar í hrauninu var bara orðinn of mikill til þess að þessi hreyfing veitti mér sömu ánægju og áður. Það var miður, þar sem að þetta var mín leið til að halda heilsunni við.

„Sársaukinn sem fylgdi daglegri hreyfingu var orðin of mikill og farin að hafa áhrif á lífsgæðin“

segir Kristófer Valdimarsson.

Það var síðan haustið 2018 sem ég datt inn á að prófa Nutrilenk eftir að hafa séð auglýsingu í blöðunum. Ég taldi mig ekki hafa neinu að tapa en allt að vinna og því fór ég að taka inn Nutrilenk samviskusamlega skv. ráðleggingu á umbúðunum. Strax 3 vikum eftir að ég fór að taka töflurnar fann ég fyrir jákvæðum breytingum, þ.e.a.s verkirnir sem komu við álag á hnéin við gönguferðirnar mínar eða stigagangsskokkið við að ná í fréttablöðin á morgnana fóru minnkandi með viku hverri.“

Heilsuhraustur á ný

„Í dag er ég þannig að ég upplifi enga verki og er aftur farinn að njóta þess að styðja við heilsu mína með þessari hreyfingu þökk sé Nutrilenk. Ég mæli því eindregið með fólk sem er að upplifa verki í liðum prófi Nutrilenk í einhvern tíma til að sjá hvort það hjálpi því eins og það hjálpaði mér. “

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

Lífrænt RAUÐRÓFUDUFT í hylkjum

Í aldanna raðir hefur neysla á rauðrófum verið talin geta haft ýmis heilsueflandi áhrif m.a. á:

- Lækkun blóðþrýstings
- Aukið blóðflæði
- Bætta súrefnisupptöku
- Aukið úthald, þrek og orku
- Minni bólguviðbrögð
- Heilbrigðara hjarta- og æðakerfi

100% náttúrulegt án allra aukaefna – 2 hylki á dag

Nítröt í rauðrófum geta haft áhrif á blóðþrýsting. Þeir sem hafa lágan blóðþrýsting eða taka blóðþrýstingslyf ættu að ráðfæra sig við lækni áður en þeir bæta rauðrófum við mataræði sitt.

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

FRÉTTIR

Birna Þórarinsdóttir frá UNICEF, Björg Erlingsdóttir og Ásmundur Einar Daðason við undirritun samkomulagsins. Mynd / Félagsmálaráðuneytið

Svalbarðsstrandarheppur barnvænt samfélag

Svalbarðsstrandarhreppur verður barnvænt samfélag. Björg Erlingsdóttir sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps, Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra og Birna Þórarinsdóttir hafa undirritað samstarfssamning þess efnis.

Með undirskriftinni bætist Svalbarðsstrandarhreppur í ört stækkandi hóp sveitarfélaga sem hefja nú vinnu við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnsýslu sína með stuðningi félagsmálaráðuneytisins og UNICEF á Íslandi.

Mikill áhugi

Þátttaka Svalbarðsstrandarhrepps í Barnvænum sveitarfélögum er liður í að byggja upp breiðfylkingu sveitarfélaga á Íslandi sem láta sér mannréttindi barna varða, með Barnasáttmálann að leiðarljósi og auknu samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga.

Akureyrarbær hóf vinnu við að verða Barnvænt sveitarfélag árið 2016, og varð í lok maí fyrst sveitarfélaga á Íslandi til að hljóta þá viðurkenningu. Áhugi á þátttöku í verkefninu hefur verið mikill og biðlistar myndast þar sem UNICEF hefur hingað til ekki getað annað eftirspurn áhugasamra sveitarfélaga. Þetta kemur fram á vef félagsmálaráðuneytisins.

Hlakka til

Björg Erlingsdóttir, sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps, segir þar að íbúar hlakki til að hefja samstarfið um innleiðingu sáttmálans og nýta þá verkfærakistu sem þau fái aðgang að. Í Svalbarðsstrandarhreppi er rekinn leikskóli, Álfaborg, fyrir börn frá 9 mánaða aldri og grunnskóli með kennslu út 10. bekk. Markvisst sé unnið að því að styrkja nemendur þannig að þeir verði hæfari til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

/MÞÞ

Bændablaðið
Kemur næst út 10. september

Styrkir voru veittir til 15 verkefna út frumkvæðissjóði Brothættra byggða til verkefna innan verkefnisins Betri Borgarfjörður, samtals 14,4 milljónir króna. Á myndinni eru styrkþegar við úthlutun styrkjanna.
Mynd / Kristján Þ. Halldórsson

Borgarfjörður eystri:

Glimrandi góður gangur í verkefnum

– Þrjú ný fyrirtæki hefja starfsemi á svæðinu

Þrjú ný fyrirtæki hafa hafið starfsemi eða flutt starfsemi sína á Borgarfjörð eystri á undanförnum tveimur árum, eða á þeim tíma sem verkefnið Betri Borgarfjöður hefur staðið yfir. Mörg af þeim verkefnum sem íbúar settu sér þegar verkefninu var ýtt úr vör árið 2018 hafa náðst eða eru vel á veg komin.

Eitt fyrirtækjanna er Íslenskur dúnn ehf., sem sérhæfir sig í fullvinnslu á afurðum úr íslenskum æðardúni. Eitt stærsta æðarvarp á Íslandi er innan seilingar, í Sævarenda í Loðmundarfirði. Fyrirtækið Fjarðarhjól ehf. var stofnað á liðnu ári, en hjá félaginu er hægt að leiga fjallahjól og fá leiðsögn með reyndu leiðsögufólki um Borgarfjörð og nágrenni. Þá keypti borgfirskt athafnafólk harðfiskverkunina Sporð hf. frá Eskifirði á liðnum vetri og framleiðir nú bitafisk úr ýsu og steinbít sem rennur ljúflega ofan í landann.

Heilbrigðisþjónusta í heimabyggð

Eitt af þeim atriðum sem Borgfirðingar settu sér þegar verkefnið fór af stað var bætt heilbrigðisþjónusta í heimabyggð. Þeim áfanga var fagnað á liðnu hausti að hjúkrunarfræðingur tók til starfa í hálfri stöðu með aðsetur á staðnum en hefur til umráða fjarlækningatæki sem er bylting í þjónustu við íbúa. Í vor fékk vettvangsliðahópur sjúkrabíl til vörslu frá Slökkviliði Fjarðabyggðar svo viðbragðstími styttist til muna.

Búðin tveggja ára

Búðin í Borgarfirði fagnar nú tveggja ára afmæli en áður en hún var opnuð í júlí 2018 höfðu Borgfirðingar verið án matvöruverslunar í um eitt ár. Þá hafa verið stigin stór skref í vegagerð og bættum fjarskiptum á liðnum tveimur árum og öryggi á Borgarfjarðarvegi hefur stórbatnað.

Bættar samgöngur og betri fjarskipti

Vegurinn um Njarðvíkurskriður og hluta Vatnsskarðs var klæddur haustið 2019 og lýkur því verki nú á komandi hausti. Þá er forhönnun hafin á veginum frá Eiðum að Laufási en því verki var flýtt í átaki stjórnvalda vegna COVID-19 og eru verklok áætluð 2022. Lagður var ljósleiðari um sveitir Borgarfjarðar 2018 og til Njarðvíkur 2019. Vegur hefur verið lagður út í Höfn og útskotum bætt við. Þá er símasamband nú komið á á Vatnsskarði, Njarðvík og í Njarðvíkurskriðum.

Tvö ný parhús hafa verið byggð í Borgarfirði eystri og þá sótti Borgarfjarðarhreppur um stofnframlag til byggingar almennra leiguíbúða í fyrravor og var hún staðfest síðastliðið haust en byggðar verða alls fimm íbúðir. */MÞÞ*

Hálf öld frá sprengingu Miðkvíslarstíflu

Hálf öld er liðin frá því að Miðkvíslarstífla var sprengd. Miðkvísl er ein þriggja kvísla Laxár þar sem áin fellur úr Mývatni. Hópur manna í sveitinni tók sig til, þann 25. ágúst árið 1970, og sprengdi stífluna með dýnamíti eftir deilur um hvort nýta bæri Mývatns- og Laxársvæðið til raforkuframleiðslu.

Hópur manna í Mývatnssveit fóru í skjóli nætur og sprengdu upp stíflu í Miðkvísl við Mývatnsósa þann 25. ágúst 1970.

Í framhaldinu var fallið frá áformum um frekari virkjanir og lög sett um verndun Laxár og Mývatns. Atburðarins verður minnst með veglegum hætti. Heimildarmyndin Hvellur verður sýnd í Skjólbrekku mánudaginn 24. ágúst en daginn eftir, þann 25., hittist fólk við Miðkvísl. Eftir það verður hátíðarsamkoma í Skjólbrekku með ræðum og tónlistaratriðum.

/MÞÞ

MTD For A Growing World.
SLÁTTUTRAKTORAR

SMART RC125
Mótorstærð: 382 cc, afl: 6,8 kW, sláttubreidd: 76 cm, safnkassi: 200 l., rafstart, beygjuradíus aðeins 46 cm.
Verð kr 456.000 með vsk

SMART RN145
Mótorstærð: 500 cc, afl: 8,9 kW, sláttubreidd: 105 cm, safnkassi: 240 l., rafstart, beygjuradíus aðeins 46 cm.
Verð kr 585.000 með vsk

JÖTUNN
LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA
AFLVÉLAR
Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

Byggðaráð Langanesbyggðar:

Mótmæla lokun skoðunarstöðvar á Þórshöfn

Byggðaráð Langanesbyggðar hefur öðru sinni ályktað um lokun Frumherja á bifreiðaskoðunarstöð fyrirtækisins á Þórshöfn.

Í ályktun er bent á að Frumherji sé með samning við ríkið um lögbundna skoðun bifreiða sem allar bifreiðar verði að undirgangast og að fyrirtækið hafi verið einkavætt á þeim forsendum að það sinnti þessari þjónustu við íbúa.

Kostnaður bifreiðaeigenda við akstur til Vopnafjarðar eða Húsavíkur á opnunartíma Frumherja er talsverður, sérstaklega fyrir atvinnubíla, sem jafnvel þurfa að fara fleiri ferðir vegna tengivagna og annars búnaðar. Til viðbótar kemur að bifreiðaeigendur þurfa flestir að taka sér frí úr vinnu heilan dag til að komast með bifreiðar sínar til skoðunar.

Frumherji hefur verið með aðstöðu á svæðinu til skoðunar bifreiða og það gengið vel. Bæjarráð hafnar því þeim fullyrðingum að um „fábrotnar“ aðstæður sé að ræða. „Rauntilgangur Frumherja virðist því fyrst og fremst vera að draga úr þjónustu við bifreiðaeigendur til að lækka eigin rekstrarkostnað,“ segir í ályktun byggðaráðs Langanesbyggðar.

Ráðið bendir einnig á að það sé gagnstætt byggðastefnu stjórnvalda að skerða þjónustu ríkisins í hinum dreifðari byggðarlögum landsins eins og Frumherji gerir með þessari ákvörðun sinni. Krefst ráðið þess að Frumherji og ríkisvaldið tryggi að skoðun bifreiða verði áfram á Þórshöfn og öðrum nærliggjandi byggðarlögum eins og verið hefur.

/MÞÞ

Þrettán styrkir til fjölbreyttra verkefna í Árneshreppi:

Baskasetur byggt upp í risavöxnum lýsistanki

Þrettán verkefni fengu úthlutað styrkjum í verkefninu Áfram Árneshreppur sem stendur yfir og er hluti af verkefninu Brothættar byggðir á vegum Byggðastofnunar. Úthlutað var tæplega 14,8 milljónum króna til verkefnanna. Þess er vænst að verkefnin muni augða mannlíf og samfélagið allt í þessu fámennasta sveitarfélagi landsins.

Stærsti styrkurinn fer til endurbóta á búningsaðstöðu við Krossneslaug. Hún var gerð árið 1954 og er rétt fyrir ofan fjöruna þannig að gestir horfa út yfir hafflötinn þegar þeir slaka á í lauginni. Ungmennafélagið Leifur heppni sér um rekstur laugarinnar.

Annað stórt verkefni er uppbygging á Baskasetri sem mun fjalla um veru Baska hér á landi. Þeir stunduðu sjávarnytjar hér um langt skeið fyrr á öldum. Einnig verður saga Spánverjavíganna rakin, en sýslumaðurinn Ari í Ögri lét elta uppi og drepa áhafnir þriggja baskneskra skipa sem höfðu farist í Reykjarfirði. Setrið og sýningin verður sett upp í risavöxnum lýsistanki í gömlu síldarverksmiðjunum í Djúpavík.

Hanna og smíða smáhýsi

Verkefnið Djúpavíkurhús snýst um að hanna og framleiða smáhýsi sem verða síðan seld um allt land. Húsin eru hugvitssamlega innréttuð þannig að rýmið nýtist sem best og þau eru einnig skemmtileg í útliti. Húsin verða framleidd i Djúpavík eins og nafnið bendir til.

Ómar Bjarki Smárason fékk styrk til að kortleggja og gera aðgengilegar upplýsingar um hina merkilegu jarðfræði Árneshrepps og Kristjana Svarfdal fékk styrk til að koma upp jógasetri í gamla renniverkstæðinu í síldarverksmiðjubyggingunum í Djúpavík. Þá var veittur styrkur til kaupa á öryggisbúnað fyrir Sleðaferðir á Ströndum, m.a. Tetra-talstöðvar. Það var sett sem skilyrði að björgunarsveitin hefði aðgang að þeim ef á þyrfti að halda. Sleðaferðirnar njóta sívaxandi vinsælda.

The Factory er myndlistarsýning listamanna af ýmsu þjóðerni sem sýna í sal verksmiðjubyggingarinnar í Djúpavík. The Factory er stýrt af Emilie Dalum sem hefur séð um þetta verkefni í mörg ár, en alls hafa verið myndlistarsýningar í þessu rými frá því um aldamót. Styrkur var veittur til að bæta aðstöðu á tjaldstæði við Urðartind í Norðurfirði. Þar er nú verið að leggja lokahönd á vatnssalerni og snyrtingu fyrir tjaldferðalanga.

Verið er að hanna flóttaherbergi (Escape Room) í Djúpavík. Þetta er spennandi þraut fyrir unga sem aldna sem reynir á útsjónarsemi og að leggja saman vísbendingar til að fá út rétta niðurstöðu. Reiknað er með að herbergið verði tilbúið næsta sumar.

Þróar ullarvinnslu

Elsa Rut Jóhönnudóttir fékk styrk til að þróa áfram ullarvinnslu, en hún hefur gert tilraunir með lopa og ull og eru vörur hennar seldar í Verzlunarfjelagi Árneshrepps og njóta mikilla vinsælda. Verzlunarfjelagið fékk líka lítinn styrk til að bæta kaffiaðstöðu fyrir gesti, enda þjónar versl-

Unin ekki síst sem samfélagsmiðstöð í Árneshreppi.

Sögusýning í Djúpavík

Í verksmiðjubyggingunum í Djúpavík er sögusýning um tilurð og starfsemi verksmiðjunnar, sem var reist á árunum 1934–5, að mestu með handafli. Sýnt er hvernig menn leystu risavaxin verkefni með hugvitssemi og samtakamætti. Sögusýningin fékk styrk, ekki síst til að gera söguskilti um m.s. Suðurlandið, en stefni þess er í fjörunni í Djúpavík. Það er afar myndrænt og er ljósmyndað í tætlur á hverju sumri.

Ferðamálasamtök Árneshrepps fengu myndarlegan styrk til hönnunar og útgáfu á markaðsefni til að laða fólk til Árneshrepps. Að samtökunum standa allir ferðaþjónar í hreppnum og kemur það mörgum á óvart hve margt er að sjá og upplifa í Árneshreppi. */MÞÞ*

Þrettán verkefni fengu úthlutað styrkjum að upphæð tæplega 15 milljónir í verkefninu Áfram Árneshreppur sem stendur yfir. Á myndinni er hluti þeirra sem fengu styrki.
Mynd / Skúli Gautason

TÆKNIMAÐUR

Vegna aukinna umsvifa leitum við að framúrskarandi starfsmanni í DeLaval þjónustudeild Bústólpa. Starfsmaðurinn mun hljóta þjálfun hjá Bústólpa og DeLaval.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun skilyrði
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni til að vinna sjálfstætt
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Þekking á landbúnaði er kostur
- Bílpróf er skilyrði

Starfssvið:

- Þjónusta á DeLaval mjaltaþjónum og öðrum tæknibúnaði
- Viðgerðir og uppsetningar á DeLaval búnaði

Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2020.

Umsókn um starfið ásamt ferilskrá skal send til aðstoðarframkvæmdarstjóra á netfangið **hanna@bustolpi.is**.

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi starfrækir fóðurverksmiðju á Oddeyrartanga á Akureyri ásamt því að reka verslun með vörur sem tengjast landbúnaði. Bústólpi er þjónustuaðili DeLaval á Íslandi. Það starfa 23 manns hjá Bústólpa og við höfum verið valið fyrirmyndar fyrirtæki 9 ár í röð af Creditinfo.

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri • bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is



FRÉTTIR

Sigurbjörn Óli Ágústsson, framkvæmdastjóri Einingaverksmiðjunnar ehf., og Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi, við undirritun samninga um lóð í Ölfusi fyrir félagið. Mynd / Sveitarfélagið Ölfus

Einingaverksmiðjan ehf. flytur til Þorlákshafnar

– Með henni flytjast 40 til 50 störf frá Reykjavík

Einingaverksmiðjan og Sveitarfélagið Ölfus komust nýlega að samkomulagi um að starfsemi Einingaverksmiðjunnar ehf. flytjist úr Reykjavík í Ölfus. Til þess að það verði mögulegt verður ráðist í byggingu á allt að 4.000 fermetra iðnaðarhúsum, gerð efnissíloa og fleira á Nessandi, nýskipulögðu iðnaðarsvæði í útjaðri Þorlákshafnar.

Einingaverksmiðjan hefur í hátt í 30 ár sérhæft sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingaframkvæmda. Hjá fyrirtækinu starfa milli 40 og 50 starfsmenn, sem flytjast nú í Ölfusið.

„Við hjá Einingaverksmiðjunni höfum frá upphafi lagt metnað okkar í að veita húsbyggjendum fjárhagslegt svigrúm til að njóta lífsins. Það gerum við meðal annars með því að bjóða gæðavöru á hagstæðu verði. Til þess að það sé hægt þurfum við ætíð að leita að hagkvæmum og heppilegum leiðum til að þróa rekstur okkar. Sú ákvörðun að staðsetja okkur í Ölfusi er tekin með það að leiðarljósi. Hér hefur okkur verið úthlutað lóð sem gerir okkur mögulegt að taka næstu skref með hagsmuni okkar þjónustuþega í huga. Ölfus er að okkar mati ekki eingöngu eitt helsta vaxtarsvæði á landinu með skýra sýn á innviðauppbyggingu heldur er þar skilningur á hagsmunum fyrirtækja eins og okkar. Við höfum fulla trú á komandi samstarfi og stefnum að því að hefja framkvæmdir á næstu dögum," segir Sigurbjörn Óli Ágústsson, framkvæmdastjóri Einingaverksmiðjunnar. */MHH*

Sveitarfélagið Skagafjörður:

Sólgarðaskóla breytt í fimm leiguíbúðir

Sveitarfélagið Skagafjörður sótti um stofnframlög til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til breytinga á Sólgarðaskóla í Fljótum í fimm leiguíbúðir.

Var það gert í kjölfar niðurstöðu starfshóps um framtíð Sólgarðaskóla sem lagði til við byggðarráð að leita eftir samstarfi við stjórnvöld um breytingu á húsnæðinu í hagkvæmt leiguhúsnæði. Sömu áherslur komu sterkt fram á íbúafundi í Ketilási í desember sl.

Niðurstaða umsóknar um stofnframlög er að HMS hefur samþykkt að veita stofnframlag að upphæð ríflega 37 milljónir króna.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar stuðningi ríkisvaldsins við uppbyggingu hagkvæmra leiguíbúða á landsbyggðinni. */MÞÞ*

Betri Bakkafjörður:

Níu styrkir til fjölbreyttra verkefna

Styrkjum úr verkefninu Betri Bakkafjörður vegna ársins 2020 hefur verið úthlutað. Alls voru veittir níu styrkir að þessu sinni, samtals 13,5 milljónir króna.

Styrkir eru hluti af verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir, en það miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Enn fremur að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.

Verkefnin eru fjölbreytt og snúa m.a. að uppbyggingu og endurreisn atvinnufyrirtækja, framleiðslu á matjurtum og markaðsátak fyrir Bakkafjörð, fornleifarannsóknir og endurbætur á eldra húsi.

Bragginn fékk stærsta styrkinn

Stærsta styrknum að þessu sinni var úthlutað til uppbyggingar á Bragganum, sem stendur á tanganum ofan við gömlu höfnina. Þar er gert ráð fyrir fjölbreyttri listastarfsemi, auk þess verður íbúð í húsnæðinu sem getur hýst listamenn sem dvelja tímabundið á Bakkafirði. Bjargið ehf., fiskvinnsla fékk eina milljón króna í styrk vegna endurbóta á starfsmannarými og 2 milljónir vegna endurbóta á vinnsluhúsnæði. Bakkafiskur fékk 5 milljónir króna vegna verkefnis sem nefnist Bragginn menningarhús. Baldur Öxndal Halldórsson fékk styrki að upphæð ein milljón vegna endurbóta á Halldórshúsi sem byggt var árið 1906.

Langanesbyggð fékk 650 þúsund krónur vegna endurbóta á tjaldstæði á Bakkafirði og Þórir Örn Jónsson fékk 1,5 milljónir króna vegna markaðsátaks Bakkafjarðar. Malgorzata Bluszko fékk 550 þúsund vegna ræktunar matjurta til endursölu og N4 fékk 1,5 milljónir vegna verkefnis sem nefnist Uppskrift að góðum degi á Bakkafirði. Loks fékk Fornleifastofnun 370 þúsund krónur vegna verkefnis sem tengist fornminjum við Skeggjastaði. */MÞÞ*

Jón Guðmundsson við eitt af eplatrénu sínu, sem gefur greinilega vel af sér enda fullt af eplum á því. Myndir / einkasafn

Jón Guðmundsson, eplabóndi á Akranesi:

Reiknar með að fá 50 kíló af eplum í haust af trjánum sínum

„Útlitið með uppskeru er almennt gott en hún gæti verið seinni en í góðum árum vegna kuldakaflans í vor en margir eru að fá uppskeru í haust og sumir í fyrsta skipti. Þetta veltur svo líka á veðurfarinu næstu vikurnar en fyrstu aldinin ættu að verða þroskuð um 10.–15. september," segir Jón Guðmundsson, garðyrkjufræðingur og eplabóndi á Akranesi.

Sjálfur segist hann fá nokkur hundruð aldin, eða kannski 30–50 kíló af eplum, sem hann er mjög sáttur við. Jón er með um 70 ávaxtatré í garðinum, mest af eplatrjám, og eru margar uppskerur miklar en hann leyfir hverju tré bara að bera 20–30 epli. „Trén mín eru flest á klipptu súluformi og bera ekki meira en 3 kg hvert tré. Mörg gefa reglulega og góða uppskeru eins og „Melba", „Close", „Langballe" og „Ålingsepli". „Close" gefur yfirleitt mest en öll yrki hafa sérheiti," segir Jón.

Eplin eru misjöfn á bragðið, sum súr og önnur sæt, en flest eru þau þarna einhvers staðar á milli, eða súrsæt.

Jón er mjög samviskusamur og heldur bókhald á hverju ári yfir uppskeruna og árangurinn þar sem fara fram mælingar og mat á gæðum aldina, ásamt skráningu.

Sætsúr epli

Jón segir að fjölskyldan sín nýti mest af eplunum sjálf en þau gefa þó alltaf eitthvað til vina og vandamanna. Hægt er að geyma sum eplin nokkrar vikur og önnur er hægt að þurrka eða vinna eitthvað úr. Eplin eru mjög mismunandi á bragðið og litinn líka, sum alveg gul en önnur rauð en flest þarna mitt á milli hálf rauð og hálf gul. „Já, sum þeirra eru súr en önnur sæt en þau bestu eru þarna mitt á milli, svona sætsúr eins og stundum er sagt," segir Jón.

Töluverður áhugi á eplarækt

Áhugi Jóns á eplarækt kviknaði fyrst þegar hann frétti af gömlum eplatrjám í Reykjavík, sem voru að gefa uppskeru reglulega. „Ég byrjaði því að viða að mér upplýsingum og efniviði víða að og prófa mismunandi yrki. Sæmundur Guðmundsson á Hellu var nýfarinn af stað með svipaðar hugmyndir og við höfum átt í samvinnu í gegnum árin. Það er tölverður áhugi á þessari ræktun og margir að spreyta sig en þetta er nokkur þolinmæðisvinna og það tekur tré allt upp í 10 ár að fá fyrstu uppskeru en oft er það líka bara 3–5 ár eftir atvikum, eplarækt gefur fólki mikið þegar vel gengur," segir Jón.

Nokkur heillaráð

Jón var að lokum beðinn að nefna nokkur heillaráð, sem þarf að hafa í huga við eplarækt.

„Já, það þarf að hafa nokkur atriði í huga. Í fyrsta lagi þarf að velja sólríkan vaxtarstað fyrir tréð, öðru lagi þar af nota sérvalin yrki fyrir íslenskar aðstæður og í þriðja lagi þarf að hugsa um tréð með tilliti til næringarástands og meindýravarna. Það er of mikið um innflutt tré sem ekki henta hér vel og umhirðan er oft af skornum skammti og ef þetta tvennt kemur saman er enginn árangur," segir Jón, sem sjálfur segist hafa verið að prófa mismunandi yrki í 20 ár. Þar hefur komið í ljós að 10 til 20 þeirra eru að skila árangri í flestum árum og jafnvel köldustu sumrum.

„Samhliða því hef ég verið af útvega fólki tré sem eru líkleg og veita fólki ráð eftir bestu getu og eru margir farnir að sjá árangur en aðrir þurfa að bíða eitthvað lengur. Ég er líka með slatta af perum, plómum og kirsuberjum ásamt fleiri spennandi trjám, sem verður gaman að sjá hvað gerist með næstu árin," segir Jón. */MHH*

REKSTRARLAND ER BAKHJARL BÆNDA

Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háþrýstidælur, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og olíur á vélarnar, Ecolab lágþrýstiþvottatæki ásamt hreinsiefnum, sótthreinsandi og græðandi vökvar fyrir spena og júgur.

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17

REKSTRARLAND verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

olís

REKSTRARLAND

Pipar\TBWA

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

HEYSÝNATAKA, EFNAMÆLINGAR OG FÓÐURRÁÐGJÖF

Í BOÐI BÚSTÓLPA

Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á fría þjónustu við heysýnatöku, efnamælingar á sýnum og fóðurráðgjöf. Fóðursérfræðingur Bústólpa mun annast verkefnið.

Pantanir berist fyrir 31. ágúst á netfangið **asdis@bustolpi.is**

Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

FRÉTTIR

Þorsteinn Jóhannsson hjá Umhverfisstofnun við loftgæðamælinn, sem var nýlega settur upp í Reykholti. Mynd / Bláskógabyggð

Loftgæðamælir hefur verið settur upp í Reykholti í Biskupstungum

Umhverfisstofnun hefur sett upp loftgæðamæli í Reykholti í Biskupstungum í Bláskógabyggð.

Fyrir um ári síðan ályktaði sveitarstjórn að nauðsynlegt væri að koma upp slíkum mæli í sveitarfélaginu en síðustu ár og áratugi hafa loftgæði í sveitarfélaginu verið mjög slæm við vissar aðstæður en engar mælingar hafa verið til staðar.

„Í miklu þurrviðri hefur mikið magn jarðefna borist ofan af hálendi og þá sérstaklega af svæðinu í kringum Hagavatn. Því er fagnaðarefni að loftgæðamælir skuli hafa verið settur upp svo hægt sé að fylgjast með loftgæðum og áhrifum þess á heilsu fólks," segir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar. Hægt er fylgjast með loftgæðamælinum með því að fara inn á www.loftgaedi.is og leita að Reykholti. */MHH*

Arion banki:

Umsóknir um stuðningslán

Miðlægur umsóknarvefur stjórnvalda vegna stuðningslána til fyrirtækja hefur verið opnaður á Ísland.is. Samkomulag um tímabundinn greiðslufrest á lánum fyrirtækja vegna COVID-19 hefur verið framlengt til 30. sept. 2020 en það rann út 30. júní síðastliðinn.

Stuðningslán eru ætluð til að styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki sem glíma við erfiðleika vegna samdráttar í rekstri vegna COVID-19 faraldursins. Stuðningslánin geta numið allt að 10% af tekjum fyrirtækis á rekstrarárinu 2019, að hámarki 40 milljónir króna. 1% breytilegir vextir eru fyrir lán að 10 milljónum.

Fyrirtæki sem sækja um frestun greiðslna geta fengið frystingu að hámarki í allt að sex mánuði en þó ekki lengur en út árið 2020 (síðasti gjalddagi er 1. desember 2020). Þau fyrirtæki sem eru nú þegar með frestun greiðslna á sínum lánum geta ekki sótt um áframhaldandi frestun umfram þessa sex mánuði, sem er hámark frystingar samkvæmt samkomulaginu.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá Arion banka er bankinn tilbúinn að taka á móti umsóknum sem fara í gegnum vefinn og hefur verið unnið að því að gera ferlið við úrvinnslu þeirra einfalt og skilvirkt með það að markmiði að veita fyrirtækjum sem eru í viðskiptum góða og skjóta þjónustu.

Nánari upplýsingar um umsóknarferlið fyrir stuðningslán fyrirtækja er að finna á island.is. */VH*

Matvælastofnun:

Tilkynningaskylda vegna fóðurs

Með lagabreytingu nýverið var stjórnsýsla einfölduð og dregið úr tilkynninga- og skráningaskyldu varðandi fóður.

Samkvæmt upplýsingum á vef Matvælastofnunar er nú aðeins skylt að tilkynna til Matvælastofnunar framleiðslu, pökkun og innflutning á:

- Lyfjablönduðu fóðri
- Fóðuraukefnum
- Forblöndum aukefna
- Allt innflutt fóður frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins

Fóður sem skylt er að tilkynna skal vera búið að skrá hjá Matvælastofnun áður en það er flutt inn til landsins. Jafnframt eiga þeir sem flytja inn fóður að vera skráðir hjá Matvælastofnun sem fóðurinnflytjendur.

Fyrir 1. febrúar ár hvert er öllum framleiðendum og innflytjendum fóðurs skylt að tilkynna til Matvælastofnunar heildarmagn innflutts og framleidds fóðurs á undangengu ári. */VH*

Fljótlega fer ný vefverslun í loftið undir merkinu Gott og blessað, sem Sveinbjörg Jónsdóttir, Jóhanna Björnsdóttir og Anna Júlíusdóttir standa að en þeim fannst vanta svæði fyrir íslenska framleiðendur til að selja sínar vörur.

Ný kjörbúð fyrir íslenskar matvörur

Stöllurnar Sveinbjörg Jónsdóttir, Jóhanna Björnsdóttir og Anna Júlíusdóttir fara á næstu dögum af stað með nýja vefverslun, Gott og blessað, sem selur íslenskar matvörur frá íslenskum smáframleiðendum. Þar verður neytendum tryggður aðgangur að fjölbreyttu úrvali af íslenskum gæðavörum frá öllum landshlutum.

„Við höfum um allnokkurt skeið haft áhuga á íslenskri matvælaframleiðslu og þá sérstaklega framleiðslu smáframleiðenda úti um allt land. Í raun má segja að bændur og smáframleiðendur séu í hópi okkar bestu og virkustu frumkvöðla. Fjölbreytnin og vöruþróunin er ótrúleg en því kynnast þeir best sem eru duglegir að ferðast um landið og gefa sér tíma til þess að stoppa við og kaupa vörur beint af bændum eða beint af býli. Vandamálið er hins vegar að það getur verið erfitt að nálgast þessar vörur og fjölmargir hafa ekki fundið lausn á því hvernig þeir geta selt framleiðslu sína hér á höfuðborgarsvæðinu. Eitt er að framleiða, annað er að markaðssetja og dreifa vörunum. Það má kannski segja að þessi staðreynd sé kjarninn á bak við hugmyndina okkar. Við höfum brennandi áhuga á því að færa smáframleiðendur nær neytendum og að kynna smáframleiðendur og þeirra vörur fyrir neytendum," útskýrir Jóhanna en í Forðabúrinu, eins og þær kalla það, sem er vottað húsnæði og staðsett við Flatahraun 27 í Hafnarfirði, er kjöraðstaða fyrir framleiðendur til að geyma ferskar vörur ásamt frystivörum.

Hér má sjá örlítið brot af því sem selt verður í vefversluninni, Geita parmesan-ostur frá Háafelli og nautahakk frá Huldubúð.

Íslenskt á alla staði

Gott og blessað verður lítil kjörbúð á netinu eða bændamarkaður sem verður opinn allt árið. Viðtökurnar hjá framleiðendum hafa verið mjög góðar og hafa Jóhanna og Sveinbjörg ferðast um landið til að reyna að hitta sem flesta.

„Önnur okkar er flugfreyja en hin er grafískur hönnuður með reynslu af því að vera smáframleiðandi. Sú reynsla var reyndar ein ástæða þess að við áttuðum okkur á nauðsyn þess að setja á laggirnar fyrirtæki sem ynni náið með smáframleiðendum til þess að tryggja sölu og dreifingu á þeirra vörum. Við byrjuðum við kaffiborðið heima en nú hefur þetta hægt og rólega vaxið og það er í raun ótrúlegt hvað við höfum mætt miklum velvilja. Íslenskt á alla staði er okkar slagorð og það er svo margt sem mælir með því. Með því að velja íslenskar vörur, og þá vörur frá smáframleiðendum, þá erum við að styðja við jákvæða byggðastefnu, við erum að draga úr kolefnisfótsporinu, við erum að tryggja heilbrigði og góða hollustuhætti, við erum að tryggja matvælaöryggi, við erum að tryggja atvinnu í landinu en umfram allt þá erum við að gera lífið svo miklu skemmtilegra," segir Sveinbjörg og bætir við:

„Við stofnuðum fyrirtækið tvær en höfum nú fengið til liðs við okkur vini og vandamenn með margvíslega þekkingu. Þar má finna matreiðslumeistara, vefsíðuhönnuð, myndasmið, sérfræðing í rafrænni markaðssetningu og sölufulltrúa. Allt frábærir einstaklingar sem hafa sama brennandi áhuga og við á því að kynna þessar frábæru og fjölbreyttu vörur fyrir neytendum. Allir þessir frumkvöðlar úti um allt land sem eru að framleiða þessar frábæru vörur hafa margir engan tíma eða jafnvel þekkingu á að sinna markaðs- og sölustarfi, hvað þá að byggja upp netsölu sem tryggir örugga og ódýra afhendingu. Þar viljum við taka við. Við störfum með aðilum sem hafa góða reynslu af því að starfrækja netsölu og afhenda vörur. Við erum með góða kæla og frysta þar sem við getum geymt vörur smáframleiðenda og selt síðan eftir þörfum. Þannig getum við fært stærsta markaðssvæðið til smáframleiðenda ef þannig má að orði komast."

Sjá má nánari upplýsingar um hina nýja kjörbúð undir merkjum hennar á Facebook ásamt vefsíðunni gottogblessað.is um leið og hún fer í loftið. */ehg*

Vínlandssetur opnað í Búðardal

Sýning um landnám norrænna manna á Grænlandi og fund Ameríku löngu fyrir daga Kristófers Kólumbusar hefur verið opnuð í Búðardal. Hún er til húsa á efri hæð í Leifsbúð, gömlu vöru- og verslunarhúsi í námunda við höfnina í Búðardal.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra opnaði sýninguna á Vínlandssetri.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra opnaði sýninguna á Vínlandssetri. Hún sagði í ræðu sinni að sagan af Leifi Eiríkssyni og Grænlendingum væri ekki síður saga Íslendinga en Grænlendinga og Bandaríkjamanna. Hún sagði sögu Leifs Eiríkssonar vera sögu af landkönnuði, ævintýramanni og trúboða. Hún sagði sögu hans vera sögu af samskiptum ólíkra menningarheima, sögu af samskiptum manna sem hafi ekki talað sama tungumál og sögu af samskiptum manna sem hafi haft ólíkar hugmyndir um lífið og tilveruna. „Öll þessi saga getur sagt okkur margt um hver við erum því maður kynnist einmitt sjálfum sér best í samskiptum við aðra. Eiríks saga rauða og Grænlendinga saga snúast einmitt öðrum þræði um samskipti norrænna manna við þá sem bjuggu í þessum löndum," sagði forsætisráðherra við opnunina. */MÞÞ*

Ellisif M. Bjarnadóttir, verkefnisstjóri fegrunarátaks Ásahrepps, sem hefur heimsótt alla þátttakendur verkefnisins í sumar og gefið bændum og búaliði góð ráð. Mynd / MHH

Ásahreppur:
Styrkir fegrun á lögbýlum

Mikil ánægja er með nýtt átak hreppsnefndar Ásahrepps í Rangárvallasýslu, sem gengur út á að gera sveitina enn fallegri en hún er í dag. Í því skyni fær hvert lögbýli 450.000 króna styrk frá sveitarfélaginu til að gera fínt í kringum sig.

„Verkefnið hefur gengið frábærlega, um 70 lögbýli taka þátt í því og það eru allir að keppast við að gera fínt hjá sér. Þetta er verkefni, sem önnur sveitarfélög mættu svo sannarlega taka til fyrirmyndar, hér er mikill metnaður þegar kemur að fegrunar- og umhverfismálum," segir Ellisif M. Bjarnadóttir, verkefnisstjóri verkefnisins, en hún er garðyrkjufræðingur og nemandi í landslagsarkitektúr við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þegar fegrunarverkefni Ásahrepps lýkur í haust verður boðað til uppskeruhátíðar þar sem bændur og búalið munu fagna fallegri sveit og glæsilegu fegrunarsumri. Alls eru þetta rúmlega 30 milljónir króna sem hreppurinn leggur út vegna verkefnisins. /MHH

VEGNA COVID FALLA TÖÐUGJÖLD NIÐUR SEM ÁTTU AÐ VERA 21. ÁGÚST

Minnum á sérstök tilboð á völdum vörum til 21. ágúst meðan birgðir endast

Taðklær
Einfaldar og góðar - Frábær verð
1.20 m: ~~Kr. 199.600.- án vsk.~~
Kr. 169.660.- án vsk.
1.50 m: ~~Kr. 259.000.- án vsk.~~
Kr. 220.150.- án vsk.
1.80 m: ~~Kr. 269.000.- án vsk.~~
Kr. 228.650.- án vsk.

Traktorsskóflur
Stærð: 1.20 metrar ~~Kr. 99.000.- án vsk.~~
Kr. 84.150.- án vsk.
Stærð: 2.20 metrar ~~Kr. 169.900.- án vsk.~~
Kr. 144.415.- án vsk.



Ávinnsluherfi
6 m. ~~Kr. 279.000.- án vsk.~~
Kr. 237.150 án vsk.
8 m. ~~Kr. 431.500.- án vsk.~~
Kr. 366.775 án vsk.

Palmse malarvagn
Með hardox botnplötu
PT1300 burðargeta 13 tonn
~~Kr. 2.290.000.- án vsk.~~
Kr. 2.090.000.- án vsk.

Trjágreip
~~Kr. 199.000.- án vsk.~~
Kr. 169.150.- án vsk.

Búvís
Sími 465 1332
www.buvis.is

Hugum að hausti

LANDSTÓLPI 20 ára 2000–2020

STORTH
EXPERTS IN SLURRY MANAGEMENT
SCRAPE IT - PUMP IT - STORE IT - MIX IT - SPREAD IT

Haugdælur - Haughrærur

HiSPEC

Haugsugur - Keðjudreifarar

Skrúfuhönnun Storth **haughrærunnar** hefur verið prófuð og reynd við margskonar aðstæður og hefur heldur betur sannað ágæti sitt. Hrærurnar koma galvaniseraðar og klárar í vinnu.

Haugdælurnar frá Storth eru galvaniseraðar með fjögurra blaða dælu og vökvakerfi sem gerir stjórnandanum kleift að stýra öllu frá traktornum.

Sérfræðingur frá Storth kemur á næstunni til þess að leggja mat á hagkvæmni slöngudreifingar.
Hafðu samband til þess að bóka heimsókn!

Írski framleiðandinn **HiSpec** framleiðir haugsugur og taðdreifara af ýmsum gerðum. HiSpec er þrautreynt vörumerki við íslenskar aðstæður. Hafið samband við sölumenn fyrir frekari upplýsingar eða sérpantanir.

Haugsugur - Við eigum til afgreiðslu SA-R 2600 haugsugu
- 11.800L - 11.000L Jurop dæla - 8" sjálfvirkur áfyllibúnaður - Auka 6" tengi og barki -
- Led ljós - Led blikkljós - Dekk: 800/65 R32 Alliance -

„**Keðjudreifarar** - Þessir gömlu góðu eru á leiðinni"
- Kastdreifari - Vökvabremsur - Led götuljós -
- Sterkur undirvagn - 168mm snúningsöxull - Dekk: 15x22.5 -

*Útvegum dráttarvéla- og vinnuvéladekk eftir pöntunum!

Tæki til á lager og fleiri á leiðinni!

Fylgstu með okkur á FACEBOOK

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610

NYTJAR HAFSINS

Hafrannsóknastofnun:

Úthafsveiðar á rækju verði að hámarki rúm 5.000 tonn

Hafrannsóknastofnun lagði til í byrjun ágúst að ekki verði veitt meira en 5.136 tonn fyrir úthafsrækju. Er það sagt vera í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2020/2021. Er vísað til þess að Vísitala rækju við Eldey hafi verið undir varúðarmörkum og því ráðleggur stofnunin að veiðar verði ekki heimilaðar á rækju við Eldey árið 2020.

Rækja. Mynd / Hafrannsóknastofnun

Vísitala veiðistofns úthafsrækju breyttist lítið á árunum 2012–2020 fyrir utan árið 2015 þegar hún lækkaði og var sú lægsta frá upphafi mælinga. Vísitala veiðihlutfalls hefur verið undir markgildi (target Fproxy) frá árinu 2016. Magn ungrækju hefur verið lágt frá 2004 og hefur verið í sögulegu lágmarki frá 2015. Stofnmælingar síðustu ára benda því til að stofninn muni ekki stækka á næstu árum.

Mikið af þorski á rækjumiðunum

Magn þorsks í stofnmælingu úthafsrækju var mikið á árunum 2015–2018 en lækkaði árið 2020. Einnig hefur mælst mikið af þorski í stofnmælingu botnfiska að vori (SMB) og hausti (SMH) undanfarin ár. Því er líklegt að afrán á úthafsrækju hafi aukist á undanförnum árum.

Stærð rækju við Eldey undir varúðarmörkum

Samkvæmt stofnmælingu sumarið 2020 er stærð rækjustofnsins við Eldey undir varúðarmörkum stofnsins (Ilim). Lítið hefur fengist af þorski og ýsu í stofnmælingu rækju við Eldey frá árinu 2010 en árið 2020 fékkst mikið af ýsu. */HKr.*



Í Sjávarakademíunni mun nemendum gefast kostur á að kynnast frumkvöðlastarfsemi sem tengist úrvinnslu á afurðum hafsins.

Sjávarakademían er nýtt nám á framhaldsskólastigi

Á vegum Sjávarklasans og Fisktækniskóla Íslands verður boðið upp á nýtt nám á framhaldsskólastigi í haust sem kallast Sjávarakademían. Þar mun nemendum gefast kostur á að kynnast frumkvöðlastarfsemi sem tengist úrvinnslu á afurðum hafsins.

„Í náminu gefst nemendum kostur á að kynnast frumkvöðlastarfsemi sem tengist hafinu, læra um sjálfbærni og hvernig bæta megi umhverfi og afurðir hafsins. Kennsla fer einnig fram í haftengdum fyrirtækjum og stofnunum á Suðurnesjum.

Byggt á grunni námsbrautar Fisktækniskóla Íslands

Námið byggir á grunni námsbrautar Fisktækniskóla Íslands um hráefnisvinnslu, en þar að auki verður lögð mikil áhersla á vöruþróun, frumkvöðlaþjálfun, stofnun og rekstur fyrirtækja," segir Sara Björk Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Sjávarklasanum. Námið ætti að höfða til fólks sem stefnir á vinnu eða rekstur eigin fyrirtækis innan bláa hagkerfisins, sem hefur áhuga á nýsköpun, umhverfismálum og sjálfbærni," bætir Sara Björk við. „Þetta verður fyrsta önnin okkar, við vorum með fjögurra vikna sumarnámskeið í sumar sem gekk ótrúlega vel, það var svona inngangur í námið. Sambærilegt nám hefur ekki verið í boði áður á framhaldsskólastigi. Námið stendur yfir í eina haustönn, er einingabært til framhaldsskóla og gefur 30 einingar," bætir Sara Björk við.

Haustönn Sjávarakademíunnar hefst 14. september og er umsóknarfrestur til 7. september.

/smh

Skyndilokanaákvarðanir fluttar frá Hafrannsóknastofnun til Fiskistofu

– Fremur lítið sagt hafa verið um rannsóknir á áhrifum skyndilokana í 44 ár

Hafrannsóknastofnun hefur ekki lengur með ákvarðanir um skyndilokanir veiðisvæða í kringum landið að gera. Með lagabreytingu sem samþykkt var á vorþingi færðist framkvæmd skyndilokana frá Hafrannsóknastofnun til Fiskistofu. Lýkur þar með 44 ára sögu skyndilokana Hafrannsóknastofnunar.

Núverandi kerfi skyndilokana á Íslandsmiðum má rekja allt aftur til ársins 1976. Tilgangurinn með skyndilokun svæða er verndun smáfisks með það fyrir augum að draga úr smáfiskadrápi og líklegu brottkasti (Kristján Kristinsson o.fl. 2005).

Fiskifræðingar á Hafrannsóknastofnun hafa staðið vaktir undanfarin ár og sett á skyndilokanir í kjölfar mælinga Fiskistofu og Landhelgisgæslu. Talsverðar sveiflur hafa verið í fjölda skyndilokana frá upphafi en flestar voru þær árið 2012 eða 188. Skyndilokunum fækkaði mikið á síðasta ári og það sem af er þessu ári vegna breytinga á viðmiðunarmörkum sem gerð var 2019.

Beitt hefur verið 3.900 skyndilokunum

Frá upphafi hefur Hafrannsóknastofnun sett á um 3.900 skyndilokanir, meirihluta til verndunar smáþorsks og flestar á línuveiðar. Síðustu vaktina í veiðieftirliti Hafrannsóknastofnunar stóð Ásgeir Gunnarsson fiskifræðingur og lýkur þar með sögu veiðieftirlits stofnunarinnar. Fiskistofa mun nú annast framkvæmd skyndilokana en Hafrannsóknastofnun mun ráðleggja um fiskifræðilega þætti er varða skyndilokanir eins og viðmiðunarmörk og tímalengd lokana.

Frá 1976 hefur 2.534 sinnum verið beitt skyndilokunum vegna veiða á þorski. Þá hefur verið beitt 701 skyndilokun vegna ýsu, 176 lokunum vegna ufsa, 150 lokunum vegna rækju, 146 lokunum vegna síldar og 193 lokunum vegna annarra fisktegunda.

Þegar rýnt er í lokanir sem beitt hefur verið við veiðar með ákveðin veiðarfæri, þá hefur það oftast verið vegna línuveiða, eða 1.594 sinnum. Næst kmeur botnvarpa með 1.165 lokanir, þá handfæri með 302 lokanir, flotvarpa með 323 lokanir, rækjuvarpa emð 155 lokanir og 361 lok hefur verið framkvæmd vegna annarra veiðarfæra.

Sáralitlar rannsóknir til á áhrifum skyndilokana

Það vekur athygli að í frétt Hafrannsóknastofnunar segir orðrétt:

„Þrátt fyrir að skyndilokanir hafi verið veigamikill þáttur í stjórnkerfi fiskveiða á Íslandsmiðum í áratugi, þá er fremur lítið um rannsóknir á áhrifum þeirra aðgerða." Síðan segir:

„Nýverið kom hins vegar út ritrýnd grein um áhrif skyndilokana við að hindra veiðar á smáfiski (Woods o.fél. 2018). Helsta niðurstaða greinarinnar er að skyndilokanir séu gagnlegar til verndar smáfiski þegar veiðhlutfall er hátt. Hins vegar þegar veiðihlutfall er hóflegt, líkt og nú er á flestum bolfiskstofnum, hafa skyndilokanir takmarkað gildi."

Þetta hlýtur að teljast afar sérstakt að Hafrannsóknastofnun viðurkenni þetta með tilliti til þess hversu veigamikill þáttur skyndilokanir hafa verið í fiskveiðistjórnun á Íslandi. Þarna virðist, eins og í mörgum öðrum þáttum stjórnsýslunnar á Íslandi, að pólitískar ákvarðanir séu látnar ráða för þó þær séu ekki studdar beinum vísindalegum rannsóknum eða sönnunum um árangur. Samt hafa ákvarðanir verið teknar um skyndilokanir áratugum saman án þess að fullnægjandi vísindagögn virðist hafa verið fyrir hendi.

Starfshópur um faglega heildarendurskoðun

Meðal annars í því ljósi lagði Hafrannsóknastofnun til hækkun á viðmiðunarmörkum árið 2017 í tillögu til starfshóps um faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum um breytingu á viðmiðunarmörkum. Stofnunin telur hins vegar að skyndilokanir geti verið nauðsynlegar í vissum tilfellum og því ekki ráðlegt að fella öll mörk niður og hverfa frá lokunum svæða ef smár fiskur veiðist. Skynsamlegt er að hafa aðhald og stöðva veiðar á svæðum ef óhóflega er veitt af ungviði.

/HKr.

FRÉTTIR

Íslenskir sauðfjárbændur vilja sanngjörn kjör

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda (LS), skrifar um kjör íslenskra sauðfjárbænda á blaðsíðu 44. Þar eru settar fram kröfur um að afurðaverð til bænda fyrir dilkakjöt verði hækkað um 132 krónur á kílóið frá reiknuðu meðalverði á síðasta ári. Í greininni kemur fram að frá árinu 2016 hafi almennt verðlag á Íslandi hækkað um 12,7 prósent en smásöluverð á lambakjöti um 2,7 prósent.

Miðað við kröfur LS myndi afurðaverð fyrir dilkakjöt verða 600 krónur að meðaltali á kílóið, þegar teknar eru inn allar þær viðbótargreiðslur sem skiluðu sér síðar úr sláturtíðinni á síðasta ári. Þessar kröfur eru samhljóða því viðmiðunarverði sem LS gaf út um miðjan júlí.

Unnsteinn Snorri Snorrason,

Lægst greitt fyrir afurðir íslenskra sauðfjárbænda

Í grein Unnsteins er afurðaverð fyrir íslenskar sauðfjárafurðir borið saman við þau kjör sem öðrum evrópskum sauðfjárbændum stendur til boða. Í þeim samanburði kemur í ljós að í krónum talið fá íslenskir sauðfjárbændur lægst greitt, 468 krónur á kílóið, en rúmenskir sauðfjárbændur fá næstlægst greitt, eða 479 krónur á kílóið. Samkvæmt upplýsingum LS, sem fengnar eru úr gögnum Evrópusambandsins, er hæst greitt fyrir afurðir franskra sauðfjárbænda, 1.035 krónur á kílóið.

Vilja sanngjörn viðskipti

Í greininni kemur fram að íslenskir sauðfjárbændur vilji sanngjörn viðskipti. Þar kemur fram að hlutur bænda af smásöluverði á Íslandi er mun lægri í samanburði við það sem bændur í nágrannalöndunum bera úr býtum. Samkvæmt útreikningum LS, sem byggir á verðlíkani sem samtökin hafa þróað, fá íslenskir sauðfjárbændur 37 prósent af smásöluverðinu en í nágrannalöndunum er hlutfallið á bilinu 45–50 prósent. Ef hlutur íslenskra sauðfjárbænda af smásöluverðinu væri 47 prósent, myndi afurðaverð til bænda vera 607 krónur á kílóið – ef miðað er við að smásöluverð á heilum skrokki sé 1.264 krónur á kílóið. */smh*

Hvolsvöllur. Mynd / HKr.

Engin kjötsúpuhátíð haldin á Hvolsvelli í sumarlok

Menningarnefnd Rangárþings eystra hefur ákveðið í samráði við sveitarstjóra að Kjötsúpuhátíðin 2020 verði ekki haldin í lok sumarsins vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna COVID-19.

Hátíðin hefur verið haldið síðustu ár og alltaf verið vel heppnuð og vel sótt. Viðburðir sem haldnir eru af einkaaðilum verða þó áfram auglýstir á miðlum sveitarfélagsins undir merkjum Kjötsúpuhátíðar. Þá hvetur menningarnefnd íbúa til að halda í heiðir eins og skreytingar í götum þó svo eiginleg hátíð fari ekki fram með hefðbundnu sniði. */MHH*

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook
og á hlaðvarpinu HLAÐAN

HROSS & HESTAMENNSKA

Samningur Eyjafjarðarsveitar og Funa um uppbyggingu reiðvega:

Knýjandi þröf að færa alla ríðandi umferð af og frá akvegum

– segir Valur Ásmundsson, formaður reiðveganefndar Funa

„Það er knýjandi þörf á að færa ríðandi umferð af og frá akvegum. Umferð um Eyjafjörð hefur aukist mikið á liðnum árum, stór hluti vega er nú með bundnu slitlagi og því fylgir aukinn umferðarhraði. Það tíðkaðist hér áður fyrr að menn riðu eftir malarvegum um alla sveit, en slíkt er beinlínis hættuspil eins og staðan er nú," segir Valur Ásmundsson, formaður reiðveganefndar Hestamannafélagsins Funa í Eyjafjarðarsveit.

Fulltrúar Funa og Eyjafjarðarsveitar hafa skrifað undir áframhaldandi samstarfssamning um uppbyggingu reiðvega í sveitarfélaginu. Leggur Eyjafjarðarsveit til allt að tvær milljónir króna á ári til ársloka 2023 gegn mótframlagi úr reiðvegasjóði. Um er að ræða framlengingu á samningi sem áður var í gildi.

Valur Ásmundsson og Elva Díana Davíðsdóttir, Haukur Skúli, Hafþór Bjarki, Ólöf Milla og Kristján Atli taka þátt í ratleik á Æskulýðsdögum Norðurlands á Melgerðismelum. Mynd / Valur Ásmundsson

Fulltrúar Funa og Eyjafjarðarsveitar handsala undirritaðan samning um uppbyggingu reiðvega í sveitarfélaginu. Eyjafjarðarsveit leggur til allt að tvær milljónir króna á ári til ársloka 2023 gegn mótframlagi úr reiðvegasjóði. Um er að ræða framlengingu á samningi sem áður var í gildi. Mynd / Eyjafjarðarsveit

Mikil uppbygging og aukið umferðaröryggi

Vel hefur gengið undanfarin ár að byggja upp reiðvegi í sveitarfélaginu og auka með því umferðaröryggi á svæðinu svo sem er tilgangur verkefnisins. Funamenn eru stórhuga þegar kemur að uppbyggingu reiðvega, næsta verkefni þeirra er að byggja upp reiðvegi í efri byggð sveitarfélagsins og einnig við Eyjafjarðarbraut Eystri.

„Við höfum síðastliðin ár gert átak í gerð reiðvega í okkar sveitarfélagi, Eyjafjarðarsveit hefur jafnað framlag Vegagerðarinnar til framkvæmda," segir Valur, en Funi hefur haft yfirumsjón með verkefninu í samstarfi við sveitarfélagið og Vegagerðina. „Hefðin er sú hér á landi að hestamannafélögin hafa borið hitann og þungann af reiðvegagerðinni, þannig að við erum lánsöm hér um slóðir. Hinir ýmsu verktakar úr sveitinni hafa um árin tekið þátt í uppbyggingunni með okkur og það samstarf hefur verið aldeilis frábært, það er mikilvægt að gera sem mest úr því sem við höfum úr að moða. Þá hafa landeigendur einnig sýnt verkefninu mikinn skilning og hjálpað til við að finna bestu lausnir við framkvæmdina hverju sinni."

Fulltrúar Funa og Eyjafjarðarsveitar hafa skrifað undir áframhaldandi samstarfssamning um uppbyggingu reiðvega í sveitarfélaginu. Hér er unnið að reiðvegagerð í sveitarfélaginu.

Yfir fjórar einbreiðar brýr að fara

Valur segir að hestamennska sé talsvert stunduð í Eyjafjarðarsveit en að auki hafi félagar í Hestamannafélaginu Létti á Akureyri aðstöðu á Kaupvangsbökkum, rétt sunnan við Akureyri, sem og einnig á Melgerðismelum. Þar er félagsheimili Funa, hesthús, reiðhöll, keppnissvæði, beitarhólf og stóðréttarbygging. Melgerðismelar séu þannig miðstöð hestamennsku í héraði og sannkölluð vin ferðalanga sem ferðist um á hestum.

Áhersla hefur á liðnum árum verið lögð á að byggja upp myndarlegan reiðveg til framtíðar milli Miðbrautar við Hrafnagil og inn á Melgerðismela. Valur segir að sú leið sé nú orðin góð, þó alltaf þurfi eitthvað að laga nýframkvæmdir og viðhalda eldri leiðum. „Nú má segja að helstu hætturnar á þessari leið séu hvorki meira né minna en fjórar einbreiðar brýr sem ríðandi umferð þarf að fara yfir á. Hestamenn og sveitarfélagið voru með metnaðarfulla áætlun hér á árum áður að fara meðfram ánni að austanverðu eins og gert er norðan Miðbrautar en því miður náðist ekki samkomulag við landeiganda svo þær áætlanir runnu út í sandinn. Sú framkvæmd hefði verið langsamlega öruggasta leiðin og nánast engin skörun við akandi umferð og mjög hagkvæm leið," segir hann.



Valur Ásmundsson, formaður reiðveganefndar Hestamannafélagsins Funa, segir ánægjulegt að Eyjafjarðarsveit og Vegagerðin taki höndum saman um uppbyggingu reiðvegakerfis í sveitarfélaginu, öryggismál og framþróun hestamennsku sé háð uppbyggingu reiðveganna. Mynd / Valur Ásmundsson

Tengja Efri-byggðina við reiðvegakerfið

Núverandi áætlanir miðast fyrst og fremst við að vera á veghelgunarsvæði sem Valur segir vissulega hafa sína kosti. Þær leiðir þjóni vel þeim sem búa nærri þeim og eins þeim sem stunda útreiðar út af bæjum sínum.

Nú í sumar var hafist handa við að leggja reiðveg í svokallaðri „Efribyggð" sem tengist svo reiðvegi sem liggur fram að Melgerðismelum. Þannig tengjast bæirnir á því svæði reiðvegakerfi sem tengist Melgerðismelum, til Akureyrar og þaðan austur í Þingeyjarsýslur og norður eftir Eyjafirði.

Þá segir Valur að meðal verkefna á dagskrá næstu ára sé að byggja upp reiðvegi í veghelgunarsvæðinu meðfram Eyjafjarðarbraut Eystri en þar er víða nánast ófært fyrir ríðandi umferð um sveitina nema þá að fara eftir vegkanti sem sums staðar er malbikaður. Hið sama megi segja um sveitina inna við Melgerðismela og leiðina upp á hálendið. Þar sé langur kafli þar sem ríðandi umferð þurfi að fara eftir akvegi eða um illfært land meðfram honum. „Það væri sannarlega ánægjulegt ef hestamenn gætu farið að ríða niður í Eyjafjörð af hálendinu á góðum og öruggum stíg," segir hann.

Skortur á reiðvegasamgöngum stendur ferðaþjónustu fyrir þrifum

Valur nefnir að hestatengd starfsemi hafi þróast mjög á síðustu árum, hvort sem um er að ræða ferðaþjónustu eða faglegt starf við þjálfun hesta eða reiðkennslu. Í Eyjafjarðarsveit hefur Funi haldið

Allar stærðir af AJ Power rafstöðvum:

Opnar stöðvar
Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám
Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira
Öflug og góð þjónusta

Gerðu kröfur — hafðu samband við Karl í síma 590 5125 eða sendu línu á kg@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

úti reiðkennslu fyrir börn og fullorðna en einnig hafa verið starfræktir nokkrir reiðskólar fyrir börn í sveitinni. „Uppbygging reiðvega bætir vissulega aðstæður þessara skóla sem svo aftur stuðlar að aukinni nýliðun í greininni. Sama má segja um hestatengda ferðaþjónustu en skortur á reiðvegasamgöngum fram að þessu hefur hreinlega staðið ferðaþjónustunni fyrir þrifum," segir hann.

„Sveitin hefur upp á margt að bjóða til að aðstaða til hestamennsku geti verið mögnuð og ef við náum að byggja upp gott reiðvegakerfi skapast hér forsendur fyrir jákvæðri þróun hestamennsku, auk þess sem öryggi ríðandi og akandi umferðar verður meira. Það er ekki nokkur vafi í mínum huga að hestamennskan er frábær viðbót í æskulýðs- og íþróttastarf hvers samfélags því hestamennskan er í senn holl hreyfing, útivist og frábær vettvangur fyrir samvist með fjölskyldu og vinum," segir Valur og bætir við að öryggsmál og framþróun hestamennskunnar sé háð uppbyggingu reiðvegakerfisins.

„Það er mikið gleðiefni að sveitarfélagið og Vegagerðin sýni því skilning og setji pening í þetta verkefni." */MÞÞ*

Leiknir hestkerrur
ÍSLENSK HÖNNUN OG SMÍÐI
FYRIR ÍSLENSKT VERÐURFAR
Fyrir 4 til 7 hesta.
20 ára reynsla á Íslandi
facebook
Stofnað 1968
Bílaklæðningar
Ragnar Valsson
Bílaklæðningar ehf.
Kársnesbraut 100
200 Kópavogi
S. 554 0040
Netfang: sala@bkl.is

Hvernig gekk heyskapurinn?
Rétt fóðurgjöf er forsenda þess að ná hámarksárangi í mjólkurframleiðslu.
Heysýni og greining þeirra varpa ljósi á gæði og verkun heyja.
Þau eru grundvöllur fóðuráætlana sem auðvelda rétt val á kjarnfóðri.
Söluráðgjafar okkar veita nánari upplýsingar um heysýnatökur og fóðuráætlanir í síma 540 1100 eða á netfanginu lifland@lifland.is
LÍFLAND



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 10. september

Alternatorinn eða startarinn bilaður?
Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.
Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.
Sendum um allt land.
www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík
PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar

GÓLF Í GRIPAHÚS
50 ára reynsla
SWAANS BETON
Swaansbeton hefur í meira en hálfa öld verið leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.
Gólfin frá Swaansbeton eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands.
Hafðu samband
bondi@byko.is
BYKO
Sjá nánar á byko.is

Twenty One
FLUGNAEITUR
Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt
Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunun Eyri
Vélaval
500 g
Skordýraeitur til notkunar gegn flugum í byggingum sem ætlaðar eru búpeningi.
STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

FRÉTTASKÝRING

Enn haldið áfram með sölu íslenskra syndaaflausna til mengandi iðnaðar í Evrópu og hrein íslensk orka komin niður í 9%:

Belgíska fyrirtækið Bolt segir að verið sé að blekkja neytendur

– Hvetur Íslendinga til að hætta þessum viðskiptum sem séu skaðleg grænum orkuskiptum í Evrópu

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Koen Kjartan Van de Putte, fulltrúi belgíska fyrirtækisins Bolt, skilar Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra 1.000 upprunavottorðum fyrir raforku með hvatningu til Íslendinga um að hætta sölu á slíkum bréfum vegna þess að salan skaði orkuskipti í Evrópu. Mynd / Arnór Birkisson

Fimm ár eru nú liðin síðan Sveinn A. Sæland í garðyrkjustöðinni Espiflöt og fyrrverandi formaður Sambands garðyrkjubænda vakti athygli á þeim blekkingaleik sem hófst 2011 með sölu raforkuframleiðenda á Íslandi á upprunavottorðum fyrir hreina raforku sem framleidd var með endurnýjanlegum orkugjöfum. Ekkert lát er á sölu á slíkum syndaaflausnum til erlendra fyrirtækja en í staðinn skráir Orkustofnun í sínu bókhaldi þau ósannindi að um síðustu áramót hafi íslensk raforka aðeins verið að 9% hluta framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Sala á slíkum upprunavottorðum frá Íslandi hófst árið 2011. Þá fór skráð hlutfall seldrar raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum úr 99,99% í 89%. Annað var sagt framleitt með jarðefnaeldsneyti og kjarnorku.

Neytendur blekktir

Í umfjöllun í Bændablaðinu í júlímánuði 2015 var sagt að Íslendingar væru með sölu á slíkum aflátsbréfum að hjálpa erlendum vöruframleiðendum sem notuðu óhreina orku við að blekkja neytendur. Þeir væru látnir halda að fyrirtækin væru að nota hreina orku við sína framleiðslu með því að veifa framan í viðskiptavinina hreinleikavottorðum frá Íslandi þó engin raforka kæmi þaðan.

Íslensk orkufyrirtæki, með Landsvirkjun í broddi fylkingar, fullyrtu að þessi skilningur væri rangur og einungis væri verið að gera fyrirtækjum kleift að flýta innleiðingu hreinnar orkuframleiðslu í Evrópu. Undir þetta tóku ráðherrar orkumála á Íslandi. Nú hefur belgíska fyrirtækið Bolt, sem sérhæfir sig í endurnýjanlegri orku, staðfest skilning Bændablaðsins og íslenskra garðyrkjubænda á málinu. Það sem meira er að þann 7. ágúst síðastliðinn skilaði Koen Kjartan Van de Putte, fulltrúi fyrirtækisins á Íslandi, eitt þúsund upprunaábyrgðum til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra með hvatningu um að Íslendingar hættu að selja upprunaábyrgðir. Þessar upprunavottanir samsvara 1.000 megawattstundum af raforku sem ranglega var sögð keypt frá Íslandi.

Pieterjan Verhaeghen, stofnandi og forstjóri Bolt í Belgíu.



Hættið að selja upprunaábyrgðir!

Í yfirlýsingu frá Bolt sem send var út þegar upprunavottorðunum þúsund var skilað segir m.a.:

„Hættið að selja upprunaábyrgðir. Þær halda aftur af framleiðslu grennar orku í Belgíu!

Íslendingar vita að allt þeirra rafmagn er grænt. Belgískir neytendur sem kaupa rafmagn tengt grænum íslenskum upprunaábyrgðum telja ranglega að rafmagn þeirra sé líka sannarlega grænt. Staðreyndin er að það er bara hægt að framleiða og nota græna orku einu sinni, rétt eins og maður notar ekki sömu krónuna tvisvar. Þessi tvöfeldni er ekki grænum orkuskiptum í Evrópu til góða," segir Pieterjan Verhaeghen, stofnandi og forstjóri Bolt. Síðan segir í yfirlýsingunni:

Nota ábyrgðarbréfin til grænþvottar á sölusamningum

„Á Íslandi er öll orka framleidd með endurnýjanlegum hætti. Íslenskir orkuframleiðendur fá „upprunaábyrgðir" sem þeir svo selja belgískum framleiðendum óhreinnar orku. Þeir aftur nota ábyrgðarbréfin til grænþvottar á sölusamningum sínum. Þannig telja bæði Íslendingar og Belgar að orkan sem þeir nota sé græn. En það er vitanlega ómögulegt, kílóvattsstundin verður bara notuð einu sinni. Hin kílóvattsstundin er óhrein. Umskiptin yfir í græna orku er

Upprunavottorð sem seld voru í Belgíu þar sem fullyrt er að með því sé tryggt að viðkomandi handhafi hafi fengið 1 megawatt af endurnýjanlegri raforku frá Íslandi. – „Með þrem slíkum ábyrgðum er heimili þitt formlega að fá græna orku í heilt ár.“ Síðan segir að verðmæti hvers ábyrgðarbréfs sé 32,30 íslenskar krónur eða 0,21 evra. Undir þetta er kvittað af orkuseljandanum Bolt. Þessar fullyrðingar sem gefnar eru í skjóli upprunaábyrgða frá íslenskum orkufyrirtækjum eru hrein ósannindi, eins og forstjóri Bolt bendir sjálfur á.

eitt mikilvægasta verkefni okkar tíma. Þau styðja baráttuna gegn loftslagsbreytingum og varðveislu jarðar. Þetta er sameinað átak sem kallar á samstarf bæði fólks og landa, í þágu okkar allra.“

Kerfi upprunaábyrgða heldur ekki vatni

„Bolt hefur ekkert á móti Íslendingum. Dæmi íslenskra upprunaábyrgða má hins vegar nota til að gera vandamálið áþreifanlegt. Ísland er eyja og þaðan er enginn 2.000 kílómetra langur rafstrengur til Belgíu. Þess vegna hóf Bolt herferð í Belgíu til að útskýra vandamálin tengd upprunaábyrgðum. Tvítalningin á sér stað víðar. Kerfi upprunaábyrgða heldur ekki vatni.“

Hvað er það sem Bolt vill?

„Bolt vill að Ísland hætti að selja upprunaábyrgðir sínar af því græni stimpillinn dregur upp ranga mynd á erlendri grund. Þess vegna tekur Bolt slaginn og sækist eftir fundi með forsætisráðherra Íslands. Íslendingar þurfa að vera meðvitaðir um afleiðingar stefnu sinnar. Fyrir 2011, þegar sala upprunaábyrgða hófst á Íslandi, voru 100% orkunnar græn. Samkvæmt tölum frá Orkustofnun um uppruna seldrar raforku hér á landi var græn orka komin niður í 9% árið 2019. Græn orka er seld einstaklingum og smærri fyrirtækjum, en megnið af raforkusölu er ekki græn og fer til orkufreks iðnaðar. Á vef sínum bendir Orkustofnun líka á að þrátt fyrir útreiknaðan uppruna raforku sé íslensk raforka nánast öll framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum.“

Búnar til tálsýnir með villandi upprunavottunarkerfi

„Bolt vonar að með frumkvæði sínu í að skila upprunaábyrgðarskírteinum megi vekja umræðu um það hvernig upprunaábyrgðakerfið getur verið villandi og búið til tálsýn um notkun grænnar orku. Það ríður á fyrir Belga að velja staðbundna græna orku og fyrir Íslendinga að gera raunverulega græna samninga um orku sína. Að mati Bolt færi betur á því að Ísland notaði skírteini sín til nota heimafyrir og enn betra ef hægt væri að berja í bresti evrópska upprunaábyrgðakerfisins til að koma í veg fyrir tvítalningu grænnar orku um alla Evrópu.“

Koen Kjartan og Pieterjan með upprunavottorðin um íslenska raforku sem safnað var í Belgíu.

UTAN ÚR HEIMI

Frumkvöðlarnir Erin Gore og Karli Warner:

Kýla kannabis upp á hærra plan

Nú er sala á kannabis leyfileg í tólf ríkjum Bandaríkjanna og spretta nú upp frumkvöðlar um allt land til að gera því góð skil í formi neytendavænna vara á borð við girnilega konfektmola, olíur og krem ásamt kannabistei og fleiru. Frumkvöðlarnir Erin Gore og Karli Warner reka saman fyrirtækið Garden Society sem þær stofnuðu fyrir fjórum árum og framleiða og selja vörur sem innihalda kannabis en á ári hverju frá stofnun hefur veltan aukist um allt að 400 prósent.

Markmið Erin og Karli með stofnun fyrirtækisins var að verða jákvæðasta og trúverðugasta kannabisvörumerki fyrir konur í Bandaríkjunum til að losa um streitu hjá notendum þess og færa gleðina upp á hærra plan. Reynsla notenda á að verða óaðfinnanleg og mannleg eins og kostur þess verður. Þær trúa á mátt plöntunnar og leitast við að kaupa sjálfbær hráefni fyrir framleiðslu sína. Með vörum sínum leitast þær við að gera kannabis að einföldu en lífsnauðsynlegum hluta af hversdagsleika kvenna.

Frumkvöðlarnir Erin Gore og Karli Warner reka saman fyrirtækið Garden Society í Kaliforníu í Bandaríkjunum sem framleiðir og selur vörur sem innihalda kannabis. Þær stofnuðu fyrirtækið fyrir fjórum árum en frá stofnun hefur veltan aukist um allt að 400 prósent.

Leit að hamingju og jafnvægi

Fyrir tíu árum byrjaði Erin að nota kannabis sem verkjastillandi lyf eftir að hafa farið í tvær mjaðmaaðgerðir. Hún er menntaður efnaverkfræðingur og starfaði á þeim tíma fyrir þýskt fyrirtæki. Eftir því sem hún komst hærra upp metorðastigann í vinnunni jókst stressið hjá henni og hún átti erfitt með svefn. Þá byrjaði hún í leyni að framleiða kannabisvörur heima í eldhúsi og þegar hún skipulagði fyrstu „bakstursveisluna“ sína komu 50 konur til hennar.

„Um leið og frami minn var mjög spennandi var hann einnig mjög taugastrekkjandi. Ég leitaði í kannabis til að hjálpa mér að stjórna þessum krónísku verkjum eftir körfuboltameiðsli sem ég varð fyrir í háskóla en einnig til að hjálpa mér að stjórna svefnleysinu og stressinu við hverja stöðuhækkun í vinnu. Ég var hugfangin af því hvernig ein lítil einföld planta gæti verið svo flókin en gefið mér svo mikinn létti. Ég var einnig að kljást við ófrjósemi eins og svo margar aðrar konur á svipuðum stað og ég var í lífinu. Mér leið eins og ég væri að ferðast frá einum degi til annars til að finna út úr því hvernig ég ætti að halda öllum þessum boltum á lofti samtímis á meðan ég var líka að reyna að finna tíma til að einblína á heilsu mína til að geta eignast fjölskyldu,“ útskýrir Erin.

Árið 2016 stofnaði hún, ásamt Karli Warner, Garden Society í Norður-Kaliforníu en það sama ár var kannabis leyfilegt í ríkinu til afþreyingarnota.

„Einn daginn fengum ég og vinkonur mínar þá hugmynd að halda svona „hátt uppi kökupartí“ þar sem við bjuggum til kökur með kannabis í sem hægt var að borða. Þar sem ég hef vit á efnafræði fékk ég hlutverkið sem „skömmtunar-drottningin“. Við fengum einnig nokkra kokka til liðs við okkur sem gerðu frábæran mat fyrir okkur. Á þennan hátt skapaðist vettvangur til að tala um kannabis á skemmtilegan hátt, gera tilraunir og að tengja við lífið okkar. Partíin spurðust fljótt út og fleiri konur vildu vera með svo á endanum dugði ekki lengur að nýta einungis garðinn minn fyrir þau. Það var þessi neisti sem ég sá hjá þátttakendum og ég uppgötvaði að ég var alls ekki ein í leit minni að hamingju og að berjast fyrir jafnvægi. Allar þessar konur sem komu sáu eitthvað í kannabis sem þær vildu læra um, prófa, gera tilraunir með og að lokum njóta. Stuttu eftir þetta varð Garden Society að veruleika. Ég var spennt að byrja með fyrirtæki, eða í raun hreyfingu, þar sem tilgangurinn er að hjálpa konum að gefa sér leyfi til að velja kannabis sem leið til að finna jafnvægi og gleði í gegnum menntun og vörur sem eru hannaðar sérstaklega fyrir þær.“

Mikið er lagt upp úr að útlit og umbúðir varanna séu fallegar og aðlaðandi og telja forsvarsmenn Garden Society það hafa mikið að segja fyrir markaðssetninguna.

Vörur Garden Society er nú að finna á yfir 120 útsölustöðum í Kaliforníu og eru vörutegundirnar orðnar 15 talsins en súkkulaðimolarnir og jónurnar eru vinsælustu vörur fyrirtækisins.

Leið til að róa sig niður

Vörur Garden Society er nú að finna á yfir 120 útsölustöðum í Kaliforníu en viðskiptavinir sem búa í norðurhluta ríkisins geta pantað í gegnum vefsíðu fyrirtækisins og fengið sent heim.

„Sem kannabisfrumkvöðull en einnig móðir sem notar og er talsmaður kannabisnotkunar þá hef ég fundið á eigin skinni hvernig þetta stigmagnast. Fyrir meðeiganda minn, Karli Warner, og mig hefur það alltaf verið mikilvægt að hafa áreiðanlegt verkefni og stofnuðum við Garden Society fyrir konur þar sem við höfum bókstaflega gengið í þeirra sporum. Það hefur alltaf verið okkar von að konur geti fundið heildrænni leiðir til að endurnýja sig frá hinu daglega stressi en einnig að hjálpa þeim við að líða þægilega með kannabis. Það að þær gefi sjálfum sér leyfi til að slaka á með kannabis er dásamlegt. Þó að við höfum lagt áherslu á að markaðssetja okkur fyrir konur þá eru margir viðskiptavina okkar karlmenn,“ segir Erin og bætir við:

„Við bjóðum upp á súkkulaðimolana okkar og jónur sem innihalda kannabis, ýmist með CBD eða THC í. Undanfarið höfum við séð aukna eftirspurn eftir vörum með háu CBD-magni og skýrist það sennilega af óvissu- og stresstímum svo fólk finnur leiðir til að róa sig niður og lífið almennt.“

Einstaklingsbundin áhrif

Í Bandaríkjunum eru kannabisvörur sem hægt er að borða mældar í milligrömmum en í jónum í grömmum. Í súkkulaðimolunum frá Garden Society eru á bilinu 5–10 milligrömm af THC-efninu í hverjum mola. Í hverri jónu, sem þær kalla Rosettes, eru 0,000375 kílógrömm í hverri þeirra.

„Kannabisplantan er ein sú elsta sem ræktuð hefur verið í heiminum. Hún inniheldur kannabisefni sem verka á víxl með endókannabínói líkamans og taugakerfisins sem getur haft mismunandi áhrif sem getur hjálpað til við stresssvörun, slökun og svefn. Fyrir þá sem eru að nota kannabis í fyrsta sinn er mikilvægt að muna að áhrif hvers og eins eru einstaklingsbundin. Ég mæli alltaf með að byrja með litla skammta á meðan fólk gerir tilraunir og finnur út hvað sé best fyrir það. Síðan er líka mikilvægt að kaupa vöruna af viðurkenndum aðila og að hafa gaman,“ segir Erin brosandi og bætir við:

„Hjá Garden Society skuldbindum við okkur til að fara fram úr væntingum viðskiptavinanna í öllu sem við gerum. Því er okkur mikið í mun að nota eingöngu sjálfbært gæðahráefni og við leggjum mikið upp úr fagurfræðilegri áferð og fallegum umbúðum. Kannabis sem við notum kemur frá sjálfbærum sveitabæjum í Mendocion- og Sonomasýslunum. Hver einasta vara fer í gegnum rannsóknarstofu í gegnum allt ferlið, allt frá hráu hráefni til lokavöru áður en við sendum hana frá okkur.“

Úr Tupperware í kannabis

Nú hafa þær stöllur sett 15 vörutegundir á markað þar sem áferðarfalleg hönnun umbúða og varanna er í fyrirrúmi. Hver vara er handgerð og prófuð á rannsóknarstofu áður en hún fer í sölu.

„Það sem hefur verið helsta hindrunin við vöruþróunina er að setja upp áreiðanlega virðiskeðju. Í Kaliforníu, þar sem við störfum innan leyfilegra kannabismarka, verðum við að vinna með viðurkenndum aðilum í öllu ferlinu. Kannabisiðnaðurinn hér er enn ungur, aðeins nokkurra ára gamall, og þá er enn verið að fínpússa þetta allt á sama tíma og við erum að byggja upp okkar fyrirtæki svo það hefur verið áskorun.“

Stór hluti sölunnar fer fram í gegnum garðpartí eða heimakynningar og er nú talað um byltingu í þeim efnum vestanhafs þar sem Tupperware-plastvörukynningar lúta nú víða í lægra haldi fyrir kannabisheimakynningum. Í garðpartíunum er 21 árs aldurstakmark þar sem gestir fræðast um plöntuna, spyrja spurninga og fá að prófa hinar ýmsu vörutegundir. Vert er þó að hafa í huga að í slíkum garðkynningum eru vörur ekki til sölu heldur er um fræðsluviðburði að ræða.

„Við erum gríðarlega stoltar af garðpartíunum okkar og það er alveg ótrúlegt að sjá hvað þau hafa fært mörgum konum mikla gleði. Við byrjuðum með þau í byrjun árs 2017 og þau eru einstök fræði- og upplifunarferð fyrir konur til að læra um kannabis og þær vörur sem við bjóðum upp á. Þetta er persónuleg leið fyrir konur til að taka þátt í samræðum um hvernig kannabis getur styrkt þær til að endurheimta og hlaða sjálfar sig. Það er líka mikilvægt að hafa í huga að garðpartíin eru ekki hugsuð til neyslu á kannabis heldur sem fræðslustundir. Þetta hefur verið gríðarlega vinsælt og vel tekið. Eftir að kórónakrísan skall á hefur ekki verið mögulegt að halda garðpartíin en í staðinn höfum við boðið upp á rafrænar uppákomur með til dæmis jóga og kennslustund í notkun á kannabis. Við sjáum mikilvægi þess að vera í góðu sambandi við okkar viðskiptavini og hvað fræðsla til þeirra og samstaða gerir mikið fyrir okkar vörur.“ */ehg*

Staðreyndir um kannabis:

- Kannabis hefur verið notað í lækningaskyni í þúsundir ára, meðal annars í Kína milli 2000 og 3000 árum fyrir Krist.
- Það eru yfir 400 efnafræðilegar samsetningar í kannabis og um 113 þeirra eru svokölluð kannabisefni, sem hafa ólík áhrif á fólk.
- THC (tetrahydrocnnabinol) og CBD (cannabidiol) eru tvö mest þekktu kannabisefnin. THC er í aðalatriðum efnið sem gefur vímu á meðan CBD er einnig notað í kannabis í lækningaskyni.
- Það eru fleiri kannabisefni sem sagt er að hafi ólík áhrif en minna er búið að rannsaka þau.
- Líkaminn bregst við kannabisefnum á tvo ólíka vegu en fyrri tegundin viðtaka er aðallega að finna í heilanum og gefur upphaf til geðáhrifa á meðan hin finnst aðallega í ónæmiskerfinu og gefur eitthvað af upphafinu á þeim áhrifum sem kannabis getur haft til dæmis á MS-sjúkdóminn.

(Heimild: Magasinet – Dagbladet)

UTAN ÚR HEIMI

Sumarherferðir norsku bændasamtakanna vekja athygli

Norsku bændasamtökin keyra um þessar mundir tvær sumarherferðir fyrir norska bændur sem er annars vegar Instagram-leikur þar sem bændur stilla út römmum við þjóðveginn sem á stendur Kom hit, eða Komið hingað – kveðja frá bónda. Hins vegar er herferð um að endurvinna dósir í stað þess að kasta þeim á víð og dreif sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir dýr.

Landbúnaðarráðherra Noregs, Olaug Bollestad kynnti endurvinnsluherferðina með forsvarsmönnum bændasamtakanna til að vekja fólk til umhugsunar að hætta að kasta rusli og dósum í vegkanta þar sem það getur hafnað í fóðri dýra. Áldósir geta orðið eins og rakvélablöð og hefur hræðilegar afleiðingar fái dýr það í fóðri. Á hverju ári skaðast dýr í Noregi vegna þessa en nóg er að pínulítill hluti af áldós lendi í maga dýrs til að valda skaða. Herferðin mun að mestu keyra á samfélagsmiðlum en einnig sem plaköt í verslunum og á ýmsum áfangastöðum.

Flestir ferðast innanlands

Reiknað er með að flestir Norðmenn ferðist innanlands í sumar vegna kórónuástandsins og því vilja norsku bændasamtökin minna fólk á hver það er sem heldur menningarlandslaginu opnu, bændurnir um allt land. Þess vegna var ákveðið að ráðast í Komið hingað – kveðja frá bónda-herferðina sem hefur verið vel tekið um allan Noreg. Bændur um allt land, í samvinnu við sín búnaðarfélög, hafa búið til svokallaða Instagram-ramma með skilaboðunum á þar sem fólk getur myndað sig í fallegu umhverfi og birt á Instagram. Hér mun því umhverfi bænda fá að njóta sín um leið og ferðamenn skapa minningar á ferð sinni um landið í sumar.

/ehg - Bondebladet

Norðmenn nota flygildi til að hámarka skógræktina

Norskir bændur eru umfangsmiklir þegar kemur að skógrækt og framleiðslu á timbri en undanfarin ár hafa þeir átt undir högg að sækja vegna aukinnar samkeppni á þessu sviði í heiminum. Nú hafa þarlendir snúið vörn í sókn með nýju þróunarverkefni, sem er samstarfsverkefni margra stofnana.

Tilgangurinn er að gera norska skógrækt betur samkeppnishæfa og hefur verið stofnuð sérstök þróunarmiðstöð í þessum tilgangi sem hefur hvorki meira né minna en úr 3,3 milljörðum íslenskra króna að moða á næstu átta árum.

Eitt verkefni þróunarmiðstöðvarinnar, sem er með 22 skilgreind þróunarverkefni, er kallað SmartForest en það byggir á því að færa skógarbúskap inn í nútímann með því að nýta stafræna tækni til að bæta árangurinn. Til þess að geta það hefur verið þróað flygildi sem getur aðstoðað bændur við að skoða eigin ræktun, meta hvort skógurinn sé að vaxa nógu hratt og vel og jafnvel finna svæði sem e.t.v. þurfa á sérstakri áburðargjöf að halda og fleira mætti nefna.

/SNS-Bondebladet

Loftpressur í hæsta gæðaflokki

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hljóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Gerðu kröfur — hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 eða sendu línu á gma@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

NÝR MASSEY FERGUSON 8S

MASSEY FERGUSON®

JÖTUNN
LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA

AFLVÉLAR

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Hvítserkur er brimsorfinn 15 metra hár klettur í sjó við vestanverðan botn Húnafjarðar í Vestur-Húnavatnssýslu. Hann stendur rétt í flæðarmálinu, austan við Vatnsnesið. Hvítserkur er hvítur af fugladriti og er sennilegt að nafnið sé dregið af því.

Ísland býður á stefnumót:

Heimsókn á friðlýst svæði

Stefnumót við náttúruna er yfirskrift hvatningarátaks sem miðar að því að hvetja landsmenn til að heimsækja friðlýst svæði á Íslandi í sumar. Að átakinu stendur umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samstarfi við Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarð og þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Friðlýst svæði á Íslandi eru tæplega 120 talsins og þar geta gestir upplifað ólíkar hliðar íslenskrar náttúru, allt frá viðkvæmum gróðri og skordýrum til stórbrotinna fjalla, landslags og útsýnis sem á engan sinn líkan.

Aukin fræðsla um friðlýsingu

Á mörgum svæðanna er í boði fjölbreytt þjónusta þar sem landverðir veita fræðslu og upplýsingar og traustir innviðir á borð við göngustíga, útsýnispalla, tjaldstæði og nútímaleg salerni eru innan seilingar.

Verkefnið Stefnumót við náttúruna er hluti af yfirstandandi friðlýsingarátaki umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem felur meðal annars í sér aukna fræðslu um friðlýsingar og friðlýst svæði.

Friðlýsingarflokkar

Íslenskir friðlýsingarflokkar eru níu talsins og taka mið af flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) fyrir vernduð svæði. Þannig eru friðlýst svæði á Íslandi samanburðarhæf við verndarsvæði í öðrum löndum og auðvelt að leggja mat á árangur verndar.

Flokkun IUCN grundvallast á því hver markmiðin eru með stjórn svæðanna en fleiri þættir skipta einnig máli, til dæmis einkenni svæðanna og sérstaða þeirra. Svæði geta raunar fallið undir fleiri en einn flokk. Þannig geta mismunandi svæði innan þjóðgarða verið skilgreind í ólíka verndarflokka. Flokkuninni er ætlað að hjálpa til við skipulagningu verndaðra svæða, stjórn framkvæmda og stuðla að bættum upplýsingum um svæðin.

Íslenskir friðlýsingarflokkar skiptast í náttúruvé, óbyggð víðerni, þjóðgarða, náttúruvætti, friðlönd, landslagsverndarsvæði, verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, fólkvanga, friðlýst svæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar og friðlýsing heilla vatnakerfa. */VH*

Höfuðbýlið Bustarfell í Hofsárdal, Vopnafirði. Margt um manninn og fjölskyldufólk fjölmennti á Bustarfellsdaginn.

Myndir / Birna H. Einarsdóttir og Þórdís Þórarinsdóttir

Bustarfellsdagurinn haldinn í 28. sinn

Þann 5. júlí síðastliðinn var Bustarfellsdagurinn haldinn hátíðlegur í 28. sinn. Dagskráin fór fram á hinu forna höfuðbýli Bustarfelli í Hofsárdal, Vopnafirði, þar sem einn stærsti og best varðveitti torfbær landsins stendur. Í honum er minjasafn, sem geymir tveggja alda sögu lifnaðarhátta í bænum og sveitinni á tímabilinu 1770 til 1966 að flutt var úr bænum.

Á Bustarfellsdaginn lifnar gamli bærinn við þegar gengið er í gömlu störfin og í ár mátti til að mynda sjá hina þekktu textíllistakonu Sigrúnu Láru Shanko að störfum og annars staðar í bænum var skorið út, ofið við vefstólinn, prjónað jafnt á hringprjónavél og gömlu góðu sokkaprjónana og úti í hjallinum bullaði í ullarlitunarpottunum.

Venju samkvæmt mátti gæða sér á ýmiss konar góðgæti hér og þar um bæinn, svo sem reyktu sauðakjöti, heimabökuðu rúgbrauði og harðfiski, og fá bæði í nefið og

Yngri og eldri engjamenn. Það söng og hvein í ljánum hjá þessum sláttumönnum.

Þjóðleg stemning og prúðbúnu heimasæturnar á baðstofuloftinu.

tána í skiptum fyrir góða sögu eða vísu. Þá tóku heimasætur í upphlut á móti gestum á baðstofuloftinu og buðu upp á kaffi, lummur og kandís.

Í gamla haughúsinu voru valin brot úr heimildarmynd Ásdísar Thoroddsen, Gósenlandið, sýnd, en Elín heitin Methúsalemsdóttir, húsfreyja á Bustarfelli, fléttar saman þræði myndarinnar með því að segja frá matarhefðum á Bustarfelli og sögu bæjarins. Á kaffihúsinu Hjáleigunni hékk uppi ljósmyndasýning Halldóru Andrésdóttur, Réttardagur, með svipmyndum af bændum og búaliði á réttardegi í Teigsrétt. Og í Hjáleigunni svignuðu borðin undan bakkelsi sem Kvenfélagið Lindin reiddi fram af list og mettaði mannskapinn.

Að vanda var aðsókn góð og fjölmennti fjölskyldufólk, enda var af nógu að taka fyrir börnin, sem gátu til að mynda farið á hestbak og skemmt sér með dýrunum í dalnum, sem léku við hvurn sinn fingur, og gátu því allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

Fleiri myndir frá þessum skemmtilega degi má finna á Facebook-síðu minjasafnsins og safnið verður opið alla daga frá 10–17 og kaffihúsið Hjáleigan frá 11–17 út sumarið. */FÁI*

DRIFLÆSING FRAMAN OG AFTAN / HÁTT OG LÁGT DRIF / RAFLÉTTISTÝRI / DRÁTTARKÚLA / SPIL / STÓR DEKK / STILLANLEG FJÖÐRUN

COBALT 550 MAX LTD
Götuskráð tveggja manna
Kr. 1.680.000
með vsk.

IRON 450 MAX LTD
Götuskráð tveggja manna
Kr. 1.480.000
með vsk.

AFLVÉLAR JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is
Vesturhrauni 3 // 210 Garðabær // 480 0000 // aflvelar.is // sala@aflvelar.is

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir við bjarnarklóarbreiðu á Végeirsstöðum fyrr í sumar. Mynd / Sesselja Guðrún Sigurðardóttir

Kortlagning ágengra plantna í Þingeyjarsveit:

Skógarkerfill og lúpína breiðast hratt út

„Það er mjög mikið af skógarkerfli í Þingeyjarsveit, sérstaklega á Laugum í Reykjadal, en þaðan hefur hann dreifst mjög víða um Reykjadalinn. Þá er orðið mikið af skógarkerfli á nokkrum svæðum í Kaldakinn og stöku stað í Aðaldal og Fnjóskadal," segir Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir, líffræðingur hjá Náttúrustofu Norðausturlands.

Sigþrúður og Sesselja Guðrún Sigurðardóttir, sem einnig er líffræðingur hjá NNA, luku í sumar við kortlagningu á ágengum og framandi plöntutegundum í Þingeyjarsveit, lúpínu, skógarkerfli og bjarnarkló. Vettvangsvinnu er lokið og er nú verið að vinna upp úr henni. Verkinu lýkur í haust.



Sesselja Guðrún Sigurðardóttir við vettvangsvinnu sumarið 2019. Mynd / Chanee Thianthong

Sesselja Guðrún og Sigþrúður Stella önnum kafnar í vettvangsvinnu í fyrrasumar. Mynd / Chanee Thianthong

Útbreiðsla eykst með minnkandi beit

Sigþrúður Stella segir að skógarkerfillinn breiðist mjög hratt út um svæðið, meðfram vegum þar sem fræin „fá far" með farartækjum og meðfram ám og lækjum. Einnig getur hann dreifst mjög auðveldlega með jarðvinnuvélum sem fara á milli svæða.

Með minnkandi beit á svæðinu hefur útbreiðsla hans aukist mjög mikið og hann leggur auðveldlega undir sig gömul næringarrík tún og önnur vel gróin svæði en einnig tekur hann yfir lúpínubreiður. Í þéttum breiðum verður skógarkerfillinn allsráðandi og aðrar plöntutegundir þrífast þar ekki.

„Spánarkerfill er ekki eins útbreiddur en á nokkrum stöðum eru miög stórar breiður af honum. Hann dreifist á sama hátt og skógarkerfill. Hann er ekki enn orðinn eins ágengur en spurning hvað verður," segir Sigþrúður Stella.

Aðrar plöntur verða undir í samkeppni við lúpínu

Lúpína er víða um svæðið, að sögn Sigþrúðar Stellu, og eru stærstu breiðurnar í landgræðslugirðingum og skógarreitum en hún hefur einnig dreift sé víða utan þeirra svæða og inn á gróið land þar sem ekki er beit.

„Lúpína hefur dreift sér víða meðfram Skjálfandafljóti og Fnjóská og út í eyrar og hólma í ánum. Plöntutegundum fækkar í lúpínubreiðum þar sem litlar plöntur verða undir í samkeppninni. Í hólmum og meðfram Fnjóská hefur t.d. eyrarrósin þurft að víkja fyrir lúpínu."

Mikið um bjarnarkló á Végeirsstöðum

Bjarnarkló, eða risahvönn, er ekki á mörgum stöðum innan sveitarfélagsins en Sigþrúður Stella segir að þó hafi nú í sumar fundist margar plöntur innan skógargirðingar við Végeirsstaði í Fnjóskadal, – „og þar eru fleiri plöntur en á öllum hinum stöðunum, þar sem bjarnarkló er, til samans". */MÞÞ*

Séð yfir Lauga í Reykjadal sumari 2019, en þar sjást stórar kerfilsbreiður greinilega. Mynd / Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Mikið úrval varahluta í Ifor Williams og allar aðrar gerðir af kerrum, ásamt úrvals viðgerðarþjónustu

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Bændablaðið *Smáauglýsingar* **56-30-300**
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Íbúðarhúsnæði á Bifröst til leigu

Fjölbreytt og hagstætt íbúðarhúsnæði til leigu.

Einstaklingar fá herbergi í 2-6 manna íbúðum en einnig bjóðast fjölskylduíbúðir af öllum stærðum og gerðum.

Tilvalið fyrir þá sem vilja stunda nám við Háskólann á Bifröst sem og þá sem vilja búa í fallegri sveit.

Í skólanum er bjart og fallegt bókasafn og á staðnum er líkamsræktarstöð og heitir pottar.

Með búsetu á Bifröst fylgir aðgangur að háhraða interneti.

Nánari upplýsingar á bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- í fararbroddi í fjarnámi

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Myndarlegt einkarekið tjaldsvæði með veitingahúsi í landi Kjóastaða í Bláskógabyggð nýtur vaxandi vinsælda:

Tjaldsvæðið SKJÓL með sögufrægan bar úr Pálmasal Hótel Borgar

— Eigandinn er menntaður þjónn af Hótel Sögu og ostasalinn hans menntaður framreiðslumeistari á barnum góða af Borginni

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Jón Örvar Baldvinsson hóf rekstur á tjaldstæðinu Skjóli sumarið 2014 og nýtur staðurinn ört vaxandi vinsælda.

Skjól er nýlegt einkarekið tjaldsvæði sem var opnað vorið 2014 og nýtur sívaxandi vinsælda, bæði meðal erlendra ferðamanna og Íslendinga. Greinilegt er að mikill metnaður ríkir í uppbyggingu staðarins og þjónustu við ferðamenn, sem koma þar aftur og aftur. Enda hefur staðurinn skartað fimm stjörnum á ferðasíðunni Tripadvisor sem segir heilmikið um ánægju þeirra viðskiptavina sem þangað koma.

Skjól er vel staðsett á „Gullna hringnum“ svonefnda, mitt á milli Gullfoss og Geysis við veg nr. 35 í landi Kjóastaða 1. Á veitingastaðnum, sem er með sali á tveim hæðum, er hægt að taka við allt að 180 manns í mat í einu.

Stutt er í vinsælustu náttúruperlur landsins og aðeins 3,5 km niður að Geysi, 6 km upp að Gullfossi og um 4 km að Brúarhlöðum. Þá er kjörbúðir að finna í um 25–30 km radíus, þ.e. á Laugarvatni, á Flúðum og einnig á bensínstöðinni á Reykjum.

Jón Örvar Baldvinsson er eigandi tjaldstæðisins og veitingastaðarins Skjóls. Tíðindamaður Bændablaðsins tók hús á Jóni Örvari nú í sumar og spurði hann um uppruna og ástæður þessarar uppbyggingar í landi Kjóastaða.

Með sögufrægan bar á tjaldsvæði í uppsveitum Árnessýslu

Það er þó fleira merkilegt við Skjól en myndarleg aðstaða fyrir ferðaglatt bakpoka-, fellihýsa-, hjólhýsa- og húsbílafólk. Á veitingastaðnum sem þar hefur verið byggður upp er líklega um 57 ára gamall veglegur bar sem ættaður er úr Pálmasal Hótel Borgar í Reykjavík. Við þennan bar hafa margir þjóðþekktir og líka heimsfrægir einstaklingar væntanlega kneyfað öl úr krús eða dreypt á gini í tónik.

Margir eiga þannig tengsl við þetta barborð í gleði og örugglega hafa einhverjir líka reynt að drekkja þar sorgum sínum. Meira að segja sölufulltrúi MS, sem færir eiganda Skjóls ost í hverri viku, á við það sterka tengingu. Hann heitir Bjarki Long og er lærður framreiðslumeistari og nam sitt fag einmitt við þetta barborð á Hótel Borg á sínum tíma.

Á kvöldin er ekki óalgengt að gestir setjist niður við barinn og spili nokkur lög á gítar. Ef gestir geta haldið lagi, spilað þrjú lög á gítar eða píanó og fengið klapp frá áhorfendum fá þeir gjarnan bjór í verðlaun. Þar hafa líka troðið upp margir heimsfrægir listamenn af ýmsum toga úr hópi gesta. Erfitt hefur þó verið undanfarið að bjóða upp á lifandi músík á Skjóli vegna nálægðartakmarkana og hættu á útbreiðslu COVID-19.

Kom frá Húsavík og lærði að vera þjónn á Hótel Sögu

„Ég er lærður þjónn og lærði mitt fag á Hótel Sögu þar sem ég byrjaði 22 ára gamall,“ segir Jón Örvar. „Ég hef eiginlega unnið við veitingaþjónustu alla mína starfsævi. Annars kem ég frá Húsavík og kom til starfa á Geysi árið 2002. Þar var ég að vinna til 2014 þegar ég hóf hér starfsemi. Ég byggði þetta upp sem fjölskylduvænt tjaldsvæði og hef haldið mig við það síðan.“

Bjarki Long er sölufulltrúi fyrirtækjasviðs MS og kemur reglulega í heimsókn til Jóns Örvars í Skjóli með ost. Hér eru þeir félagarnir við mjög merkilegan bar sem á sér mikla sögu og er frá 1963 og var á Hótel Borg í Reykjavík. Þar var barinn í Pálmasalnum til 2008 þegar staðnum var breytt. Bjarki er menntaður framreiðslumeistari og lærði sitt fag einmitt á þessum bar á Hótel Borg á sínum tíma. Barinn er mikil og vönduð smíð og níðþungur og segir Jón að mikið átak hafi verið að koma honum fyrir á veitingastaðnum í Skjóli.

Jón passar upp á að krakkar hafi eitthvað við að vera í Skjóli og hefur komið upp ærslabelg á svæðinu ásamt rólum og sparkvelli. Þá reyndi hann um sinn að bjóða krökkum upp á að kynnast kanínum og geitum. Af heilbrigðissjónarmiðum ákvað hann þó að hætta því, allavega í bili.

Keypti land á Kjóastöðum 2010

„Ég keypti landið upphaflega undir þessa starfsemi af Magnúsi Jónassyni og Kristínu Ólafsdóttur á Kjóastöðum 1 árið 2010. Um haustið 2013 byrjaði ég að leggja hér vegi fyrir veitingastaðinn og tjaldstæðið og fá öll leyfi til að breyta skilyrðum landsins úr því að vera bújörð yfir í svæði fyrir verslun og þjónustu. Ég flutti tvö hús hér á lóðina 2014 og síðan opnaði ég aðstöðuna hér 1. júní 2014. Ég byggði síðan tengibyggingu úr stálgrind á milli húsanna árið 2017. Ég er því kominn hér með rúma 500 fermetra að gólffleti.

Í upphafi byrjaði ég með að vera með „hostel“ gistingu í öðru húsinu og var nóg að gera. Hins vegar jókst eftirspurn eftir gistingu í gegnum Airbnb og annað hröðum skrefum hér á svæðinu og fékk ég þá hvergi gistingu fyrir starfsfólkið mitt. Þess vegna breytti ég gistiaðstöðunni í starfsmannahúsnæði og sparaði mér þá líka bílakostnað við að koma starfsmönnum til og frá vinnu.

Ég fæ enga styrki eða meðgjöf með þessum rekstri og því held ég að næsta skref hjá mér verði að sækja um lögbýlarétt, allavega til að fá niðurfellingu af gjöldum vegna starfsmannahúsnæðis.“

Hyggst reisa nýtt aðstöðuhús fyrir tjaldstæðagesti

Öll aðstaða fyrir tjaldstæðagesti, eins og salerni, sturtur og upp-þvottaaðstaða, er í þjónustuhúsinu sem hýsir líka veitingastaðinn. Þessu hyggst Jón breyta.

„Það er stefnan að byggja hér á svæðinu nýtt aðstöðuhús sem eingöngu yrði fyrir tjaldstæðið, en í dag er sú aðstaða sameiginleg með veitingastaðnum sem getur stundum verið bagalegt.“

Áberandi breyting á aðbúnaði ferðamanna

Jón segir að aðsóknin að tjaldsvæðinu Skjóli hafi vaxið hröðum skrefum og áberandi breyting sé á aðbúnaði ferðamanna. Nú séu hjólhýsi mest áberandi ásamt fellihýsum og tjaldvögnum, en tjöld eru ekki mjög áberandi lengur.

Ört vaxandi aðsókn

„Fyrsta árið vorum við að fá hingað á tjaldstæðið á milli tvö til fjögur þúsund manns. Það jókst fljótlega

Tjaldstæðið Skjól í Bláskógabyggð er 3,5 km austur af Geysi í Haukadal. Hér sést 500 fermetra þjónustuhús tjaldsvæðisins þar sem eru íbúðir starfsmanna, veitingasalur sem tekur allt að 180 manns í sæti, eldhús, bar, salerni og sturtur.

upp í sjö til átta þúsund. Síðustu ár hafa komið hér um 13 til 14 þúsund manns yfir sumartímann, þ.e. frá maí fram í september.

Ég hef verið með opið nær allt árið, nema hvað ég hef lokað frá miðjum desember og fram í miðjan janúar, m.a. til að gefa starfsfólkinu frí.

Þegar flugfélagið WOW var og hét, var mjög áberandi að ungt ferðafólk kæmi hér á litlum „camper“ ferðavögnum og legðu á planinu fyrir utan húsið allt árið um kring. Þetta fólk þurfti á þjónustu að halda, bæði varðandi sturtuaðstöðu, netsamband og mat. Ég sá því í hendi mér að ef það lögðu 20 „camper-bílar“ hér á planinu fyrir utan þá gæti ég átt von á 40 manns í mat um kvöldið. Það var því nauðsynlegt að hafa hér opið að mestu allt árið.

Ég hef verið að ráðleggja kollegum mínum úti á landi það sama og benda á að það þurfi að vera svona aðstaða í boði í öllum landshlutum sem opin er allt árið. Fyrst við vorum að blása til sóknar og hvetja ferðamenn til að koma til Íslands allt árið, þá verðum við líka að hafa aðstöðu fyrir þetta unga fólk sem nýtir sér þennan ferðamáta. Við fundum hins vegar fyrir talsverðu höggi þegar WOW air hætti starfsemi.“

Í harðri samkeppni við ríki og sveitarfélög

Jón segir ekki alveg sanngjarnt að bera saman aðstöðu á einkareknum tjaldsvæðum sem hafa ekki annað en innkomuna til að byggja á hverju sinni, eða tjaldsvæðum sem rekin eru af sveitarfélögum eða jafnvel ríkinu.

„Fólk vill eðlilega hafa allt til alls á tjaldstæðum, eins og sturtur, þvottavélar og annað en við erum þar alltaf í harðri samkeppni við ríki og sveitarfélög.

Ég hef til dæmis aldrei fengið styrki til að byggja upp þessa aðstöðu á Skjóli, né niðurgreiðslur á rafmagni eða öðru. Þá þarf ég sjálfur að skaffa sorpgám sem ég borga fyrir tæmingu á, en ég fæ þó á þriggja ára fresti tæmingu á rotþró, en borga sjálfur fyrir seyrulosun. Þá verð ég einnig að sjá um snjómokstur inn á svæðið. Það segir sig því sjálft að í harðri samkeppni við opinbera aðila gengur uppbyggingin kannski örlítið hægar en maður vildi.“

Þrátt fyrir harða samkeppni er ekki annað að sjá en að Jóni hafi tekist af miklum dugnaði og eljusemi að byggja upp tjaldstæði og veitingaaðstöðuna í Skjóli af myndarbrag. Vaxandi vinsældir staðarins benda reyndar til þess að gestir kunni að meta það sem þar er boðið upp á og margir koma þangað aftur og aftur. Hefur staðurinn líka verið hátt skrifaður á vefsíðu Tripadvisor og oft skartað þar fimm stjörnum. Það skiptir miklu máli í því skrítna árferði sem ríkt hefur undanfarin misseri í skugga COVID-19 heimsfaraldursins.

Gott samstarf er lykilatriði

„Tíðarfarið var líka erfitt í vetur, en ég hef verið svo heppinn hvað ég hef átt í góðu samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki eins og Mountainers og Arctic Ventures sem hafa verið með vélsleðaþjónustu. Hópar frá þeim hafa komið til mín í mat á kvöldin. Svo er River Rafting hér með aðstöðu í nokkurra kílómetra fjarlægð. Eins hafa strákar sem hafa verið að bjóða upp á akstur á „Buggy“ bílum

Jón við tjaldstæðið sem er stórt og rúmgott. Þar hefur hann verið að planta skjólbeltum og hefur í huga að byggja nýtt aðstöðuhús fyrir gesti tjaldsvæðisins til að auka þægindi gesta. Í dag er klósett, þvotta- og sturtuaðstaða, sem er reyndar góð, í sömu byggingu og veitingasalurinn.

verið með aðstöðu hér þar til nú í sumar.“

Kappkostar að bjóða íslenskt hráefni úr héraðinu

„Ég hef boðið hér upp á tiltölulega einfaldan mat, hamborgara, pitsur, fisk og franskar, grænmetisbar og súpu. Þar er ég mjög heppinn með að fá mest allt hráefni frá bændum hér á svæðinu. Bjarki Long í Mjólkursamsölunni kemur svo með ostinn til mín. Ég fer með um 75 kg af pitsuosti á viku fyrir utan annan ost sem ég kaupi.“

Gestir sem gista á Skjóli fá svo afslátt af aðgangi í Gömlu laugina á Flúðum (Secret Lagoon). Í nágrenninu eru svo hestaleigur og ekki má gleyma hinum glæsilega Haukadalsvelli fyrir kylfingana sem er í tveggja kílómetra fjarlægð. Þá er stutt í Haukadalsskóg fyrir lengri eða styttri gönguferðir.

Góð samvinna rekstraraðila á svæðinu

„Við verðum þá líka að passa okkur að bjóða upp á sanngjarnt verð. Það er mikilvægt, ekki síst vegna þess að Ísland hefur legið undir ámæli vegna þess hversu dýrt sé að koma hingað. Ef fólk hefur viljað gera enn betur við sig í góðum steikum eða öðru, þá hef ég bent okkar gestum á Hótel Geysi og veitingaaðstöðuna sem þar er.

Góð samvinna skiptir öllu máli í svona rekstri og við höfum verið mjög dugleg að benda hvert á annað. Það hefur komið mjög vel í ljós hin síðari ár hvað veitingaþjónustan og gistingin er að vinna vel saman með afþreyingunni. Ég hef notið þess að eiga mjög ánægjuleg samskipti við þessi ferðaþjónustufyrirtæki.“

Jón segist telja að sanngjörn verðlagning skili sér alltaf til baka. Þó margir vilji helst fá fleiri vel stæða ferðamenn til landsins, þá séu þeir ekkert frekar tilbúnir að greiða hvað sem er fyrir þjónustuna. Þarna gildi orðsporið sem af staðnum fer vegna upplifunar ferðamanna, en fátt er dýrmætara en gott orðspor þegar til lengdar lætur.

Erfitt og skrítið rekstrarár

„Rekstrarárið 2020 er búið að vera mjög erfitt og skrítið fyrir flesta í þessum bransa. Ég þakka því fyrir að vera hér á Suðurlandinu og staðsettur við fjölförnustu ferðamannaleiðina. Mér heyrist að staðan hafi verið mun erfiðari víða annars staðar.

Hér er rúnturinn allt árið um kring, en þar var ég líka heppinn að vera í samstarfi við kínverska konu og í gegnum hana fékk ég daglega til mín Asíubúa í norðurljósaferðir frá miðjum janúar og fram í apríl. Í desember á síðasta ári fór þessi kona að tala um gríðarlegar afbókanir út af einhverri

Í Skjóli má sjá peningaseðla hengda upp á snúrur í stafrófsröð yfir barnum. Eigandinn segir að þetta hafi byrjaði með nafnspjöldum en smám saman hafi það undið upp á sig og gestir skilið eftir áritaða seðla með kveðju fyrir góða þjónustu. Þarna getur að líta marga merkilega seðla og suma sjaldgæfa. Jón Örvar segir þó að tíkall með mynd af Jóni Sigurðssyni sé í mestu uppáhaldi hjá sér.

flensu. Þessi flensa reyndist svo vera COVID-19.

Fram að því voru um 80% af mínum gestum útlendingar og því þurfti ég að fara að vekja meiri athygli á staðnum meðal Íslendinga. Þrátt fyrir þennan faraldur er ég því mjög þakklátur fyrir hvað Íslendingar hafa verið duglegir að koma til mín og þá sérstaklega í júlí. Helgarnar í júní voru líka fínar, en þetta fór aðeins af stað í maí. Vegna faraldursins var maður þó svolítið á báðum áttum hvernig maður ætti að gera þetta og nú spyr maður sig að því á hverjum einasta degi. Þar er að mínu mati ekkert annað í stöðunni en að fara eftir öllum þeim tilmælum sem yfirvöld beina til okkar.“

Útilegukortið mikilvægt og gefur fleirum kost á að ferðast ódýrt

– Nú eruð þið aðilar að útilegukortinu, hefur það skipt ykkur máli?

„Já, það hefur skipt miklu máli og trekkir til mín fólk. Ég sé að sveitarfélög eru að sækjast meira og meira eftir að fá útilegukortið vegna þess að sá fjöldi sem með það er sækir líka í aðra þjónustu á svæðunum fyrir utan tjaldstæðin.

Útilegukortið gefur fleira fólki kost á að ferðast á ódýran hátt og nýta sér þá um leið niðurgreiðslur sinna stéttarfélaga. Það skiptir líka miklu máli þegar fólk er með mörg börn, því þarna er allt frítt fyrir börn undir 16 ára aldri og það á bæði við sturtur og aðra þjónustu. Þetta er mikil kjarabót. Á sama hátt er sérkennilegt að ferðagjöf ríkisins skuli ekki gilda á tjaldsvæðum.“

Tjaldstæði njóta ekki ferðagjafar ríkisins

„Ferðagjöfin gildir ekki á tjaldsvæðum vegna þess að þau flokkast ekki undir staði sem bjóða upp á gistiherbergi. Fram yfir síðustu áramót hafði ég samt verið að rukka hér gistináttagjald á tjaldsvæðinu. Þá var rukkað fyrir hverja ferðaeiningu og skipti engu máli hvort um var að ræða einn Ítala á hjóli með lítið tjald, eða fimm Asíubúa í húsbíl. Það kostaði það sama fyrir einninguna.“

Margir hafa einnig bent á að það sé sérkennilegt að hægt sé að nota ferðagjöfina á veitingastöðum í Reykjavík en ekki á tjaldstæði í höfuðborginni og víðar um land sem mikið eru nýtt af fjölskyldufólki. Jón telur að kannski hafi þetta ekki verið ígrundað nógu vel þegar ákvörðunin var tekin.

Skattur á skatt ofan

„Reyndar var ég alltaf á móti því að við værum að rukka gistináttagjald á tjaldsvæðum þar sem ekki var verið að leigja neitt gistihúsnæði. Þá var annað undarlegt við þetta að gistináttagjaldið var 300 krónur og síðan lagðist virðisaukaskattur þar ofan á sem var 33 krónur. Þannig var verið að innheimta skatt ofan á skatt.

Nú er búið að leggja þennan skatt af, allavega til apríl 2021, en ég trúi því ekki að þeir haldi áfram með þennan skatt eftir það á tjaldsvæðagesti.“

Á „köldu“ svæði mitt á þekktasta háhitasvæði landsins

Þó einkennilegt mætti virðast þá er ekki jarðhiti svo heitið geti í landi Kjóastaða þó örstutt sé í eitt þekktasta háhitasvæði veraldar við Geysi. Því hefur raforkukostnaðurinn verið drjúgur í rekstrinum hjá Jóni.

„Þó staðsetningin sé hér góð til reksturs með Gullfoss og Geysi hvort sínum megin, þá er það viss kaldhæðni að hér skuli ekki vera jarðhiti í næsta nágrenni við Geysi. Þá eru ekki nema um 20 km í Efri-Reyki, þar sem maður sér gufustrókinn stíga upp af hitaveitunni alla daga. Þetta háði okkur strax í byrjun, m.a. við að skaffa heitt vatn í sturturnar fyrir gestina.

Vegna þessa lét ég bora hér í landinu niður á 80 metra dýpi og náði þar í 20 gráðu heitt vatn. Það er sjálfrennandi og dæli ég því inn á varmadælu sem sér mér fyrir heitu vatni í dag, fyrir sturtu, eldhús og annað.“

Jón leiddi einnig heitt vatn í vaskaðstöðu fyrir tjaldstæðisgesti sem er við austurgafl veitingastaðarins.

„Maður sá það fljótt að Íslendingar kunna ekki að spara vatn og því kláraðist heita vatnið fljótt í uppvaskinu hjá gestunum á tjaldstæðinu og sturturnar urðu kaldar. Því skrúfaði ég fljótt þar fyrir heita vatnið í vaskana úti. Nú safna ég heita vatninu frá varmadælunni í tank og nota það fyrir sturturnar og eldhúsið og það hefur dugað ágætlega.

Það er reyndar með ólíkindum að við skulum vera komin fram á 2020 og það skuli ekki vera komið heitt vatn á bæina hér í kring frá jarðhitasvæðunum í næsta nágrenni. Enda eru íslenskir gestir sem hingað koma mjög hissa á þessari stöðu. Það hefur þó verið reynt að bora hér víða á svæðinu en árangurinn hefur ekki orðið eins og menn vonuðust til.“

Skemmtilegur og gefandi rekstur

Jón segir að þó hann sé að tuða yfir ákveðnum hlutum er varða rekstrarskilyrði tjaldsvæða, þá sé ákaflega gaman að starfa í þessari grein.

„Maður verður þó að hafa gaman af fólki og vera þjónustulundaður til að finnast þetta gaman. Þetta er því ekki fyrir hvern sem er. Það hafa komið margir hér inn sem hafa haft áhuga á þessum bransa. Á árunum 2014, 2015 og 2016 var mikill uppgangur og marga langaði að spreyta sig á ferðaþjónustu. Þetta varð svolítið „trend“, en maður fann það samt fljótt að fólk þurfti að hafa ákveðinn karakter til að þrífast vel í þessari grein.“

Hagsýni skiptir miklu máli á óvissutímum

Jón segir að nú sé ferðaþjónustan að upplifa mjög skrítna tíma sem muni eflaust knýja mörg fyrirtæki í þrot. Því sé eina ráðið að vera eins hagsýnn og hægt er, bæði í innkaupum og daglegum rekstri. Sjálfur er hann að alla daga en hefur auk þess tvær stúlkur sér aðstoðar í fullu starfi. Til að reksturinn gangi upp á svo litlum mannskap ákvað Jón að hætta að vera með opna veitingaaðstöðu í hádeginu sem útheimti meiri mannskap. Hann segir að starfsstúlkurnar verði þó bara við störf út ágústmánuð og eftir 1. september ríki algjör óvissa vegna COVID-19. „Það er samt ekkert annað í stöðunni hjá mér en að halda þessu áfram.“

Jón segist líka vonast til að Íslendingar, sem hafa verið að fjárfesta grimmt í hjólhýsum og húsbílum á þessu ári, reyni að nýta þá eign sína allavega fram á haustið. Margir séu að upplifa þennan ferðamáta í fyrsta sinn og líki vel.

„Þetta fólk er að kynnast landinu sínu á nýjan hátt sem er mjög gaman. Því er vonandi að fólk nýti sér þetta áfram,“ segir Jón Örvar Baldvinsson, sem hefur notið ómetanlegrar aðstoðar frá fjölskyldu sinni við uppbygginguna í Skjóli.

Suðvesturland

Fossvallarétt við Lækjarbotna (Rvk/Kóp)	sunnudaginn 13. sept. kl. 11.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	sunnudaginn 13. sept. kl. 13.00
Kjósarrétt í Kjós	sunnudaginn 13. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 27. sept. kl. 15.00

Vesturland

Arnarhólsrétt í Helgafellssveit	sunnudaginn 20. sept. kl. 11.00
Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 26. sept.
Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr.	sunnudaginn 13. sept., seinni réttir sun. 27. sept.
Brekkurétt í Saurbæ, Dal.	sunnudaginn 20. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 4. okt. kl. 13.00
Fellsendarétt í Miðdölum, Dal.	sunnudaginn 13. sept. kl. 14.00, önnur rétt mán. 21. sept. kl. 14, þriðja rétt sun. 27. sept. kl. 14.00
Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal.	laugardaginn 19. sept., seinni réttir lau. 3. okt.
Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr.	laugardaginn 12. sept. og sun. 13. sept.
Fróðárrétt í Fróðárhreppi	laugardaginn 19. sept.
Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal.	sunnudaginn 20. sept. kl. 12.00, seinni réttir sun. 4. okt. kl. 16.00
Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf.	laugardaginn 26. sept.
Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr.	þriðjudaginn 15. sept., önnur rétt mán. 28. sept., þriðja rétt mán. 5. okt.
Hellnarétt í Breiðuvík, Snæf.	laugardaginn 26. sept.
Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr.	mánudaginn 14. sept., önnur rétt sun. 27. sept., þriðja rétt mán. 5. okt.
Hornsrétt í Skorradal, Borg.	sunnudaginn 13. sept. kl. 13.00
Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð	sunnudaginn 13. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 27. sept. kl. 10.00
Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði	laugardaginn 19. sept., seinni réttir lau. 3. okt.
Kaldárbakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu	sunnudaginn 6. sept.
Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal.	laugardaginn 12. sept., seinni réttir lau. 26. sept.
Klofningsrétt í Beruvík, Snæf.	laugardaginn 26. sept.
Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal.	laugardaginn 12. sept.
Mýrar í Grundarfirði	laugardaginn 19. sept., seinni réttir lau. 3. okt.
Mýrdalsrétt í Hnappadal	þriðjudaginn 22. sept., seinni réttir sun. 11. okt.
Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr.	laugardaginn 5. sept.
Núparétt í Melasveit, Borg.	sunnudaginn 13. sept. kl. 13.00, seinni réttir lau. 26. sept.
Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg.	miðvikudaginn 9. sept., seinni réttir sun. 4. okt.
Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæf.	laugardaginn 19. sept.
Ósrétt á Skógarströnd, Dal.	föstudaginn 2. okt. kl. 10.00
Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg.	sunnudaginn 20. sept., seinni réttir sun. 4. okt.
Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg.	laugardaginn 19. sept.
Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal.	sunnudaginn 20. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 4. okt. kl. 13.00
Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg.	sunnudaginn 20. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 4. okt.
Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr.	mánudaginn 14. sept., önnur rétt mán. 28. sept., þriðja rétt mán. 5. okt.
Tungurétt á Fellsströnd, Dal.	laugardaginn 12. sept., seinni réttir fös. 18. sept.
Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal.	laugardaginn 19. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 11. okt. kl. 13.00
Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf.	sunnudaginn 20. sept.
Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr.	mánudaginn 14. sept., önnur rétt mán. 21. sept., þriðja rétt mán. 28. sept.
Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf.	laugardaginn 19. sept.
Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 26. sept.

Vestfirðir

Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi, A-Barð.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð.	föstudaginn 11. sept.
Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði	laugardaginn 19. sept.
Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði	laugardaginn 19. sept.
Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V.-Barð.	sunnudaginn 27. sept. kl. 14.00
Kinnarstaðarrétt í Reykhólahr., A-Barð.	sunnudaginn 13. sept.
Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand.	sunnudaginn 20. sept. kl. 14.00, seinni réttir sun. 4. okt.
Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði	laugardaginn 26. sept.
Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand.	laugardaginn 19. sept.
Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð.	laugardaginn 19. sept.
Melarétt í Árneshreppi, Strand.	laugardaginn 12. sept.
Miðhús í Kollafirði, Strand.	sunnudaginn 20. sept. kl. 17.00, seinni réttir sun. 4. okt.
Minni-Hlíð í Hlíðardal, Bolungarvík	laugardaginn 12. sept. um kl. 14.00
Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand.	laugardaginn 19. sept. um kl. 14.00
Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand.	föstudaginn 11. sept. kl. 16.00, seinni réttir lau. 26. sept.
Staðarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð.	föstudaginn 11. sept.
Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand.	sunnudaginn 20. sept. kl. 14.00, seinni réttir sun. 4. okt.
Syðridalsrétt í Bolungarvík	laugardaginn 12. sept. um kl. 14.00
Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði	laugardaginn 26. sept. kl. 16.00

Norðvesturland

Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún.	laugardaginn 5. sept. kl. 8.00, seinni réttir mán. 28. sept. kl. 13.00
Beinakeldurétt, A.-Hún.	sunnudaginn 30. ágúst kl. 9.00
Fossárrétt í A.-Hún.	laugardaginn 12. sept.
Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún.	laugardaginn 12. sept. kl. 13.00
Hlíðarrétt / Bólstaðarhlíðarrétt, A.-Hún.	laugardaginn 5. sept.
Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún.	laugardaginn 5. sept.
Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand.	laugardaginn 19. sept. kl. 15.00
Hvammsrétt í Langadal, A.-Hún.	laugardaginn 29. ágúst
Kjalarlandsrétt, A.-Hún.	laugardaginn 12. sept.
Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún.	laugardaginn 5. sept. um kl. 13.00
Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún.	laugardaginn 29. ágúst kl. 16.00
Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún.	sunnudaginn 6. sept. kl. 9.00 og sun. 13. sept. kl. 11.00
Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún.	laugardaginn 12. sept. kl. 8.30
Sveinsstaðarétt, A.-Hún.	sunnudaginn 6. sept. kl. 10.00
Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún.	föstudaginn 4. sept. kl. 13.00 og lau. 5. sept. kl. 8.00
Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún.	föstudaginn 4. sept. kl. 9.00
Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún.	laugardaginn 5. sept. kl. 10.00
Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.	laugardaginn 12. sept. kl. 13.00

Mið-Norðurland

Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyjafirði	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Árhólarétt (Undadalsrétt) við Hofsós, Skagafirði	laugardaginn 12. sept.
Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyjafirði	laugardaginn 12. sept.
Dalvíkurrétt, Dalvík	laugardaginn 12. sept.
Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði	laugardaginn 12. sept.
Flókadalsrétt í Fljótum, Skagafirði	sunnudaginn 20. sept.
Geldingsárrétt, Svalbarðsströnd	laugardaginn 12. sept.
Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði	sunnudaginn 13. sept.
Hlíðarrétt í Vesturdal, Skagafirði	sunnudaginn 20. sept.
Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði	laugardaginn 19. sept.
Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði	laugardaginn 19. sept.
Hraunarétt í Fljótum, Skagafirði	þriðjudaginn 15. sept.
Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 5. sept.
Kleifnarétt í Fljótum, Skagafirði	laugardaginn 12. sept.
Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði	sunnudaginn 13. sept. kl. 10.00
Mælifellsrétt í Skagafirði	sunnudaginn 13. sept.
Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 5. sept.
Ósbrekkurétt í Ólafsfirði	föstudaginn 18. sept. og lau. 19. sept.
Reistarárrétt í Hörgársveit, Eyjafirði	laugardaginn 12. sept. kl. 14.00
Reykjarétt í Ólafsfirði	laugardaginn 12. sept. og sun. 13. sept. Fljótaféð réttað í Stíflurétt 14. sept.
Sauðárkróksrétt (Króksrétt), Skagafirði	laugardaginn 5. sept.
Selnesrétt á Skaga, Skagabyggð	laugardaginn 12. sept. og lau. 19. sept.
Siglufjarðarrétt í Siglufirði	sunnudaginn 20. sept.
Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði	mánudaginn 14. sept.
Skarðarétt í Gönguskörðum, Skagafirði	sunnudaginn 6. sept. kl. 9.00
Skálárrétt í Hrollleifsdal, Skagafirði	laugardaginn 12. sept.
Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyjafirði	föstudaginn 11. sept. kl. 10.00
Staðarrétt (Reynisstaðarrétt), Skagafirði	sunnudaginn 6. sept. kl. 9.00
Stíflurétt í Fljótum, Skagafirði	föstudaginn 18. sept.
Tungurétt í Svarfaðardal	sunnudaginn 13. sept. kl. 13.00
Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsós, Skagafirði	laugardaginn 12. sept.
Vallarétt, Eyjafjarðarsveit	sunnudaginn 6. sept. um kl. 10.30
Vatnsendarétt, Eyjafirði	sunnudaginn 6. sept. um kl. 10.00
Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyjafirði	laugardaginn 12. sept.
Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyjafirði	laugardaginn 12. sept. um kl. 12.00
Þverárrétt í Öxnadal, Eyjafirði	mánudaginn 14. sept.
Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit	sunnudaginn 6. sept. kl. 10.00

Helstu réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar haustið 2020

Brúsastaðarétt í Þingvallasveit	sunnudaginn 13. sept. kl. 17.00
Fossvallarétt við Lækjarbotna	sunnudaginn 13. sept. kl. 11.00
Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit	laugardaginn 12. sept. kl. 15.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	sunnudaginn 13. sept. kl. 13.00
Húsmúlarétt við Kolviðarhól	laugardaginn 12. sept. kl. 15.00
Kjósarrétt í Kjós	sunnudaginn 13. sept. kl. 15.00
Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr.	laugardaginn 26. sept. kl. 13.00
Grafningsrétt í Grafningi	mánudaginn 14. sept. kl. 10.00
Selvogsrétt í Selvogi, Árn.	sunnudaginn 20.sept. kl. 9.00
Þórkötlustaðarétt í Grindavík	laugardaginn 19. sept. kl. 14.00
Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi	sunnudaginn 13. sept. kl. 15.00

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 733/2012 eru seinni leitir tveim vikum síðar. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.

Mynd / Bbl

Fjárréttir haustið 2020

Bændablaðið tekur saman og birtir yfirlit um fjár- og stóðréttir. Listinn er unninn með þeim hætti að leitað er til sveitarfélaga og bænda um upplýsingar.

Listi yfir helstu stóðréttir á landinu er birtur á blaðsíðu 8.

Í ár verður gestum ekki heimilt að koma í réttir eins og síðustu ár. Ástæðan er varúðarráðstafanir og fjöldatakmarkanir vegna kórónuveirufaraldursins. Sveitarstjórnir bera ábyrgð á framkvæmd gangna og rétta og ber að tryggja að reglum um sóttvarnir sé fylgt eftir. Allir sem taka þátt í göngum og réttum skulu hlaða niður smitrakningarappi almannavarna.

Vegna smitvarna er mælst til þess að áfengi verði ekki haft um hönd.

Upplýsingar um viðbætur og leiðréttingar sendist á netfangið tb@bondi.is.

Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og eru aðengilegar á vef Bændablaðsins, bbl.is. /TB

Norðausturland

Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði	sunnudaginn 13. sept.
Árrétt í Bárðardal	sunnudaginn 6. sept.
Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing.	sunnudaginn 6. sept. kl. 9.30
Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði	laugardaginn 12. sept.
Dálkstaðarétt á Svalbarðsströnd, S.-Þing	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Fjallalækjarselsrétt	laugardaginn 12. sept.
Fótarrétt í Bárðardal	mánudaginn 7. sept.
Garðsrétt í Þistilfirði	sunnudaginn 6. sept.
Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing.	sunnudaginn 13. sept.
Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði	laugardaginn 12. sept.
Hallgilsstaðarétt á Langanesi	sunnudaginn 13. sept.
Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing	sunnudaginn 6. sept. um kl. 10.00
Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing.	sunnudaginn 13. sept. kl. 10.00
Húsavíkurrétt	laugardaginn 12. sept. kl. 14.00
Hvammsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði	laugardaginn 12. sept.
Katastaðarétt í Núpasveit, N-Þing.	sunnudaginn 13. sept.
Landsrétt í Öxarfirði, N.-Þing.	sunnudaginn 6. sept.
Leirhafnarrétt á Melrakkasléttu, N-Þing	sunnudaginn 20. sept. kl. 9.00
Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing.	sunnudaginn 13. sept.
Mánárrétt á Tjörnesi	sunnudaginn 13. sept.
Miðfjarðarnesrétt á Langanesi	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Miðfjarðarrétt	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing.	laugardaginn 5. sept.
Ósrétt á Langanesi	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Skógarrétt í Reykjahverfi, S.-Þing.	laugardaginn 12. sept. kl. 14.00
Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi	laugardaginn 12. sept.
Svalbarðsrétt	sunnudaginn 6. sept.
Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, N.-Þing.	sunnudaginn 13. sept. kl. 10.00
Tungugerðisrétt á Tjörnesi	laugardaginn 12. sept.
Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing.	sunnudaginn 6. sept.
Tunguselsrétt á Langanesi	sunnudaginn 6. sept.
Víðikersrétt í Bárðardal, S.-Þing.	sunnudaginn 30. ágúst
Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, N.-Þing.	laugardaginn 12. sept. kl. 17.30
Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð	Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Austurland

Melarétt í Fljótsdal, N.-Múl.	laugardaginn 12. sept.
Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Seyðisfjarðarrétt við Nátthaga	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Teigsrétt, Vopnafirði	sunnudaginn 6. sept. um kl. 14.00

Suðausturland

Borgarhafnarrétt, Suðursveit, A.-Skaft.	laugardaginn 5. sept. kl. 15.30
Brunnavallarétt, smalað úr Eystra-Landi, Miðþorpi í Suðursveit	laugardaginn 29. ágúst um kl. 13.00
Brunnavallarétt, smalað úr Staðardal, Miðþorpi í Suðursveit	sunnudaginn 30. ágúst um kl. 14.00
Fossrétt á Síðu, V.-Skaft.	föstudaginn 4. sept.
Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	sunnudaginn 30. ágúst um kl. 13.00
Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	laugardaginn 29. ágúst um kl. 13.00
Skaftárrétt, V.-Skaft.	laugardaginn 5. sept. kl. 9.00

Suðurland

Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang.	sunnudaginn 20. sept. kl. 14.00
Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn.	sunnudaginn 13. sept. kl. 17.00
Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang.	mánudaginn 7. sept.
Fljótshlíðarrétt í Fljótshlíð, Rang.	sunnudaginn 13. sept.
Fossvallarétt við Lækjarbotna	sunnudaginn 13. sept. kl. 11.00
Haldréttir í Holtamannaafrétti, Rang.	sunnudaginn 6. sept. kl. 9.00
Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn.	laugardaginn 12. sept. kl. 15.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	sunnudaginn 13. sept. kl. 13.00
Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn.	föstudaginn 11. sept. kl. 10.00
Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn.	laugardaginn 12. sept. kl. 15.00
Kjósarrétt í Kjós	sunnudaginn 13. sept. kl. 15.00
Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr.	laugardaginn 26. sept. kl. 13.00
Landréttir við Áfangagil, Rang.	fimmtudaginn 24. sept. kl. 12.00
Laugarvatnsrétt, Árn.	sunnudaginn 6. sept. um kl. 17.00
Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum	laugardaginn 19. sept. kl. 11.00
Reykjaréttir á Skeiðum, Árn.	laugardaginn 12. sept. kl. 9.00
Grafningsrétt í Grafningi	mánudaginn 14. sept. kl. 10.00
Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang.	laugardaginn 19. sept.
Selvogsrétt í Selvogi, Árn.	sunnudaginn 20.sept. kl. 9.00
Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn.	föstudaginn 11. sept. kl. 11.00
Tungnaréttir í Biskupstungum	laugardaginn 12. sept. kl. 9.00
Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang.	sunnudaginn 20. sept. kl. 14.00
Þóristunguréttir, Holtamannaafr., Rang	sunnudaginn 13. sept. kl. 9.00
Þórkötlustaðarétt í Grindavík	laugardaginn 19. sept. kl. 14.00
Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi	sunnudaginn 13. sept. kl. 15.00

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Tiltekt í skógarreitum Skógræktarfélags Eyfirðinga hefur staðið yfir í allt sumar:

Ekki tekst að ljúka verkinu þó mikið hafi áunnist

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

„Við tileinkum afmælisárið sporgöngufólkinu sem bjó til skógarauðlindina sem við njótum góðs af. Það er gaman að líta yfir farinn veg og í rauninni er það stórmerkilegt að hafa í farteskinu 90 ára skógræktarsögu," segir Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga, en félagið fagnar í ár 90 ára afmæli sínu.

Það er elst starfandi skógræktarfélaga hér á landi. Félagið var stofnað þann 11. maí 1930 og fyrstu verkefni fólust í að girða af skógarleifar í Eyjafirði, nánar tiltekið í Garðsárgili og í Leyningshólum. Á báðum þessum stöðum standa nú ræktarlegir yndisskógar „og gaman að sjá að þetta brölt frumherjanna var ekki til einskis unnið," segir hann.

Frá vinstri eru David Joseph Dowling, írskur skógfræðingur sem starfar hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga, Sigurður Hólm Sæmundsson, slökkviliðsmaður, skógbóndi og stjórnarmaður í SE, Bergsveinn Þórsson, skógfræðingur hjá Skógræktinni og stjórnarmaður í SE, og Jóhannes Helgason, önnur kynslóð skógarhöggsmanna í Kjarnaskógi, en foreldrar hans, Beate og Helgi í Kristnesi, hafa bæði höggvið skóg fyrir félagið. Myndir / Skógræktarfélag Eyfirðinga

Liðinn vetur var óvenju snjóþungur og erfiður. Þannig var umhorfs í Kjarnaskógi eftir norðanáhlaup.

Þau eru ófá handtökin sem unnin hafa verið í sumar við að hreinsa brotin og brömluð tré út úr eyfirskum skógum.

Afmælisáform blásin af

Veisluhöld í tilefni þessa merkisáfanga í sögu félagsins bíða betri tíma en á vordögum, fyrir daga kórónuveiru, var búið að skipuleggja heilmikla dagskrá frá vori og fram eftir ári með fræðslufundum ýmiss konar og öðrum viðburðum. Slíkt var allt blásið af eftir að heimsfaraldur braust út og segir Ingólfur það vissulega leitt en við því ekkert að gera. „Það hefur heilmikið vatn til sjávar runnið frá því félagið hóf að planta til nýrra skóga," segir hann, en félagið er nú með alls 11 skógarreiti sem það ýmist á eða hefur umsjón með. Þeirra frægastur er Kjarnaskógur sem stendur við Akureyri, mikil útivistarparadís og lýðheilsumiðstöð.

Rekstur og viðhald útivistarsvæða

Stunduð var umfangsmikil plöntuframleiðsla um árabil, margar trjátegundir og kvæmi voru ræktuð á vegum SE og byggðist upp mikil þekking bæði varðandi ræktunartækni og ekki síður hvaða efniviður hentar til ræktunar á okkar harðbýla landi. „Það voru upplýsingar sem ekki lágu fyrir þegar Íslendingar hófu að klæða landið á ný fyrir miðja síðustu öld og það eru upplýsingar sem við sem stundum skógrækt núna byggjum okkar starf á," segir Ingólfur. Nú snúist dagleg störf á vegum félagsins, auk þess að miðla þekkingu og vera sýnileg í samfélaginu, að stórum hluta um rekstur og viðhald útivistarsvæða í skógum félagsins sem hundruð þúsunda gesta heimsækja árlega og nýta sér góða veðrið í skóginum til heilsubótar á sál og líkama.

Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga.

Samson B. Harðarson, sjálfboðaliði að störfum fyrir SE í Vaðlareit.

Ekki óalgeng sjón, brotin grenitré voru á víð og dreif um skógana.

Ingólfur bendir á að útivist, lýðheilsa, ferðamennska, kolefnisbinding og ýmislegt fleira séu allt skógarafurðir ekki síður en hin hefðbundna timburauðlind, „og við reynum að rækta þær allar".

Vinnufúsar hendur lyftu grettistaki

Skógarreitir í Eyjafirði komu mjög illa undan sérlega snjóþungum vetri og hefur nánast allt sumarið farið í tiltekt. Mikið hefur áunnist en verkinu er ekki lokið. „Það er ljóst að okkur endist ekki árið til að ljúka tiltekt eftir brot og braml vetrarins. En við höfum unnið hörðum höndum að því verkefni og vissulega komin vel áleiðis," segir Ingólfur.

Aðgangur að vinnuafli var nú í sumar auðveldari en oft áður, stór hópur ungs fólks, frá 18 til 27 ára, allt að 40 manns, hafi unnið sumarlangt hjá félaginu og í raun lyft grettistaki í hirðingu bæði í Kjarnaskógi og fleiri skógum félagsins. „Án þeirra vinnufúsu handa væri ástandið mun verra," segir hann. Ungmennin komu til starfa með stuðningi bæði frá ríki og sveitarfélagi. Grisjunarvinna hefur staðið yfir undanfarnar vikur í hinum ýmsu reitum félagsins, m.a. í Kjarnaskógi, Vaðlareit, Leyningshólum og Hánefsstöðum í Svarfaðardal.

Nýta efni upp í kostnað

„Við höfum verið að saga brotin og beygluð tré, hreinsa og snyrta af miklu kappi frá því í vor," segir Ingólfur en dagleg störf snúist að miklu leyti um viðhald skóganna. Reynt er að nýta allt efni sem til fellur, það fer í kurl, eldivið og borðvið til að hafa upp í kostnað við vinnuna, en hann er sérlega mikill nú í sumar."

Ingólfur segir að æ fleiri leggi leið sína í skógana. „Við tökum eftir því að gestir nýta skógana í auknum mæli nú á þessum viðsjárverðu veirutímum, það dylst engum að aðsóknin fer ört vaxandi og hér njóta fjölmargir útivistar alla daga," segir Ingólfur. Hann segir ekki óvarlegt að áætla að um 3–400 þúsund manns komi í Kjarnaskóg árlega.

Reisa nýtt geymsluhús

Ingólfur segir að hreinsunarstörf hafi einkennt sumarið og á meðan hafi

Fjöldi ungmenna hefur lagt hönd á plóg við að hreinsa brotin tré út úr skógunum. Hér eru þau að störfum í Hánefsstaðaskógi og Kjarnaskógi.

önnur störf aðeins setið á hakanum. Fram undan séu því fjölmörg verkefni sem hugað verði að á næstunni. Meðal þess er að endurnýja leiksvæði og þróa þau, halda áfram að bæta og laga m.a. stígakerfi í Kjarnaskógi og merkingar sömuleiðis. „Það eru fjölmörg verkefni sem við hreinlega komumst ekki í, en stefnum á að hefjast handa við innan skamms," segir hann.

Eitt þeirra verkefna sem byrjað verður á innan tíðar er að reisa nýtt 150 fermetra hús á athafnasvæðinu í Kjarnaskógi en þar á meðal annars að geyma tæki og búnað í eigu félagsins, jólatré og ýmislegt sem þarf að vera í skjóli fyrir veðri og vindum. „Við byrjun núna í haust og vonumst til að klára í desember," segir Ingólfur.

Bændablaðið
Kemur næst út
10. september

FJÁRHAGSLEGT ÚRRÆÐI Í KJÖLFAR COVID 19

Aðstoðum fyrirtæki við fjárhaglega endurskipulagningu, greiðsluskjól og nauðasamninga samkvæmt nýjum lögum um úrræði í kjölfar COVID 19. Fullum trúnaði heitið.

Eco&LawConsult ehf.
Sérfræðingar í hagfræði og lögfræði,
Hátúni 6a, 105 Reykjavík.
Sími 780-2728
Netfang: law@ecolawconsult.com

LANDSTÓLPI 20 ára
Landstólpi - Traust í **20 ár**

Loftræstimænir fyrir gripahús
- Hentar vel íslenskum aðstæðum -
- Hagstætt verð -
Fylgstu með okkur á FACEBOOK
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi Sími 480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum Sími 480 5610
Arntjen

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

BRIGGS&STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

REKI
2012 2018 Framúrskarandi fyrirtæki
BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL SÆTA Í HVERS KYNS VINNUTÆKI FRÁ UNITEDSEATS.

Reki ehf	Sími: 562 2950
Höfðabakka 9	110 Reykjavík
Netfang: tryggvi@reki.is	Vefsíða: www.reki.is

LÍF & STARF

Vilborg Ástráðsdóttir, leikskólakennari, myndlistarkona og silkiprentari á Skarði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Leikur sér við að silkiprenta fjölbreytt og falleg mynstur náttúrunnar

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is

Vilborg Ástráðsdóttir, leikskólakennari, myndlistarkona og silkiprentari á Skarði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hannar föt undir merkinu Híalín þar sem hún teiknar mynstur sem innblásin eru úr náttúrunni og silkiprentar á kjóla, boli, töskur og húfur. Ásamt þessu er hún meðal annars forfallin hestakona, safnar hauskúpum dýra í gríð og erg og skemmtir sér dátt yfir kaffibolla með Þingborgar-vinkonum sínum einu sinni í viku.

Vilborg býr á Skarði með manni sínum, Sigurði U. Sigurðssyni verkfræðingi, en nú um mundir er hún í leyfi frá leikskólakennslunni og starfar fyrir mann sinn. Þau eiga fjögur börn og eru frístundabændur að hennar sögn, með 60 naut í fjósi í samstarfi við nágrannabónda, 60 hross í haga, fáeinar kindur, hunda og ketti. Fyrir utan myndlistina og silkiprentunina er Vilborg forfallin hestaáhugamanneskja og þegar blaðamaður Bændablaðsins leit við til hennar í kaffisopa á dögunum var hún nýkomin úr níu daga hestaferð af Fjallabaki.

Hér má sjá Vilborgu Ástráðsdóttur að störfum við silkiprentið þar sem til varð fallegur bolur á nokkrum mínútum en undirbúningsvinnan er töluvert tímafrekari.

Sýnishorn af bolum sem Vilborg hefur unnið og prjónapeysu sem hún vinnur í samstarfi við Katrínu Andrésdóttur undir merkinu Móða.

Ein elsta aðferð prentunar

Vilborg var í einkanámi í myndlist til margra ára hjá Katrínu Briem, myndlistarkonu og fyrrverandi skólastjóra við Myndlistaskólann í Reykjavík, og þar kviknaði áhugi hennar á að koma sköpun sinni enn frekar á framfæri.

„Þetta var heillangt tímabil og þó að ég hafi ekki fengið formlega gráðu úr þessu þá var þetta mikið nám. Hún á í mér hvert bein og ég væri ekki í þessu í dag án hennar. Ég fékk allt aðra hugsun í gegnum Katrínu, sem lést fyrir nokkrum árum því miður. Við vorum miklar vinkonur og ræddum reglulega um þennan heim. Hún kenndi mér meðal annars að mikilvægt væri að læra formin á hauskúpum og þaðan fæ ég þann söfnunaráhuga, en ég á orðið nokkrar hér í safni sem ég skreyti heimilið með eins og af hreindýri, hrossum, hrútum, tófu, hrafni, fuglum, rottu og músum. Þetta hef ég til skrauts hjá mér en velti líka fyrir mér að fræsa í þær en ég er ekki komin þangað enn þá," útskýrir Vilborg.

Fyrir nokkrum árum fékk Vilborg bakteríuna fyrir silkiprentun og eftir námskeið hjá Söru Maríu í Forynju varð ekki aftur snúið. Hún hefur því ekki tekið formlegt nám í iðninni en hefur myndlistina í bakgrunni sem kemur sér mjög vel.

„Sara er mikill mótunaraðili að mínu silkiprenti því ég lærði allt hjá henni. Silkiprentun er ein elsta aðferð prentunar og má finna ummerki um það frá 9000 fyrir Krist. Nafnið er dregið af því að upprunalega voru notaðir silkiþræðir í netið til að silkiprenta ramma með þéttofnu neti. Í rammann/netið er borin ljósnæm kvoða sem síðan er látin þorna í algjöru myrkri. Því næst er myndin teiknuð á gegnsæjan pappír. Ramminn með ljósnæmu kvoðunni er tekinn úr myrkrinu og lagður ofan á myndina á sérstakt ljósaborð. Á nokkrum mínútum herðist og lokast ljósnæma kvoðan alls staðar annars staðar heldur en þar sem teikningin er. Þá er maður kominn með gat þar sem lit er þrykkt í gegn og þannig verður til mynd."

Filman lýst.

Hver og ein flík einstök

Í dag rekur Vilborg vinnustofuna Híalín heima hjá sér og selur vörur sínar undir því merki. Þar leggur hún áherslu á listræna nálgun silkiprentsins þar sem það er handunnið frá grunni, allt frá blýanti yfir í tilbúinn silkiprentsramma. Kjólarnir, húfur, töskur og legginssniðið, saumað og silkiprentað.

„Ég er hvorki fatahönnuður né klæðskeri og tek það jafnan fram við viðskiptavini mína og aðra en teikna sjálf allar myndir og bý til silkiprentið. Það er síðan viðskiptavinarins að velja úr einföldum klassískum sniðum og móta sinn eigin kjól, það er eiginlega einfaldi parturinn í ferlinu, konur vita alveg hvað fer þeirra vaxtarlagi best en síðan velja þær úr þeim silkiprentsmunstrum sem ég á til þá stundina og velja liti sem ég nota til að silkiprenta munstrið á kjólana þeirra. Það myndi aldrei ganga að fjöldaframleiða þessar vörur því hver kjóll er svo einstakur eða sérmótaður. Konur eru misjafnar, sumar vilja hafa rúnað hálsmál, aðrar v-laga og síðan er einnig mismunandi hvaða lengd þær vilja hafa á ermunum og sídd á kjólunum. Þannig að segja má að hver og ein kona sé að búa til sinn eigin kjól og mótar þannig flíkina fyrir sig. Sumar konur eru mínímalískar í mynstur- og litavali á meðan aðrar vilja fá sterka og mikla liti á kjólana," útskýrir Vilborg og segir jafnframt:

„Það er frekar sjaldgæft að ég eigi einhvern lager nema ef vera skyldu stuttermabolir, en það er eitt af því fáa sem ég sauma ekki sjálf heldur kaupi af góðum heildsala. Vörurnar sel ég um allt land en ég auglýsi ekki neitt enda arfa léleg í markaðsmálum. Það er nóg að gera í þessu en ég velti því stöðugt fyrir mér hvort ég eigi að gefa enn frekar í eða ekki."

Vilborg með bol í hitapressu.

Reynir að efla sköpunarkraftinn

Vilborg er leikskólakennari að mennt og fyrir nokkrum árum fór hún í

meistaranám í list- og verkgreinum við Háskóla Íslands í fjarnámi.

„Ég ætlaði aldrei að verða leikskólastjóri en varð það eiginlega óvart frekar snemma á starfsferlinum, en ætlaði aldrei að vera það lengi og vildi sérhæfa mig frekar í að efla sköpunarkraftinn hjá börnunum, en var það í tæp 10 ár við Leikholt í Brautarholti. Mín sérhæfing í leikskólanum var að efla sköpunarkraftinn hjá börnunum. Á sama tíma og ég tók námskeiðið hjá Söru Maríu var ég í meistaranáminu þar sem ég gerði listrannsókn með fjögur náttúrumynstur. Þessi náttúrumerki eru meira og minna uppistaða í að skapa óð til náttúrunnar," segir Vilborg og bætir við:

„Ég er alin upp í sveit í Flóanum og hef alltaf verið í sveit svo náttúran er mér mjög hugleikin. Ég er stöðugt að horfa í form og línur í náttúrunni. Í meistaraverkefninu gerði ég sem sagt fjögur náttúrumynstur sem voru hæðarlínur af jarlhettum, árfarveg, mosaskófir og sjónlínu apalhrauns sem kom skemmtilega út."

Meistaraverkefnið blyantur.is

Meistaraverkefni Vilborgar var heimasíðan blyantur.is þar sem hún vildi færa sérfræðiþekkingu á efnivið til myndlistar nær hinum almenna notanda, börnum, foreldrum og kennurum sem hafa ekki sérfræðiþekkingu á þessu sviði.

„Mér finnst mikilvægt að efla sköpunarkraft barna og ekki að stýra þeim í því sem þau taka sér fyrir hendur í myndsköpun. Þau eru fullfær um það sjálf ef þau fá tækifæri til þess og leiðsögn í að nota verkfærin eða efniviðinn. Annað mál er að vekja áhuga, spyrja opinna spurninga sem hvetja þau til að sjá umhverfi sitt með opnum huga og gagnrýnum augum. Hér er átt við umhverfi í stærra samhengi en hið náttúrulega umhverfi sem umlykur okkur. Í umhverfi okkar eru einnig mannfólk, dýr, hlutir, byggingar, tækni, margmiðlun, orð, hljóð, tilfinningar, hreyfing og svo mætti lengi telja."

Vilborg Ástráðsdóttir á Skarði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hannar föt undir merkinu Híalín þar sem hún silkiprentar á ýmiss konar fatnað.

Margir boltar á lofti

Það er ljóst að Vilborg situr sjaldan auðum höndum og er alltaf með nokkra bolta á lofti í sköpuninni. Hún hefur meðal annars verið tilnefnd til hönnunarverðlauna á Hrafnagili með prjónavesti sem var skírskotun í íslenska þjóðbúninginn og hefur átt uppskriftir í Prjónaperlubókunum svo fátt eitt sé nefnt. Síðan hóf hún samstarf við Katrínu Andrésdóttur, fyrrum héraðsdýralækni, fyrir þremur árum undir merkinu Móða þar sem Katrín prjónar flíkur í prjónavél og Vilborg silkiprentar á þær.

„Ég má ekki drekka kaffi daginn sem ég silkiprenta á ullina eða neitt sem eykur á stressið því hún er mjög viðkvæmt efni og það er mikið áhættuatriði að prenta á hana. Sú vinna er mjög krefjandi og ég er eiginlega skíthrædd við ullina því maður getur eyðilagt peysu á augabragði ef ekki er rétt að staðið. Við erum að safna í sýningu núna fyrir Ullarvikuna sem verður á Þingborg í haust en þá munum við sýna 12 peysukjóla sem hafa skírskotun í gömlu mánaðarheitin svo það verður spennandi að sjá hvernig það kemur út," segir Vilborg og bætir við:

„Við Katrín þekktumst áður en samstarfið hófst og þetta hefur verið mjög skemmtilegur tími. Hún er búin að pota mér í Þingborgarhópinn en við erum með kaffisamsæti flest fimmtudagssíðdegi og þar er 99 prósent hlegið allan tímann. Það er alveg rosalega gaman að vera með þessum konum og þessar stundir veita gleði og innblástur líkt og náttúran hefur allt tíð gert fyrir mig."



Kjólarnir eru fyrirferðarmestir í framleiðslunni hjá Vilborgu og er hver og einn þeirra einstakur.

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið
Kemur næst út
10. september

PRONAR
Alvöru heyvinnutæki
Þökkum frábærar móttökur!
36 MÁNAÐA VERKSMIÐJU ÁBYRGÐ* 36

PRONAR PDF 340 (C)
Framsláttuvél - Vinnslubreidd: 3,4m
með knosara 2.575.000 án vsk. án knosara 1.997.000 án vsk.

PRONAR PDT 340
Miðjuhengd sláttuvél.
Vinnslubreidd: 3,4m
Kr. 1.615.000 án vsk.

PRONAR PDT 300
Miðjuhengd sláttuvél
Vinnslubreidd: 3,0m
Kr. 1.495.000 án vsk.

PRONAR PWP 770
6 stjörnu snúningsvél.
Vinnslubreidd: 7,7m
Kr. 1.665.000 án vsk.

PRONAR ZKP 800
Miðjuvél
Vinnslubreidd: 7-8m
Kr. 3.369.000 án vsk.

PRONAR PDD 830
Sláttuvél (fiðrildi)
Vinnslubreidd: 2x3m
Kr. 3.115.000 án vsk.

PRONAR ZKP 420
Einnar stjörnu rakstrarvél. Lyftutengd.
Vinnslubreidd: 4,0-4,5m
Kr. 875.000 án vsk.

PRONAR PWP 530
4 stjörnu snúningsvél, lyftutengd.
Vinnslubreidd: 5,3m
Kr. 1.225.000 án vsk.

*Upplýsingar varðandi skilmála veittar hjá Aflvélum.
AFLVÉLAR
JÖTUNN
LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA
Austurvegi 69
800 Selfoss
480 0400
jotunn.is
jotunn@jotunn.is

UTAN ÚR HEIMI

Ratcliffe fær að framleiða Grenadier-útgáfu sína af hinum sögufræga Land Rover Defender

Segja má að milljarðamæringurinn Jim Ratcliffe, sem á drjúgan skerf af Íslandi, hafi náð undir sig hönnunarstolti Breta á dögunum. Þá tapaði Jaguar Land Rover samsteypan máli um að Ineos Group, sem er í eigu Ratcliffe, yrði meinað að koma á markað Grenadier-jeppanum í endurbættri eftirlíkingu af gamla góða Land Rover Defender.

Málið er nokkuð sérstakt því þessi stolt breskra bílasmiða, bæði Jaguar og Land Rover, eru nú í eigu Tata Motors á Indlandi sem keypti Jaguar Land Rover af Ford árið 2008. Stærstu eigendur Tata Motors í dag eru um 200 stofnanafjárfestar víða um heim, bankar og sjóðir.

Hönnun Grenadier-jeppans er sótt í gamla góða Landrover Defender. Grenadier er í eigu Ineos Group, sem miljarðamæringurinn Jim Ratcliffe er aðaleigandi að. Ráðgert var að hefja framleiðslu á jeppanum fyrir almennnan markað á næsta ári, en óvissa um endanlegan framleiðslustað og heimsfaraldur vegna COVID-19 gætu þó mögulega sett þær áætlanir í uppnám, eða kannski að Ratcliff birtist bara á honum í laxveiði í Vopnafirði næsta sumar.

Hönnunarréttarkröfu hafnað

Fór Jaguar Land Rover fram á að fá útlitshönnun gamla Land Roversins viðurkennda af bresku hugverkastofnuninni. Við því varð ekki orðið og hafnaði dómstóll í London áfrýjunarkröfu Jaguar Land Rover. Kannski ekki skrítið þar sem ítalski bílaframleiðandinn IVECO hefur framleitt jeppa sem er mjög svipaður útlits frá 2007 undir nafninu IVECO Massive. Hann var reyndar framleiddur í samvinnu við Santana Motors á Spáni sem aftur var í nánu samstarfi við Land Rover fyrir nokkrum áratugum og hét þá Land Rover Santana, SA. Framleiddi Santana þá m.a. endurskapaðan 5 dyra Land Rover undir heitinu Santana PS-10. Samstarfi Santana og Land Rover var slitið árið 1983.

Framleiðslu á Landrover Defender með gamla laginu var hætt 2016

Framleiðslu á Land Rover með gamla útlitinu var hætt er síðasti billinn rann af færibandinu í Solihull í Bretlandi 29. janúar 2016. Þá var búið að framleiða um tvær milljónir eintaka af bílnum sem byggði í megindráttum á þessum sama útlitsgrunni sem kom á markað 1948 undir heitinu Land Rover HUE 166.

Fyrsta útgáfan af Land Rover frá 1948 sem var með framleiðsluheitið HUE 166.

Grenadier á að koma á markað á næsta ári

Ratcliffe getur því ótrauður haldið áfram við að koma Grenadier í framleiðslu. Segja má að búið sé að poppa talsvert upp gamla Land Rover útlitið, en meiningin er að hann verði öflugur torfærujeppi til að takast á við allar erfiðustu aðstæður. Fyrirtæki hans, Ineos, sagði í yfirlýsingu að ætlunin væri að koma jeppanum á markað 2021. Upphaflega var hugmyndin að smíða bílinn að hluta í nýrri verksmiðju í Bridgend í Wales og grindina í verksmiðju í Portúgal. Ineos er einnig sagt hafa verið í samningaviðræðum um að kaupa verksmiðju Daimler í Hambach í Frakklandi til að framleiða bílinn. Ekkert hefur þó verið staðfest í þeim efnum.

/HKr.

Síðasti Land Rover defender-jeppinn rennur af framleiðslulínunni í Solihull í Bretlandi 29. janúar 2016. Framleiðsluheitið á honum var HI66 HUE.

Spænska útgáfan af Land Rover Defender sem framleidd var af Land Rover Santana, SA. á Spáni fram til 1983.

Ítalska útgáfan af Land Rover Defender sem framleidd var af IVECO í samstarfi við Santana á Spáni.

Öflugar rafstöðvar

Hjá Dynjanda færðu öflugar rafstöðvar, í mismunandi stærðum og gerðum sem henta fyrir margskonar aðstæður.

Við veitum þér faglega aðstoð. Hafðu samband.

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

UTAN ÚR HEIMI

Milljarðamæringar hagnast gríðarlega á svínapestinni í Kína

– Ástæðan er skortur á svínakjöti sem leitt hefur til mikilla verðhækkana

Gríðarlegur vandi sem skapast hefur vegna svínapestarinnar sem herjað hefur í Kína hefur orðið fjármálamönnum að féþúfu. Græða þeir nú sem aldrei fyrr á viðskiptum með svínakjöt sem stórhækkað hefur í verði vegna minna framboðs.

Qin Yinglin, forstjóri og aðaleigandi Muyuan Foodstuff Co., hefur horft á fyrirtæki sitt fjórfaldast í verði á þessu ári og eru eignir hans metnar á 8,6 milljarða dollara. Er þetta mesta eignaaukning á milljarðamæringavísitölu Bloomberg yfir 500 ríkustu einstaklingana sem sést hefur þessi misserin. Segja má að Qin sé eins konar spútnik í milljarðamæringahópnum og er hann í hópi tíu ríkustu manna í Kína.

Milljarðamæringurinn Qin Yinglin, forstjóri og aðaleigandi Muyuan Foodstuff Co.

Stórgræðir á verðhækkunum á svínakjöti

Er þessi mikli gróði Qin Yinglin skýrður með því að heildsöluverð á svínakjöti hefur tvöfaldast í verði á þessu ári samkvæmt tölum viðskiptaráðuneytisins í Kína. Ástæðan er afríska svínapestin sem hefur leitt til þess að milljónir svína hafa drepist í landinu og valdið hefur skorti á svínakjöti á markaði. Hefur þessi hækkun á verði svínakjöts valdið mestu verðbólgu sem sést hefur í landinu í sjö ár.

Hagnaður fyrirtækisins Muyuan Foodstuff Co. á þriðja ársfjórðungi hefur aukist um 260% miðað við sama tíma 2019. Samkvæmt Fitch Ratings hafa stórfyrirtæki í viðskiptum með svínakjöt verið að sölsa undir sig markaðinn og þrýsta minni fyrirtækjum út úr samkeppninni.

Fleiri græða á svínapestinni

Qin Yinglin er þó ekki sá eini sem veðjað hefur á og grætt vel á vandræðum Kínverja vegna svínapestarinnar. Má þar nefna WH Gorup, sem skráð er á markaði í Hong Kong og er stærsti svínakjötsframleiðendi í Kína. Einnig New Hope Group, sem er svínaeldisfyrirtæki og fóðurframleiðandi. Eignir eigenda þess og forstjóra, Liu Yonghao, eru nú metnar á 11 milljarða dollara og hafa nær tvöfaldast síðan 2018.

Stærsti hluti hagnaðar Qin Yinglin er hins vegar tilkominn vegna 60% eignarhluta hans í Muyuan Foodstuff Co. Hann heldur sjálfur utan um þann hlut ásamt eiginkonu sinni í gegnum félag sitt, Muyuan Industrial Group.

Búfræðingur sem byrjaði í rekstri með 22 dýr en á nú milljónir

Qin var fæddur 1965 og er uppruninn í Henan-héraði í Kína. Hann er menntaður búfræðingur frá landbúnaðarháskólanum í Henan. Eftir útskrift úr háskóla var hann sendur á ríkisbúgarð, en lét þar af störfum þrem árum seinna og stofnaði eigin eldisstöð fyrir gelti. Í upphafi var hann aðeins með 22 dýr, en nú sendir fyrirtæki hans um 5 milljónir svína í slátrun á hverju ári. Til að forðast smit vegna svínapestarinnar eru allir dýraflutningabílar fyrirtækisins sótthreinsaðir og allt fóður dýranna er sótthreinsað með hitameðhöndlun. Auk þess er allt loft sem dælt er inn í svínabúin hreinsað í gegnum síur, að því er Qin útskýrði í viðtali við China Morning Post fyrr á árinu.

„Við verðum að komast í gegnum þetta óveður og snúa því upp í frábært tækifæri til að þróa okkur áfram," sagði Qin m.a. í viðtalinu.

/HKr.

Hóll, Borgarbyggð

Á Hóli hefur verið búið með sauðfé og kýr en í dag er aðeins búið með sauðfé. Vetrarfóðraðar ær eru um 150 og framleiðsluréttur í sauðfé um 135 ærgildi.

Bærinn stendur á lágum hól, snertispöl frá suðausturbakka Norðurár. Þeim megin árinnar þar sem er mjó láglendisræma og gott slægjuland. Land Hóls takmarkast að vestan af landi Hafþórsstaða, að sunnan af landi Lundar í Þverárhlíð. Að austan af landi Hárekksstaða og norðan af löndum Dýrastaða og Hvamms um Norðurá og Hólsey, en þar á Hóll góð slægjulönd beggja megi ár svo og engjastykki á Desey. Þessi slægjulönd hafa nú öll verið ræktuð. Í hálsinum suðaustan túns skiptast á mýrarsund, auk þess er þar grasi og lygi vaxnar brekkur. Þar á milli eru svo mosa vaxin, ávöl holt og mólendi. Gott beitiland er á jörðinni. Hóll á laxveiðirétt í Norðurá og upprekstur á Hellistungur. Landstærð jarðarinnar er um 450 hektarar þar af tæpir 40 hektarar tún.

Húsakostur á jörðinni er íbúðarhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr frá árinu 1979 stærð 224 m². Húsið er sambyggt við eldri hluta frá 1962 sem er 144 m². Snyrtilegt hús en hluti af neðri hæð hefur ekki verið full inréttaður. Véla- og verkfærageymsla, 60,5 m² að stærð, frá árinu 1964 og sambyggð véla/verkfærageymsla, 60,5 m² að stærð frá árinu 1990. Fjós, 117,3 m² að stærð, frá árinu 1971. Mjólkurhús, 17, 7m² að stærð, frá árinu 1971. Hlaða, 112,7 m² að stærð, frá árinu 1969. Fjárhús, 176,2 m2 að stærð, frá árinu 1933. Hlaða, 57 m² að stærð, frá árinu 1938.

Áhugaverð jörð að mörgu leiti t.d. fyrir ferðaþjónustu m.a. vegna fjölda herbergja í íbúðarhúsinu og vegna staðsetningar.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Mikill fjöldi ferðamanna hefur lagt leið sína um Kjalveg í sumar þrátt fyrir ryk og mikinn barning á grófum, hörðum og holóttum niðurgröfnum vegi. Stór hluti þessara ferðamanna hefur ekið inn í Kerlingarfjöll sem nú er búið að friðlýsa. Þessi mynd var tekin í sneiðingnum í hlíðum Innriskúta, skammt sunnan við vegamótin að Kerlingarfjallaafleggjara. Myndir / HKr.

Vegabætur á hálendinu ekki í takt við mikla fjölgun ferðamanna

– Yfir milljón ferðamenn munu þurfa að þræða illa farinn og niðurgrafinn ýtuslóða yfir Kjöl fram til 2034

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Mikill fjöldi Íslendinga hefur lagt land undir fót, eða kannski öllu heldur hjól, í sumar. Vakið hefur athygli hvað víða er unnið að endurbótum á vegum og slitlagsviðgerðum. Mikið verk er þó óunnið til að hægt sé að segja að vegakerfi landsmanna standist kröfur um öryggi til að geta talist boðlegt fyrir þá stórauknu umferð ferðamanna sem skipulega hefur verið unnið að á undanförnum árum.

Í tíð Sturlu Böðvarssonar sem samgönguráðherra á árunum 1999 til 2007 voru fimm vegir á hálendi Íslands í fyrsta sinn teknir út og taldir til grunnnets samgangna. Þetta eru Kaldidalur, Fagradalsvegur, Kjalvegur, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri. Á málþingi sem haldið var í Bændahöllinni, Hótel Sögu sumarið 2013 kom fram að þessar leiðir voru þá enn ekki annað en illa færir troðningar með þeirri undantekningu að nokkuð hefur verið unnið í veginum um Kaldadal. Sú vinna hafði þá að nokkru leyti verið unnin fyrir gýg þar sem ekki tókst að klára að setja bundið slitlag á veginn. Þegar ekið er um þessa vegi sjö árum síðar, eða árið 2020, hefur harla lítið verið unnið þar að endurbótum.

Hálendisvegir aftarlega á merinni í samgönguáætlun

Í nýlega samþykktri samgönguáætlun 2020 til 2034 eru skilgreindir þeir vegir sem taldir eru til stofnvegakerfis. Þar á meðal er Sprengisandsleið, Þjórsárdalsvegur – Fjallabaksleið nyrðri, Uxahryggjavegur, Kaldadalsvegur – Þingvallavegur og Kjalvegur – Hringvegur.

Í samgönguáætlun eru 1.850 milljónir króna eyrnamerktar framkvæmdum á 23 km kafla sem heitir Brautartunga – Kaldadalsvegur á síðari hluta samgönguáætlunar. Þá eru 1.600 milljónir króna áætlaðar í 37 km vegagerð á Bárðardalsvegi vestri, þ.e. það sem nefnt er Hringvegur – Sprengisandsleið, en ekki fyrr en undir lok samgönguáætlunarinnar 2034.

Kjalvegur er um 165 km frá Gullfossi norður að Eiðsstöðum í Blöndudal. Á um níu kílómetra kafla frá brúnni yfir Hvíta rétt ofan við Hólmavað og að veitingaskálanum Hrefnubúð Café hafa Vegagerðarmenn sýnt fram á hvað hægt er að gera á hagkvæman og snyrtilegan hátt með hófstilltri uppbyggingu til að ná veginum upp úr niðurgröfnum ýtuslóða. Þó þetta sé engin hraðbraut, þá kemur slíkur vegur í veg fyrir utanvegaakstur og náttúruspjöll og auðvelt er að margfalda endingu hans og koma í veg fyrir tjón á ökutækjum með því að leggja á hann slitlag.

Við brúna yfir Hvítá ofan við Hólmavað er haugur af möluðu efni sem nýta má í slitlag.

Yfir milljón ferðamönnum stefnt á liðónýtan Kjalveg fram til 2034

Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir einni krónu í framkvæmdir á Kjalvegi samkvæmt útlistun í samgönguáætlun fram til 2034. Þar kemur ekki heldur fram hvort fé sem skilgreint er einhverju öðru eins og viðhaldi verði varið í þennan veg.

Þarna er um að ræða 14 ára tímabil. Miðað við þróun liðinna ára má varlega áætla að á þeim tíma verði ríflega 1,1 milljón ferðamanna búnir að aka þennan liðónýta ýtuslóða með tilheyrandi þjóðhagslegum kostnaði vegna slits á ökutækjum. Vart þarf mikið ímyndunarafl til geta sér til að öll sú umferð muni valda náttúruspjöllum þegar ferðamenn neyðast til að aka út fyrir vegslóða þegar slóðinn fyllist af vatni og aur.

Mikilvægar lagfæringar á hálendisvegum

Trausti Valsson, þáverandi prófessor, benti á það á málþinginu 2013 að mikill hugur hafi þá verið í ferðaþjónustuaðilum að efla ferðamennsku á þessum slóðum, ekki síst inn í Kerlingarfjöll og líka norður í land. Þá var talið að um 30 þúsund ferðamenn færu um Kjalveg á hverju ári. Varlega áætlað mætti telja að um 60–70% af þeim hafi verið erlendir ferðamenn, eða hátt í 20.000. Ástand vegarins er hins vegar þannig að rútufyrirtæki voru farin að veigra sér við að senda bíla sína inn á Kjalveg vegna skemmda og mikils viðhaldskostnaðar á bílunum. Árið 2012 var heildarfjöldi ferðamanna til landsins með flugi og Norrænu samtals tæplega 673 þúsund. Miðað við það voru um 3% erlendra ferðamanna að fara um Kjalveg.

Litlar vegabætur en fjöldi ferðamanna hefur margfaldast

Frá því þetta var sagt sumarið 2013 hefur fátt annað gerst nema að ferðamönnum um þessar slóðir hefur stórfjölgað með tilheyrandi auknum kostnaði vegna slits á ökutækjum. Í dag er vegurinn nánast allur eitt þvottabretti.

Árið 2005 komu 378 þúsund erlendir ferðamenn til landsins. Árið 2015 voru erlendir ferðamenn orðnir tæplega 1, 3 milljónir og rúmlega 2,3 milljónir þegar mest var 2018. Miðað við þær tölur má gera ráð fyrir að þeir erlendu ferðamenn sem hafa farið um Kjalveg og upp í Kerlingarfjöll, inn á Sprengisand, eða norður í land, hafi verið nær 70 þúsund talsins. Ferðamönnum fækkaði aðeins 2019, eða í rúmar tvær milljónir og þrettán þúsund. Þannig að það ár má áætla að fjöldi erlendra ferðamanna um Kjalveg hafi verið um 60 þúsund. Varla er þá ofáætlað að því til viðbótar hafi íslenskir ferðamenn verið á bilinu 15 til 20 þúsund og heildarfjöldinn þá kominn í 75 til 80 þúsund.

Hóflega byggt upp úr niðurgröfnum ýtuslóða

Kjalvegur er um 165 km frá Gullfossi norður að Eiðsstöðum í Blöndudal. Þrátt fyrir gríðarlega aukningu ferðamanna, þar sem stöðugt vaxandi straumi þeirra er

Ægifagurt er á hverasvæðinu í Hverafjöllum sem nú er búið að friðlýsa. Búast má við að þangað sæki hundruð þúsunda ferðamanna á næstu árum.

beint inn á hálendisvegina, hefur samt harla lítið gerst í vegabótum á Kjalvegi norður yfir landið og eins inn í Kerlingarfjöll. Að vísu hefur Vegagerðin „stolist“ til að byggja upp um níu kílómetra kafla frá brúnni yfir Hvíta rétt ofan við Hólmavað og að veitingaskálanum Hrefnubúð Café og gera hann nánast kláran fyrir lagningu slitlags. Meira að segja er búið að mala efni sem tilbúið er í stórum haug við brúarsporðinn sem nýta má í slíkt slitlag.

Sú uppbygging er mjög hófleg og aðeins til að koma veginum upp úr niðurgröfnum ýtuslóðanum og setja ræsi í lægðir sem oft eru fullar af vatni snemma á sumrin og þegar mikið rignir á hálendinu. Þetta er samt ekki vegur sem ætlað er að standa upp úr snjó á vetrum. Það verður að segjast Vegagerðinni til hróss, að þarna hefur verið unnið af mikilli skynsemi og snyrtimennsku að vegabótum án þess að fara í jarðrask sem nokkru nemur. Þær endurbætur duga til þess að halda veginum upp úr vatni og koma þannig í veg fyrir utanvegaakstur ferðalanga sem reyna að sneiða hjá forarvilpum í niðurgröfnum veginum. Til að verja þessa níu kílómetra frá því að eyðileggjast vantar þó enn að leggja á þá bundið slitlag. Er þessi spotti í raun í sömu stöðu og lagfæringar á Kaldadalsvegi voru fyrir sjö árum. Frá þessum uppbyggða spotta er síðan grjótbarið þvottabretti stóran hluta af leiðinni framhjá Hveravöllum og yfir Kjöl að Blönduvirkjun og líka inn í Kerlingarfjöll. Svipaða sögu er reyndar að segja af Sprengisandsleið. Nú þarf bara að halda áfram með lagfæringar á Kjalvegi með sama hætti og gert hefur verið á þeim níu kílómetrum sem komnir eru.

Friðlýsing Kerlingarfjalla kallar á innviðauppbyggingu

Fyrir um hálfum mánuði var lýst yfir við hátíðlega athöfn friðlýsingu Kerlingarfjalla. Því hefur víða verið fagnað þar sem afar mikilvægt er að koma skipulagi á þann mikla átroðning sem er á viðkvæmu hverasvæði Kerlingarfjalla. Þeirri friðlýsingu hljóta þá líka að verða að fylgja innviðauppbygging og endurbætur á aðkomuleiðum að svæðinu til að koma í veg fyrir að náttúran við vegina þangað inn eftir skaðist af miklum fjölda ferðamanna. Reyndar er þegar orðið mjög aðkallandi að lagfæra vegslóðann frá hálendismiðstöðinni Ásgarði inn að hverasvæðinu sem er beinlínis orðinn hættulegur ferðafólki vegna skemmda.

Vegurinn frá hálendismiðstöðinni í Ásgarði inn að hverasvæðinu í Kerlingarfjöllum er víða mjög illa farinn og beinlínis hættulegur.



Náttúruvernd og náttúruspjöll

Fjölmargir hafa gagnrýnt hugmyndir um að gera endurbætur á Kjalvegi og gjarnan borið við náttúruverndarsjónarmiðum. Trausti Valsson og fjölmargir aðrir hafa hins vegar spurt hvað sé náttúruvænt við það að beina tugþúsundum ferðamanna inn á niðurgrafna og illfæra vegaslóða á hálendinu, með tilheyrandi utanvegaakstri og kæfandi rykmekki á þurrum dögum. Eitt má þó telja nær öruggt að ferðamönnum á bara eftir að fjölga um Kjalveg og líklega enn frekar eftir friðlýsingu Kerlingafjalla, með tilheyrandi náttúruspjöllum verði ekkert að gert.

Frá athöfn við hálendismiðstöðina í Ásgarði í Kerlingarfjöllum þegar friðlýsingin var kynnt.

Kerlingarfjöll friðlýst

Þann 10. ágúst var undirrituð friðlýsing Kerlingarfjalla og nærliggjandi svæða, alls um 344 km². Friðlýsingunni var fagnað við hálendismiðstöðina í Ásgarði í Kerlingarfjöllum.

Kerlingarfjöll eru í hópi helstu náttúruperla landsins, vinsælt útivistarsvæði með mikið verndargildi. Áform um friðlýsingu hófust árið 2016 en sveitarfélagið Hrunamannahreppur hafði frumkvæði að samstarfi við undirbúning hennar. Margir hafa komið að verkefninu auk sveitarfélagsins, s.s. Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Kerlingarfjallavinir. Vill Umhverfisstofnun koma á framfæri þakklæti til samstarfshóps um friðlýsinguna fyrir frábært samstarf en friðlýsta svæðið verður í umsjá Umhverfisstofnunar, sem sinna mun landvörslu, viðhaldi og rekstri á svæðinu til framtíðar.

„Við erum mjög glöð á þessum degi, enda hefur með friðlýsingu svæðisins verið stigið tímamótaskref, landi og þjóð til heilla,“ sagði Hildur Vésteinsdóttir, teymisstjóri friðlýsinga og áætlana hjá Umhverfisstofnun.

Kerlingarfjöll draga nafn sitt af móbergsdranga sem rís upp úr líparítskriðu sunnan í Tindi í vestanverðum fjöllunum. Fjallaklasinn samanstendur af litríkum líparíttindum og stórbrotnu landslagi. Svæðið er megineldstöð og eitt af öflugri háhitasvæðum landsins. Í Hveradölum, einu helsta aðdráttarafli Kerlingarfjalla, hvína og sjóða fjölbreyttir og litríkir gufu- og leirhverir. Í kringum marga þeirra vex sérstæður og viðkvæmur gróður. Á svæðinu eru fjölmargar gönguleiðir, m.a. að jarðhitasvæðunum.

Svandís Svavarsdóttir, settur umhverfis- og auðlindaráðherra í málinu, undirritaði friðlýsinguna.

Útvegum dekk undir vinnuvélar
og landbúnaðarvélar

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

100% íslenskt ullargarn í sokka, húfu og vettlinga
Fjallmannapakki
Slitsterkir sokkar, mjúkir og hlýir.
Vettlingar sem þola vosbúð og slark.
Húfa fyrir kalda haustdaga.
Lægra verð á þessum frábæru garnpökkum í ágúst og september. Litir að eigin vali
Nú er tíminn til að undirbúa göngur og réttir.
www.uppspuni.is - huldauppspuni@gmail.com

UppSpuni
Smáspunaverksmiðja
Lækjartúni, 851 Hella
s. 846-7199
tp. huldauppspuni@gmail.com
www.uppspuni.is

BÆKUR & MENNING

Bók um íslenska matþörunga:

Ofurfæða úr fjörunni

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Sögur útgáfa gaf í dag út bókina Íslenskir matþörungar – ofurfæða úr fjörunni. Þar er fjallað á hagnýtan hátt um hvernig tína má matþörunga, verka þá og matreiða – auk þess sem í ritinu er að finna mikinn fróðleik um þá; bæði sögulegan fróðleik og svo líffræðilegar upplýsingar um þessar undirstöðulífverur á jörðinni.

Höfundarnir eru fjórir; Eydís Mary Jónsdóttir, land- og umhverfisfræðingur, Hinrik Carl Ellertsson matreiðslumeistari, Silja Dögg Gunnarsdóttir sagnfræðingur og Karl Petersson ljósmyndari.

Ræturnar að útgáfu bókarinnar liggja aftur til háskólaára Eydísar í kringum árið 2011, en fyrsta starf hennar eftir útskrift var að kortleggja fjöruvistgerðir. „Ég var svo heppin að fá að vinna við það í tvö ár, fyrir Náttúrustofu Reykjaness, og var í fjöruvistgerðakortlagningarhópi Náttúrufræðistofnunar í Natura2000 verkefninu – þar sem allar vistgerðir landsins voru kortlagðar. Þar öðlaðist ég gríðarlega þekkingu á hinum ýmsu tegundum sem vaxa við landið og má segja að í gegnum þá vinnu hafi ég kolfallið fyrir þörungum," segir Eydís um forsögu áhuga hennar á matþörungum.

Höfundur bókarinnar í fjöruferð.

Myndir / Karl Petersson

Klóþang.

Þörungar framleiða mest allt súrefni okkar

„Það er svo margt að dást að varðandi þessar stórkostlegu lífverur. Þörungar framleiða allt að 90 prósent af því súrefni sem við öndum að okkur og við eigum þeim bókstaflega líf okkar að þakka. Fjöruþörungar lifa í einu erfiðasta umhverfi sem finnst á jörðinni. Það er síbreytilegt og þeir fara aldrei í dvala eins og lífríkið uppi á landi. Í staðinn framleiða þeir lífvirk efni sem gera þeim kleift að lifa af breytilegt hita-, seltu- og rakastig, sem getur breyst mikið með aðeins nokkurra klukkustunda millibili vegna sjávarfallanna. Þeir eru einnig frumframleiðendur, sem þýðir að þeir nýta orku sólarinnar til þess að framleiða og fanga næringarefni sem ferðast svo upp með lífkeðjunni.

Ofan á allt þetta eru þeir ein sjálfbærasta uppspretta næringarefna, og einnig sú vannýttasta, sem okkur stendur til boða hér á jörðinni. Fjöruþörungar þurfa ekki landsvæði, jarðveg, ferskt vatn eða áburð til að vaxa og stærstu þörungarnir vaxa um 80 sentimetra á dag. Sé rétt að ræktun staðið getur ræktun þeirra og nýting jafnvel haft jákvætt kolefnisspor. Það er held ég ekkert sem ekki er hægt að elska við þörunga," segir Eydís.

Matþörungavefsjá í þágu almennings

Í kjölfar kortlagningarvinnunnar starfaði Eydís að þörungarannsóknum fyrir ýmis nýsköpunarfyrirtæki og ræktaði um tíma smáþörunga. Hún er líka stundakennari við Landbúnaðarháskóla Íslands, þar sem hún kennir fjöruvist. „Ég stofnaði svo mitt eigið fyrirtæki, Zeto, árið 2016 ásamt tveimur öðrum þar sem við höfum þróað sjálfbæra aðferð við að framleiða lífvirkt þaraþykkni fyrir húðvörur og erum að þróa okkar eigin húðvörulínu sem byggir á nýtingu á þara.

Eydís Mary Jónsdóttir.

Ég fékk styrk frá Matarauði Íslands til að setja upp matþörungavefsjá sem ég vann með Gunnhildi Georgsdóttur, sem var einnig að vinna að fjöruvistgerðakortlagningu fyrir Náttúrufræðistofnun. Þörungavefsjána má sjá á slóðinni mataraudur.is/thorungakort. Við nýttum þekkingu okkar á vistgerðaflokkuninni til að draga út úr gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar gögn um það hvar hinar helstu tegundir matþörunga vaxa við Ísland. Mér vitanlega hafa þessi gögn aldrei verið lögð svona fram áður og því um einstakar upplýsingar að ræða, sem gera almenningi kleift að nýta sér þá þekkingu, sem annars væri falin í gagnagrunnunum, til þess að nýta og njóta íslenskra matþörunga. Þessi vinna gerði mér svo kleift að útfæra útbreiðslukortin sem finna má í bókinni sem við gefum út núna."

Hráefni til heilsubótar og veisluhalda

Bókin snýst kannski aðallega um það hvernig nýta megi hinar ýmsu þörungategundir til manneldis; bæði til matargerðar og einnig sem hráefni til heilsubótar. „Allan þennan tíma hef ég verið að leika mér með þörunga í matargerð en það var í rauninni ekki fyrr en ég hitti Hinrik Carl Ellertsson matreiðslumeistara árið 2016 að ég fór virkilega að prófa mig áfram.

Hinrik vann á þessum tíma á Dill og hann opnaði fyrir mér heim matar sem ég vissi ekki að væri til. Fyrir mér er hann algjör listamaður á sínu sviði og hans uppáhalds hráefni eru þau sem við getum nýtt okkur úr nærumhverfinu. Það var svo fyrir þremur árum að ég sat í kaffi með mágkonu minni, Silju Dögg Gunnarsdóttur, alþingiskonu og sagnfræðingi, að hún sýndi mér erlenda matreiðslubók með matþörungum sem hún vildi þýða. Ég skoðaði bókina og sagði við hann að við myndum bara gera okkar eigin bók. Hinrik var fljótur að hoppa á vagninn og hann fékk Karl Petersson matarljósmyndara með í hópinn. Hann hefur ástríðu fyrir það sem hann gerir og hann elskar líka mat, enda eru matarljósmyndirnar hans næstum ekki af þessu heimi. Við sóttum um og fengum styrk fyrir gerð bókarinnar frá Miðstöð íslenskra bókmennta og hófumst handa.

Við Silja unnum texta bókarinnar, ég gerði kortin og skýringarmyndirnar, Hinrik skrifaði matartengda textann og þróaði uppskriftirnar og Kalli festi þetta allt saman á filmu. Okkur fannst gríðarlega mikilvægt að hönnun bókarinnar væri einstaklega falleg því matþörungar eru svo misskildir. Þeir eiga það skilið að vera upphafnir og sýndir á fallegan hátt, því þetta er stórkostlegt hráefni. Ég fékk Einar Geir og Ósk hjá hönnunarstofunni E&Co til að hanna bókina og setja hana upp. Og nú er hún loksins komin út – eftir þriggja ára vinnu."

Sætur beltisþari

Bókin, sem er 261 blaðsíða, er í raun tvískipt; helmingur bókarinnar er helgaður uppskriftum og matartengdum texta. „Við lögðum mikla áherslu á að uppskriftirnar væru aðgengilegar og bragðgóðar. Fyrri hluti bókarinnar er hins vegar alhliða fróðleikur um þörunga, hvers vegna við eigum að borða þá, hvernig þeir voru nýttir áður fyrr og hvernig við getum nýtt þá á öruggan og sjálfbæran hátt. Svo eru líka nánari upplýsingar um átta helstu íslensku matþörungategundirnar ásamt útbreiðslukortum og útskýringum á því hvernig lesa má flóðatöflur til að geta komist að hinum mismunandi tegundum," útskýrir Eydís.

Í upphafi var beltisþari og purpurahimna í mestu uppáhaldi hjá Eydísi. „Beltisþarinn er frekar sætur, enda kallaður sugar kelp á ensku og sukkertare á dönsku. Hann er langur og því hægt að nota hann til dæmis til að vefja utan um fisk eða kjöt eins og bananablöð. Það er líka hægt að skera hann niður, pönnusteikja eða djúpsteikja. Það er hægt að leika sér ótrúlega mikið með hann. Það er meira að segja gott að taka hann með sér í bað og það á reyndar við um alla brúnþörungana, því í heitu vatni gefa þeir frá sér mikið af steinefnum og fjölsykrum sem eru mjög holl fyrir húðina. Purpurahimna er rauðþörungur sem kallast nori á japönsku og flestir ættu að kannast við í sushi. Hún er virkilega bragðgóð hvernig sem hún er framreidd, fersk, þurrkuð, soðin, steikt. Þetta er æðislegur matþörungur. Upp á síðkastið, sérstaklega eftir að ég kynntist Hinriki, hef ég verið að leika mér meira með að vinna með tegundirnar til að framkalla flóknara bragð, til dæmis með því að pækla og „pikkla" klóþangskynbeð, sem eru litlir uppblásnir belgir. Þá bragðast þau mjög líkt kapers. Við höfum líka verið að leika okkur að því til dæmis að djúpsteikja söl, leggja sjávartrufflur í súr og margar fleiri tilraunir sem margar hverjar rötuðu í bókina. Hinrik er að mörgu leyti búinn að hjálpa mér við að enduruppgötva matþörunga með því að kenna mér nýjar vinnsluaðferðir."



Lambalæri vafið í beltisþara.

Þangskeggið kallast líka sjávartruffla.

Sjávartrufflu sáldrað yfir skelfisk.

Eydís segir að gríðarlegir möguleikar séu í aukinni nýtingu íslenskra þörunga – og mjög fjölbreyttir nýtingarmöguleikar séu í boði. „Það eru nú þegar mörg íslensk nýsköpunarfyrirtæki að vinna með þá, en ég myndi vilja sjá okkur nýta þá betur og búa til meiri verðmæti úr þeim hér á landi," segir hún.

Lífvirkir og næringarríkir

Þegar Eydís er spurð um rannsóknir á efnainnihaldi þörunganna og áhrifum þeirra á mannslíkamann segir hún að slíkt sé nokkuð vel rannsakað, í það minnsta hvað snertir algenga matþörunga. „Það er vandfundin sú planta á landi sem inniheldur jafnmikið magn fjölbreyttra næringarefna, steinefna og vítamína eins og þörungar. Þörungar hafa verið nýttir til matar um aldir og því er komin

góð reynsla á nýtingu þeirra bæði í matargerð og sem lækningatæki. Formæður okkar vissu til dæmis að söl gátu komið í veg fyrir og læknað skyrbjúg.

Á undanförnum árum hefur athygli vísindamanna í síauknum mæli beinst að nýtingu þörunga, bæði hérlendis og erlendis. Ole G. Mouritsen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, hefur til dæmis rannsakað margar af þeim matþörungategundum sem vaxa við Ísland með tilliti til neysluöryggis og jákvæðra áhrifa og svo sannarlega unnið brautryðjendastarf í því að kynna matþörunga fyrir Norðurlandabúum. Áhugi vísindamanna á lífvirkum efnum sem finna má í þörungum hefur einnig aukist gríðarlega og þá í sambandi við nýtingu í bætiefna-, snyrtivöru- og lyfjaiðnaði. Þar má til að mynda nefna efni eins og astaxanthin, sem er kraftmesta andoxunarefni sem fundist hefur í náttúrunni, og fucoidan, sem finna má í bæði þangi og þara, og hefur sýnt fjölbreytta lífvirkni meðal annars í blóðstorknun, á veirur, æxli og bólgur auk andoxunarvirkni.“

Umami-keimurinn sóttur í þörungana

Japanir eru þekktir af nýtingu þörunga til matargerðar og nota tegundina kombu, til að mynda til að ná fram tilteknum keimi í núðlurétti sína – auk þess sem þörungar þar eru notaðir sem þykkingarefni. Eydís segir að hrossþarann sé hægt að nota á sama hátt. „Eins er hægt að nota marinkjarna á sama hátt og Japanir nota wakame – til dæmis í súpur og salöt. Þararnir eru allir ríkir af náttúrulegum glútamötum sem gefur þetta djúpa umami-bragð sem algengt er að finna í austurlenskum mat. MSG, eða monosodiumglutamate, er í rauninni ódýra, mannsmíðaða útgáfan af glútamötum úr þörungum. Í uppskriftum bókarinnar er Hinrik mikið að leika sér einmitt með að draga fram umami-bragðið úr þörungunum og búa til sannkallaðar bragðefnabombur.

Fjöruþörungar sem unnir eru á Vesturlöndum, þar á meðal á Íslandi, eru að mestu nýttir í framleiðslu þykkingarefna. Brúnþörungar innihalda flestir mikið magn alginata sem er þykkingarefni sem notað er í ýmiss konar iðnað, meðal annars matvælaiðnað. Fjörugrös og sjóarkræða voru nýtt hér á landi um aldir meðal annars til að þykkja grauta. Þegar þau eru soðin, t.d. í mjólk, losnar karragenan úr þörungnum og mjólkin þykkist í graut. Þykkingarefnin karragenan og agar er að finna í mörgum rauðþörungum.“

Matreiðslumeistarinn Hinrik Carl við gnægtir fjöruborðsins.

Engin hætta á mistökum í fjöruferðum

„Það frábæra við fjöruþörunga er að það „má“ borða þá alla saman. Það eru engir eitraðir fjöruþörungar við Ísland, en þeir eru ekki allir jafn bragðgóðir eða skemmtilegir undir tönn. Í bókinni er ég búin að

kortleggja vaxtarsvæði þær átta tegundir sem okkur Hinriki finnst mest spennandi að nýta í matargerð, eru auðfundnir og auðvelt er að nýta á sjálfbæran hátt. Það eru söl, purpurahimna, sjávartruffla (þangskegg), fjörugrös, beltisþari. marinkjarni, hrossaþari og dvergþang. Þessar tegundir vaxa mishátt í fjörunni og því þarf að nýta stórstraumsfjöru til að komast í þarana, sölina og fjörugrösin. Sjávartrufflan vex um miðbik fjörunnar á klóþangi og dvergþangið alveg efst og því auðveldara að nálgast þær tegundir og ekki þarf að gæta jafn mikið að sjávarföllunum þegar á að næla sér í þær,“ segir Eydís um það hvort eitthvað þurfi að varast í fjöruferðum eftir þörungum.

„Í bókinni er að finna mjög góðar leiðbeiningar um hvernig best er að nýta þörunga á öruggan og sjálfbæran hátt og á hvaða árstíma best er að nýta mismunandi tegundir. Ef tína á tegundir sem vaxa neðst í fjörunni, eins og til dæmis söl eða þara, þarf að byrja á að skoða flóðatöflu og finna hentugan dag þegar stórstreymt er og finna út klukkan hvað mesta fjaran er svo þörungarnir séu ekki undir vatni. Það er passlegt að halda í fjöruna um það bil klukkustund áður en mesta fjaran er og svo passa að festast ekki á flæðiskeri þegar fellur aftur að. Ég reyni að finna aðgengilegar fjörur sem eru tiltölulega auðveldar yfirferðar þegar ég skipulegg fjöruferðir. Það er góð regla að forðast það að stíga ofan á þangvaxna steina, það er betra að skorða fótinn vel á milli þeirra til að tryggja góða fótfestu.

Ég legg einnig mikla áherslu á að gæta að sjálfbærri nýtingu. Það er mikilvægt að skera þal þörungsins, sem er líkami hans, af fyrir ofan festuna. Sé festan skilin eftir getur þörungurinn vaxið up p aftur og þá er hægt að koma aftur ár eftir ár á sama svæðið til að tína. Það er mjög auðvelt að gleyma sér og tína meira magn en maður kemst yfir og því mikilvægt að reyna að hafa stjórn á sér og sýna nægjusemi í tínslunni.“

Sjávartrufflan í uppáhaldi

Sjávartrufflan, eða þangskeggið, hefur notið vinsælda á mörgum virtum veitingastöðum á undanförnum árum vegna þess hversu keimlík hún er hinni eftirsóttu trufflu, sem er tiltekin jarðsveppategund og vex óvíða – til dæmis ekki hér á Íslandi. „Sjávartrufflan er í uppáhaldi hjá mér þessa daganna. Það þarf í rauninni ekki að gera neitt sérstakt við hana til að ná fram trufflu-bragðinu. Mér finnst trufflukeimurinn í raun sterkastur af henni ferskri, niðri í fjöru. En til að geyma hana til að nota í eldhúsinu er best að skola hana vel til að losna við ásætur og loftþurrka, annaðhvort á handklæði eða við lægsta hita í blástursofni. Mikið er af ásætum á henni á haustin og því best að tína hana á vorin. Þurrkuð geymist sjávartrufflan árum saman og bragðið endist mjög vel. Það sem mér hefur reynst best, til að bragðið skili sér sem best í matinn, er að setja sjávartruffluna ekki út í matinn meðan á eldun stendur, heldur krydda matinn með henni eftir eldun. Þá kemur trufflubragðið sterkast fram,“ segir Eydís.

„Ég held persónulega mest upp á gömlu góðu sólþurrkunina, við verkun á þörungunum. Mér finnst sólþurrkuð söl til dæmis vera bragðbetri en þau sem ég þurrka inni. Ég á til að mynda ekki þurrkofn, en ég veit að Hinrik notar þá mikið. Ég þurrka eingöngu innandyra þegar rakt er í veðri. Einu mistökin í þurrkun sem ég hef gert er að prófa að þurrka á gólfhita. Bæði söl og þari soðna ef þau eru lögð til þurrkunar á gólfhita. Þurrktíminn fer eftir þykkt þörungsins og loftraka. Sjávartrufflan er til dæmis þunn og þráðlaga og þornar á eldhúsborðinu yfir nótt. Hrossaþari og beltisþari, sem báðir eru stórgerðir og tiltölulega þykkir, geta tekið nokkra daga. Þegar ég sólþurrka söl og veðrið er ákjósanlegast, tekur það yfirleitt um tvo daga, en ég tek sölina inn fyrir kvöldið svo dögg falli ekki á hana, og legg hana aftur út seinni daginn,“ segir Eydís að lokum.

41,9% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2019. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

21,9% á höfuðborgarsvæðinu

41,9% á landsbyggðinni

29,2% landsmanna lesa Bændablaðið

Hvar auglýsir þú? Bændablaðið

Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Humbaur kerrur eru til afgreiðslu núna!
Stærsti kerruframleiðandi Þýskalands

Topplausnir
topplausnir.is
S: 517 7718

Smiðjuveg 12 - græn gata
200 Kópavogi
Sími 517-7718
www.topplausnir.is

Gerð: 2605. HT 203116: 310x165x30 cm
2.000 kg á tveimur öxlum.
Verð kr. 640.000 m/vsk og skráningu.

Gerð: 2326 .HA 203015:303x150x35cm
2.000 kg á tveimur öxlum.
Verð kr. 555.000 m/vsk og skráningu.

Gerð: 2632 . HT 254118: 410x185x35 cm.
2.500 kg á tveimur öxlum.
Verð kr. 795.000 m/vsk og skráningu.

Gerð: 2331. HA 253015: 303x150x35cm
2.500 kg á tveimur öxlum.
Verð kr. 590.000 m/vsk og skráningu.

Gerð:1339. HA 133015: 303x150x35cm
1.300 kg á einum öxli.
Verð kr. 475.000 m/vsk og skráningu.

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Hvað er betra en glænýjar gulrætur?

Garðræktendur gleðjast yfir grænmetisuppskerunni

Uppskerutími íslensks grænmetis er hafinn af fullum krafti, ekki aðeins hjá garðyrkjubændum heldur líka í heimilisgörðum landsmanna. Það hefur verið áberandi aukning í matjurtaræktun almennings á undanförnum árum og þetta sumar er engin undantekning.

Ræktun grænmetis er holl og nytsamleg iðja sem gefur margar gleðistundir við ræktun, uppskeru og úrvinnslu. Hægt er að rækta grænmeti með einföldum hætti á beði í garðshorni en aðrir leggja alúð við að koma fyrir upphækkuðum ræktunareiningum, körmum og annars konar útbúnaði sem eykur skjól, hita og auðveldar umhirðu.

Ótal tegundir í ræktun

Garðáhugafólk hefur úr ótal tegundum og yrkjum að velja. Fræúrval er mjög fjölbreytt í garðyrkjuverslunum og garðplöntustöðvar selja fjölbreytt úrval plantna til gróðursetningar á hverju vori. Grænkál, hvítkál, blómkál, hnúðkál, spergilkál og kínakál eru meðal algengustu tegunda, en margt annað er auðræktað í heimilisgarðinum sem sést sjaldan í matvörubúðum. Blaðlaukur, vorlaukur, matlaukur og jafnvel hvítlaukur getur gefið ágæta uppskeru í vel gerðum matjurtagarði. Radísur og næpur gefa uppskeru snemma sumars en sjást varla ferskar í verslunum nema þá frá öðrum löndum. Á því hyggjast garðyrkjubændur vinna bragarbót. Ýmsar salattegundir eru einnig auðræktaðar og fljótvaxnar. Þá má nefna hinar fallegu og hollu rauðrófur, sem vaxa prýðilega hjá okkur. Ferskar heimaræktaðar gulrætur beint úr garðinum eru líka sælgæti sem enginn fær staðist.

Gaman að fást við áskoranir í ræktuninni

Þeir allra djörfustu reyna ræktun tegunda sem almennt eru ekki þekktar sem útimatjurtir. Kuldaþolin tómatayrki, smágúrkur, kúrbítur, maís og sjaldséðir rótarávextir eru tegundir sem hægt er að spreyta sig á og geta gefið óvænta ánægju síðla sumars í vel hirtum, skjólgóðum görðum. Einnig er það skemmtileg áskorun að keppast við að ná uppskeru sem fyrst á sumrin og lengja á þann hátt

uppskerutímann. Einföld skýli og garðgróðurhús gefa síðan alveg nýja vídd í framleiðslunni, þegar við bætast hitakærari tegundir.

Fersk vara er alltaf best

Það vita þau ein sem reynt hafa, hversu mikill gæðamunur er á glænýrri uppskeru og þeirri sem hefur verið geymd og flutt til okkar um langan veg. Nýuppskorinn laukur, hvítlaukur eða blaðlaukur felur í sér bragð og ferskleika sem kemur alltaf jafn mikið á óvart. Sama gildir um jarðarberin og hindberin sem vel má rækta í heimilisgarðinum.

Geymsla og úrvinnsla auka gagnsemi ræktunarinnar

Margt er hægt að gera til að auka notagildi uppskerunnar, ekki síst þegar hún er eins ríkuleg og nú virðist ætla að verða víðast hvar. Grænmeti sem á að geyma í kæli er uppskorið í lok vaxtartímans, þrifið vel og komið fyrir við rétt hitastig. Sumar tegundir má þurrka, td. kryddjurtirnar. Súrsun er vinsæl aðferð við geymslu grænmetis og hægt að nálgast upplýsingar um þá ágætu geymsluaðferð í bókum og á netinu. Sultugerð úr berjum er vel þekkt aðferð til að varðveita þá berjauppskeru sem ekki er notuð fersk og góð beint úr garðinum.

Íslenskt grænmeti stendur alltaf fyrir sínu

Íslenskir garðyrkjubændur standa í þakkarskuld við alla þá neytendur sem gera sér grein fyrir mikilvægi þess að treysta enn stoðir íslenskrar framleiðslu. Þeir kappkosta að rækta holla matvöru í mestu gæðum. Unnið er að því að auka enn tegundaúrval íslensks grænmetis, lengja uppskerutíma þess og draga þannig úr innflutningi. Reynum að vera eins sjálfbær í okkar matvælaframleiðslu og mögulegt er!

Ingólfur Guðnason
námsbrautarstjóri
garðyrkjuframleiðslu
LbhÍ Reykjum, Ölfusi

LANDSAMBAND KÚABÆNDA



Fyrirkomulag kvótamarkaðar fest í sessi

Í lok júlímánaðar staðfesti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þá tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga að hámarksverð á kvótamarkaði skyldi verða sem nemur þreföldu afurðastöðvaverði og að sú ákvörðun gildi út árið 2023. Gildir það fyrst á næsta kvótamarkaði sem verður 1. september næstkomandi og bændur eiga nú að vera búnir að skila inn tilboðum fyrir.

Arnar Árnason.

Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Lengi er von á einum

Forsvarsmenn bænda hafa róið að því, allt frá því að endurskoðun samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt hófst árið 2019, að ná því í gegn að hámark skyldi sett á verð á greiðslumarki. Það náðist ekki í gegn í samningalotunni en sett var inn ákvæði um að ráðherra væri heimilt að setja hámarksverð á kvótamarkað „ef verðþróun á markaði verður óeðlileg að teknu tilliti til framboðs, eftirspurnar og aðstæðna að öðru leyti“. Mikill styr stóð um niðurstöðuna og fór af stað undirskriftarsöfnun sem 340 kúabændur skrifuðu undir þar sem skorað var á samninganefndir að setjast aftur að samningaborðinu. Úr varð að við bættist bókun þar sem framkvæmdanefnd búvörusamninga var gert að taka afstöðu til þess hvort setja skuli hámarksverð á greiðslumark á fyrsta markaðinn með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Þá var einnig tekið fram að hámarksverð gæti aldrei orðið hærra en þrefalt lágmarksverð mjólkur til framleiðenda eins og það er á hverjum tíma.

Krafa bænda var sú að hámarksverð á kvótamarkaði væri sem nemur tvöföldu afurðastöðvaverði, í samræmi við ályktun af aðalfundi Landssambands kúabænda 2019. Árið áður hafði aðalfundur LK einnig ályktað um að hámarksverð ætti að vera á viðskiptum með greiðslumark og er vilji greinarinnar því nokkuð skýr. Féllst ráðherra á tvöfalt afurðastöðvaverð á fyrsta markaði en sú ákvörðun gilti hinsvegar einungis fyrir þann markað. Bentum við ítrekað á mikilvægi þess að ákvörðun um hámarksverð gilti til lengri tíma en til eins markaðar í senn, enda myndi slíkt fyrirkomulag skapa mikla óvissu og gæti haft mikil áhrif á framboð og eftirspurn greiðslumarks á viðkomandi markaði. Svo fór sem fór og varð eftirspurn eftir greiðslumarki sautjánföld á við framboðið. Ljóst er að margir biðu með að selja greiðslumark til að sjá hvað yrði og raungerðist því sú staða sem við vöruðum við. Stöðugleikinn og vissan er því augljóslega lykilatriði.

Í kjölfar fyrsta markaðarins fóru fljótlega af stað umræður um framhaldið og lögðu forsvarsmenn bænda áherslu á að haldið yrði í það fyrirkomulag sem haft var þá. Ekki náðist samkomulag um það en niðurstaðan varð þó sú að það yrði hámarksverð en það næmi þreföldu afurðastöðvaverði og myndi þá gilda til lengri tíma, enda var lögð þung áhersla á mikilvægi þess til að eyða óvissu í greininni.

Markaður besta fyrirkomulagið

Hafa ber í huga að hámarksverð á kvótamarkaði er ekki fast verð. Reglan á markaðnum er áfram sú að sölutilboð sem eru hærri en jafnvægisverð og kauptilboð sem eru lægri falla út.

Markaðurinn virkar því sem áður sem jafnvægisverðsmarkaður en með hámarksverði er komið í veg fyrir óeðlilega háa verðmyndun. Hátt verð á greiðslumarki hefur verið hvað helsta gagnrýnin á kvótakerfið en með jafnvægisverðsmarkaði með hámarksverði er búið að girða fyrir að sú staða komi upp að nýju. Mjólkurframleiðendur munu eftir sem áður gera tilboð um kaup og sölu eftir því sem þeir telja best fyrir sitt bú.

Með viðskiptum í gegnum miðlægan markað gefst viðskiptaaðilum færi á að koma saman og tryggði upptaka þess fyrirkomulags bæði betra upplýsingaflæði og gegnsæi í verði, en fram að því hafði verðlag á kvóta verið talið of hátt og sveiflugjarnt. Verð á greiðslumarki frá því uppboðsmarkaður var tekinn upp árið 2010 og út árið 2013 var milli 360-370 krónur á lítra á núvirði, sem teldist ansi hátt í dag en var þó nokkuð lægra en tíðkaðist fyrir tíma tilboðsmarkaðarins. Eftirspurn eftir greiðslumarki dróst svo saman 2013-2014 og verðið lækkaði, en þá var meira selt af mjólk á innlendum markaði en nam greiðslumarki sem og að sama verð fékkst fyrir umframmjólk og mjólk sem framleidd var innan greiðslumarks. Fullt gjald fékkst fyrir umframmjólk þar til um mitt ár 2016 en síðan þá hefur verð fyrir hana rýrnað mjög, nú síðast með lækkun úr 29 krónum á lítrann í 20 krónur sem tók gildi 1. ágúst.

Stöðugleiki tekur við af óróleika

Þegar ákvörðun um fyrirkomulag viðskipta með greiðslumark er tekin þarf að líta til margra þátta. Við höfum þá vinnu snemma og til að mynda vann Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri greinargerð sem birt var í lok árs 2018. Þegar litið er til verðþróunar á greiðslumarki frá upphafi markaðsfyrirkomulagsins, lækkunar á verði fyrir umframmjólk og þess þrýstings sem kominn er á viðskiptin töldum við því ásættanlegt að hámarksverð yrði sett sem þrefalt afurðastöðvaverð hvers tíma, enda um hámarksverð að ræða en ekki fast verð. Við stöndum keik á bakvið þá ákvörðun að viðskiptum sé best háttað í gegnum miðlægan markað með hámarksverði, líkt og aðalfundir LK síðastliðna tveggja ára hafa ályktað um.

Með nýju fyrirkomulagi, og þá helst þeirri staðreynd að það mun gilda til lengri tíma, ætti bæði að komast skrið á viðskipti með greiðslumark og síðar jafnvægi á framboð og eftirspurn.

Arnar Árnason,
formaður Landssambands kúabænda
Herdís Magna Gunnarsdóttir,
varaformaður Landssambands kúabænda

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Tökum hey- og jarðvegssýni

Eiríkur Loftsson
ráðunautur, Rekstrar- og umhverfissvið
el@rml.is

Það er mikilvægt að taka árlega heysýni og senda í efnagreiningu til að hafa í höndunum yfirlit um efnainnihald og gæði heyjanna. Á grunni niðurstaðnanna má svo skipuleggja fóðrun gripanna og sjá hvers konar kjarnfóður hentar með heyjunum og annað viðbótarfóður sem þarf til að bæta upp það sem vantar í heyin.

Veðrátta hefur mikil áhrif á heygæði og þegar veðráttan er frábrugðin því sem við eigum að venjast er sérstaklega mikilvægt að huga að heyefnagreiningum.

RML býður upp á heysýnatöku að vanda og hægt er panta heysýnatöku og fóðurráðgjöf á heimasíðu RML (hnappur á forsíðu).

Fyrir bændur sem taka sýni sjálfir er gott að hafa í huga að hentug stærð sýnis er á stærð við handbolta og gott að reyna að lofttæma heysýnapokann. Merkja sýnið vel og frysta strax. Þegar sýni eru tekin úr verkuðu fóðri þarf það að hafa verkast í a.m.k. 4-6 vikur áður en sýni er tekið. Á heimasíðu RML, undir eyðublöð má finna fylgiseðil sem fylla má út með upplýsingum sem mikilvægt er að fylgi hverju sýni.

Efnagreiningar á jarðvegi ræktarlands gefa mikilvægar upplýsingar um sýrustig jarðvegs og forða hans af mikilvægustu plöntunæringaerfnum. Niðurstöðurnar má nota til að ákvarða áburðargjöf og sýrustig jarðvegs til að ákveða kölkun. Niðurstöður jarðvegssýna frá undanförnum árum benda til að sýrustig túna sé mjög víða lægra en þau viðmiðunargildi sem æskileg þykja í jarðrækt.

Jarðvegssýni sem ráðunautar RML taka í haust verða send til greiningar hjá Efnagreiningu ehf. Þegar niðurstöður efnagreininga liggja fyrir geta bændur óskað eftir að ráðunautar RML túlki þær og nýti við gerð áburðaráætlana og í önnur verkefni er tengjast jarðrækt. RML tryggir að niðurstöðurnar fari inn í forritið Jörð.is þar sem þær eru geymdar og aðgengilegar bændum. Til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða á sýrustigi og næringarástandi í efsta jarðvegslagi túna og akra er æskilegt að taka úr þeim jarðvegssýni á nokkurra ára fresti.

Æskilegt er að taka jarðvegssýni á haustin áður en búfjáráburður er borinn á. Jarðvegssýnataka mun hefjast í september. Æskilegt er að sem flestar pantanir liggi fyrir snemma í ferlinu til þess að auðvelda skipulagningu heimsókna. Hægt er að panta rafrænt á heimasíðu rml.is, eða með því að hringja í síma 516-5000.

Verð: kr. 1.190,-

Verð: kr. 10.500,-

Smalamennska 2020

Göngum þurr og örugg til fjalla! Regnsettið er slitsterkt 310 g/m², með hettu, vösum og stillanlegri teygju í mitti. Bjóðum upp á merkingar á hóflegu verði og sendingarkostnaður er innifalinn í verði.

Stærðir: XS-4XL
Efni regnsett: 310gr PU/PVC
Efni vesti: 100% pólyester

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

TUDOR rafgeymar

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

BÆKUR & MENNING

Uppskriftabók úr íslenskum eldhúsum eftir stríð

Á síðasta ári kom út frá Espólínforlagi matreiðslubókin Uppskriftir stríðsáranna eftir Önnu Dóru Antonsdóttur og Kristrúnu Guðmundsdóttur. Með bókinni vilja þær halda á lofti merki formæðra sinna en uppskriftir í bókinni eru teknar úr matreiðslubókum systranna Guðbjargar og Sigurlaugar Sveinsdætra en þær stunduðu báðar nám við Kvennaskólann á Blönduósi og voru uppskriftabækur þeirra afrakstur matreiðslunáms við skólann.

Sigurlaug frá Tjörn (f.1924) stundaði nám við Kvennaskólann á Blönduósi veturinn 1943-1944 en Guðbjörg (f.1919 d. 2013) veturinn 1939-1940. Báða þessa vetur voru Sigurlaug Björnsdóttir frá Kornsá matreiðslukennari og Sólveig Sövik skólastýra. Í matreiðslubókinni Uppskriftir stríðsáranna segir:

„Kvennaskólinn á Blönduósi

Matreiðslubækur Guðbjargar og Sigurlaugar Sveinsdætra frá því upp úr 1940 hafa varðveist vel og voru efniviður í bókina Uppskriftir stríðsáranna.

Ábætisréttur sem lítur út eins og snjóhús, Snjóbúðingur, er tilvalinn að búa til með haustinu.

Anna Dóra Antontsdóttir og Kristrún Guðmundsdóttir gáfu út matreiðslubókina Uppskriftir stríðsáranna á síðasta ári en í henni má finna uppskriftir úr matreiðslubókum systranna Guðbjargar og Sigurlaugar Sveinsdætra.

var lyftistöng í lífi húnvetnskra og skagfirskra kvenna í lok nítjándu aldar og fram eftir þeirri tuttugustu. Húsmæðurnar skynjuðu það og skildu. Þær sendu dætur sínar í þessa menntastofnun sem þær höfðu sjálfar trú á. Bækurnar (systranna) bera þess menjar að hafa verið í mikilli notkun en uppskriftirnar voru, þegar grannt var að gáð, hluti daglegs mataræðis eftirstríðsáranna og lengur, á alþýðuheimilum þessa lands.“

Höfundar bókarinnar Uppskriftir stríðsáranna flétta skemmtilega saman hinum gömlu uppskriftum með textum dagsins og hugleiðingum um það sem er efst á baugi í samtímanum, rifja upp þætti úr kvennafræðslu og krydda síðan með heilræðum úr smiðju Kvennaskólans. Hér fylgja tvær uppskriftir úr bókinni:

Prinsessusúpa
1 ½ l kjötsoð
1 ¼ hvítkálshöfuð
Gulrófa – gulrætur

Prinsessusúpan samanstendur af kjötsoði, grænmeti og eggi.

40 g smjör
40 g hveiti
2 msk. rjómi
1 eggjarauða – gott kjötsoð

Aðferð:
Konan sker þvegið grænmeti í smábita og hitar á pönnu. Lætur sjóða í tíu til fimmtán mínútur. Þá er grænmetið tekið upp úr og látið í súpuskál. Bakar saman smjör og hveiti og hræri smám saman út með soðinu, lætur sjóða. Rjóminn og eggin hrærð saman og jafnað síðan út í súpuna, má ekki sjóða! Og úr verður prinsessusúpa.

Snjóbúðingur
1-2 dl rjómi
2 msk. sykur
3 bl. matarlím
2 msk. heitt vatn
1 tsk. vanilludropar
Berjasulta, makkarónur eða smákökur

Aðferð:
Matarlímið lagt í kalt vatn og látið liggja í stund. Rjóminn þeyttur og droparnir og sykri hrært saman við. Matarlímið hrært út í heita vatninu og látið renna og hrært gætilega saman við rjómann. Og síðan sett í mót sem er bleytt og sykri stráð. Og látið í lögum svo sultan og smákökurnar séu innan í og þær þurfa að vera brotnar í smábita. Rjóminn skal vera allt í hring. */ehg*

Á FAGLEGUM NÓTUM

Smitgát á kúabúum

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Á þessum merkilegu tímum þegar smitgát er á allra vörum leiðir það hugann að smitgát á kúabúum, sem allt of víða má bæta verulega. Eftir rúmlega tveggja áratuga starf með kúabændum víða um heim hefur safnast vel í reynslubankann og eitt af því sem kúabændur í flestum löndum eiga sameiginlegt er að of margir færa ábyrgðina á smitvörnum eigin kúabúa yfir á þá sem þjónusta búin eins og t.d. dýralækna, ráðunauta, frjótækna, gripa- , fóður- eða mjólkurbílstjóra, þjónustuaðila mjaltakerfis og fleiri mætti nefna.

Smitvarnir eiga að sjálfsögðu að vera á ábyrgð bændanna sjálfra og þeir eiga að setja reglurnar fyrir eigin bú sem svo aðrir eiga að fara eftir. Svona reglur eru víða aðgengilegar og auðvelt að finna og fara eftir. En smitgát er líka eitthvað sem þarf að viðhafa innan bús og í því sambandi er talað um ytri smitgát og svo innri smitgát. Ytri smitgát er þá að koma í veg fyrir að smit berist inn á viðkomandi kúabú með t.d. einhverjum þjónustuaðila en innri smitgát eru góðir búskaparhættir viðkomandi bús við að koma í veg fyrir, eða draga úr, að smit geti borist um innan viðkomandi bús.

Ytri smitgát

Eins og áður segir eru til margar aðgengilegar reglur og viðmiðanir varðandi það hvernig kúabú geta sett upp eigin reglur varðandi það hvernig búið vill að þeir aðilar sem þangað koma hagi sér. Þetta geta verið reglur eins og að ekki sé gengið inn í fjósið í stígvélum sem notuð hafa verið í öðru fjósi nema þá að sýnt hafi verið fram á fullnægjandi sótthreinsun. Ekki sé farið inn í fjósið í vinnufötum sem hafa verið notuð í öðru fjósi nema þau hafi verið þvegin á milli o.s.frv. Þessar reglur eru allar til og má benda á LK eða RML varðandi frekari upplýsingar.

Mín reynsla er þó sú að þó svo að svona einfaldar og sjálfsagðar umgengnisreglur hafi verið til og í notkun í jafnvel áratugi þá veigra bændur sér oft við að fylgja þeim eftir.

Kúabóndi í einu landi í Asíu nefndi t.d. við mig að honum þætti óþægilegt og óviðeigandi að biðja dýralækninn sinn að skipta um föt og stígvél við komuna á búið! Að ákveðnu leyti skiljanlegt en um leið óskiljanlegt! Allir vilja auðvitað og gera ráð fyrir að þeir sem koma inn á búin viðhafi smitgát en ábyrgðin á því er þó kúabóndans og hún/hann á að sjá til þess að smitvörnum sé fylgt og sinnt.

Víða pottur brotinn

Ég hef á ferlinum upplifað allskonar undarleg brot á smitvörnum frá öllum þjónustuaðilum, allt frá því að dýralæknir ók bíl sínum beint inn á fóðurgang í fjósi í Danmörku, frjótæknir var með haugskítuga svuntu framan á sér sem hann rúllaði upp á milli bæjarheimsókna, ráðunautar sem óðu inn í fjós á skóm sem þeir höfðu verið í skömmu áður í öðru fjósi og mörg fleiri dæmi mætti tína til.

Misjafnt er hvað menn taka smitvarnir alvarlega í landbúnaði. Þegar alvarleg tilfelli koma upp má þó oft sjá viðbragðsteymi í fullum skrúða eins og á þessari mynd sem tekin var í Malasíu.

Hreinar línur

Spyrja má hvað er til ráða? Svarið er einfalt, kúabóndinn sjálfur þarf að vera afar skýr varðandi það hvaða kröfur hann/hún gerir og svo fylgja þeim eftir.

Sem stendur starfa ég í Kína við ráðgjöf til þarlendra kúabænda og þar er ekki síður en annarsstaðar víða pottur brotinn í þessu sambandi. Þó er það svo að stærri búin eru með fullkomnar smitvarnir, allt frá því að eiga einnota klæði fyrir alla gesti og þá bæði plastskó og sloppa og upp í að skikka gestkomandi í að fara í gegnum búningsklefa, fara í sturtu og klæðast svo eingöngu fötum búsins og það allt frá innstu spjör! Þetta er líkt og gert er á einangrunarbúum hér á landi!

Nýr galli á hverjum stað

Að mínu mati er afar vel staðið að smitgát meðal mjólkurgæðaráðgjafanna í Danmörku en þeir hafa að atvinnu að fara á milli kúabúa og veita ráðgjöf og fara oft inn á nokkur bú á degi hverjum. Hjá þeim er kerfið þannig að hver ráðunautur er með 15-20 heilgalla hver og tvö sett af stígvélum. Fyrir hverja heimsókn er farið í hreinan galla og stígvél auk þess sem einnota hanskar eru alltaf notaðir. Eftir hverja heimsókn fer notaður galli, jafnvel þó hann virðist hreinn og ónotaður, í þar til gerðan kassa sem er fyrir óhreint tau og stígvélin eru þvegin með heitu vatni, sápu og burstuð í bak og fyrir. Þau eru svo sett í ílát sem inniheldur sterkan sótthreinsilög og ílátinu lokað. Þegar ekið er á næsta bæ er svo annað stígvélapar tekið í notkun og hreinn galli o.s.frv. Ég var oft spurður af bændum út í þessi tvennu pör af stígvélum en þetta verklag tókum við upp þegar við fundum, með stroksýnum, að þó svo að stígvél hafi fengið „gusu“ af sótthreinsandi við brottför frá einu búi, þá drápust ekki allar örverur og hefðu getað borist inn á næsta bú. Þá var tekin upp reglan um að láta stígvél liggja í sótthreinsilegi í amk. 20 mínútur og þar sem oft er stutt á milli bæja þá var ljóst að það þyrfti að vera með tvö sett af stígvélum svo hægt væri að gera þetta vel. Það má vera að sumum finnist þetta heldur róttækar aðgerðir en þá er rétt að minna á að mjólkurgæðaráðgjafar vinna oft með afar viðkvæmar kýr og oft veikar líka og því meiri hætta en ella til staðar.

Innri smitgát

Þegar rætt er um innri smitgát þekkja flestir vel hvað gera þarf.

Til ýmissa ráða er gripið til við að tryggja sóttvarnir. Plasthlífar utan um stígvél er eitt, en hætt er þó við að slíkar hlífar rifni auðveldlega í ati sem skapast getur í kringum nautgripi. Fyrir hverja heimsókn mjólkurgæðaráðgjafa í Danmörku er farið í hreinan galla og stígvél auk þess sem einnota hanskar eru alltaf notaðir. Eftir hverja heimsókn fer notaður galli, jafnvel þó hann virðist hreinn og ónotaður, í þar til gerðan kassa sem er fyrir óhreint tau og stígvélin eru þvegin með heitu vatni, sápu og burstuð í bak og fyrir.

Sótthreinsun á skófatnaði áður en gengið er inn í gripahús er víða viðhöfð í Danmörku.

Algengasta ráðstöfunin sem flestir þekkja er að nota spenadýfu til að hindra bakteríusmitt, skipta um undirburð, halda svæðum hreinum og fleira slíkt. Það er þó víða hægt að gera miklu betur og of oft ná smitefni að fjölga sér og dreifa sér innan kúabúa að óþörfu. Staðan á Íslandi er reyndar einstaklega góð enda er miklu minna um smitefni en víða erlendis. Þetta getur þó breyst mjög hratt og ástæðulaust að bíða eftir því. Við erum t.d. vön því að skepnur smiti varla hver aðra þegar og ef þær veikjast en það ætti þó alltaf að hafa varann á sér.

Stöðvun útbreiðslu

Júgurbólga er líklega algengasta vandamálið á kúabúum hérlendis og eins og flestir kúabændur vita þá getur uppruni júgurbólgu verið afar mismunandi. Sum smitefnin geta borist á milli kúa og önnur geta leynst í umhverfinu og fer það eftir því hvaða smitefni er í gangi, hvaða aðgerðaráætlun er sett af stað til að útrýma viðkomandi smitefni. Innri smitgátaráætlun kúabús tekur einmitt á þessu atriði. Þannig gæti þurft að viðhafa allt öðruvísi vinnubrögð á kúabúi sem er að slást við Kólí, Klebsíella eða Úberis sýkingar en á búum sem eru oftast með Áreus sýkingar svo dæmi sé tekið. Það er þó afar góð vinnuregla að halda umhverfinu vel hreinu og lausu við skít, það hjálpar flestum langt á þessari vegferð. Ég hef oft séð kínverska bændur með einhver „töfraefni“ sem eiga að geta komið í veg fyrir vöxt á örverum og smitefnum en þessi efni virka oft ekki þar sem verið er að reyna að nota þau í óhreinu umhverfi þrátt fyrir að tunguliprir sölumenn haldi oftast öðru fram.



Blaðið Jamestown Sun í Norður-Dakota í Bandaríkjunum birti þessa ágætu skýringarmynd af því hvernig nautgripabændur gætu metið heppilega nálgunarfjarlægð á tímum COVID-19 faraldursins.

Handþvottur er eitt af lykilatriðunum til að verjast útbreiðslu COVID-19.



Of oft ná smitefni að fjölga sér og dreifa sér innan kúabúa að óþörfu. Staðan á Íslandi er reyndar einstaklega góð enda er miklu minna um smitefni en víða erlendis. Þetta getur þó breyst mjög hratt og ástæðulaust að bíða eftir því.

Gullskítur er líka skítur

Við þessa bændur hef ég oft sagt að gullskítur er líka skítur þ.e. kúadella er kúadella alveg sama þó maður máli hana með gullmálningu! Þetta tengja kínverskir bændur vel við en gull er þar í miklu uppáhaldi. Með öðrum orðum þá er ekki hægt að sótthreinsa skít eða óhreinindi. Fyrst þarf að fjarlægja skítinn með vatni og etv. hreinsiefnum og svo sótthreinsa, það væri óskandi að það þyrfti ekki að gera þetta svona því það er töluverð vinna en svona er þetta og það sem meira er, þetta skilar sér! Mín reynsla er líka sú að á þeim búum þar sem nærumhverfi kúa er haldið afar hreinu og snyrtilegu þar er miklu minna um vandamál heldur en á þeim búum þar sem góð vinnubrögð eru ekki viðhöfð.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Íslensk sauðfjárrækt og kolefnisspor hennar

Í Bók sinni „Líf og land, Um vistfræði Íslands“ segir dr. Sturla Friðriksson 1973 (bls. 162): „Sauðfjárafurðir hafa löngum verið undirstaða í fæðu Íslendinga og verið orkugjafi þjóðarinnar. Til þess að maður þrífist sómasamlega, þarf hann 2500 kcal. Þurfi hann að fá allt sitt viðurværi af sauðkindinni, er því auðsætt, að hann þarf á jafnmikilli orku að halda og bundin er í nýtanlegum vefjum 9 sauðkinda.“ Sturla mun einnig hafa sagt að „... 10 kindur nægðu einum fjölskyldumeðlim til fæðis og skæðis.“

Sem sagt 10 sauðkindur á hvern heimilismann nægðu honum til lífviðurværis, til að fæða hann og klæða. Okkur þótti þessi niðurstaða dr. Sturlu merkileg, en hún sýndi hversu mikilvæg sauðkindin var, enda hélt hún lífi í þjóðinni um aldir.

Sveinn Hallgrímsson.

Eyjólf Kristinn Örnólfsson.

Kolefnisspor

Skýrsla fyrirtækisins Environice ehf. (Birna Sigrún Hallsdóttir og Stefán Gíslason 2017), um kolefnisspor íslenskrar sauðfjárræktar kom út haustið 2017. Skýrslan var samin að beiðni Landssambands sauðfjárbænda. Allar tölur um fjárfjölda og afurðir í skýrslunni eru frá árinu 2015. Allir sem vinna að og með tölur um búfé á Íslandi, vita að allnokkrar sveiflur eru milli ára. Þannig eru ásettningslömb árið 2015 88 þúsund, eða 23,8 %, en eðlilegur ásetningur er um 20 %. Annað er að ekki er gerður greinarmunur á dilkakjöti og kjöti af fullorðnu.

Ekki verður gerð tilraun til að skoða hvort þetta ár gefi óeðlilega niðurstöðu. Ætlunin er að skoða útreikninga Sigrúnar og Stefáns (Environice ehf.) á kolefnisspori „sauðfjárræktar” og verður notast við tölur frá árinu 2015, eins og gert er í skýrslu þeirra. Í skýrslu Environice er allri kolefnislosun, sem skýrsluhöfundar telja að sé til komin vegna

sauðfjárræktar, deilt á framleitt kindakjöt 2015. Það er, að okkar mati, mjög mikil einföldun. Fleira er matur en feitt kjöt, segir máltækið.

Má þar nefna að Íslendingar hafa alltaf borðað innmat sauðkindarinnar; hjörtu, lifur, nýru og einnig nýtt mör og eistu, að ekki sé talað um svið. Sömuleiðis framleiðir kindin ull og gæru. Það er því eðlilegt að allur matur, og aðrar afurðir, sem af sauðkindinni kemur, taki á sig sinn hluta af kolefnissporinu, ekki bara kjötið. Þá eru ull og gæra hluti af afurðum sauðfjár og á því að taka sinn skerf af kolefnissporinu. Það er því eðlilegt að umreikna þessar afurðir í „kjötígildi“ og deila í það kolefnisspor sem telst afleiðing af framleiðslu sauðfjárafurða á Íslandi, samkvæmt skýrslu höfunda.

Skýrsluhöfundar komast að því að bein losun vegna sauðfjárræktar á gróðurhúsalofttegundum, GHL, sé 241 Gg eða 23,6 kg á framleitt kg kjöts framleiðsluárið 2015. Jafnframt kemur fram að losun GHL á kg kjöts hefur, samkvæmt skýrslunni, minnkað úr 29,9 kg í 23,6 frá 1990 til 2015. Minnkunin er afleiðing af þeirri stefnu í ræktun sauðfjár að auka afurðir með meiri frjósemi og þyngri föllum (Sveinn Hallgrímsson 1980).

Önnur losun

Samkvæmt skýrsluhöfundum er önnur losun vegna „... notkunar þvagefnis, kalks og eldneytis.“ Höfundar segja jafnframt:

„Ekki eru til tölur um notkun þessara aðfanga í sauðfjárræktinni einni og sér, en ef gert er ráð fyrir að helmingur þess þvagefnis og kalks sem notað er á landsvísu sé nýtt í sauðfjárrækt má gera ráð fyrir að losun vegna notkunar þessara efna hafi verið 2,2 Gg CO_2-ígilda 2015. Ef einnig er gert ráð fyrir að sauðfjárræktin hafi notað um helming þess jarðeldneytis sem áætlað er að hafi verið notað í landbúnaði á Íslandi árið 2015, má ætla að losun sauðfjárræktarinnar vegna eldsneytisnotkunar hafi samsvarað um 39,3 Gg CO_2-ígilda árið 2015.“

Það verður að teljast vel ílagt að ætla sauðfjárræktinni helming af allri eldsneytisnotkun í landbúnaði! Annar landbúnaður: Nautgriparækt, hrossarækt, garðyrkja, ylrækt, fiskeldi á landi (og í sjó?), silungsveiði, laxveiði, heysala til útlanda og innanlands, kornrækt og ræktun olíujurta, ferðaþjónusta þar sem hún er hluti búrekstrar og önnur starfsemi sem fram fer á bújörðum! Þessi ályktun skýrsluhöfunda stenst ekki. Sé reiknað með sauðfjárræktin noti 30% þess eldsneytis, sem notað er í landbúnaði, en ekki 50%, verður losun vegna eldsneytis 23,6 Gg 2015 í stað í stað 39,3 Gg.

Aðrar afurðir sauðfjár

Aðrar afurðir sauðfjár verða til sem aukaafurðir við framleiðsluna. Þær helstu eru; ull, gærur, svið og innmatur: Hjörtu, lifur, nýru, mör og eistu (hjá hrútlömbum). Hér verður sleppt að reikna þind, ristlil og garnir sem voru notuð til matargerðar hér áður, t. d. í rúllupylsur. Garnir voru til skamms tíma líka notaðar utan um pylsur, og reyndar þóttu pylsur ekki mannamatur nema þær væru í alvöru görnum. Þá má ekki gleyma blóðinu sem notað er í blóðmör, en aðeins lítill hluti þess er nýttur til manneldis. Hálsæðar hafa einnig verið nýttar til manneldis. Hér á eftir verða þessar afurðir umreiknaðar yfir í kjöt, eins og heimildir segja til um. Við umreikning á ull og gæru yfir í kjöt, er reiknað út frá þurrefnismagni ullar og gæru annars vegar og kjöts hins vegar (Hallgrímsson 1981).

Í skýrslu Ásbjörns Jónssonar og fl. 2015 (Matra-Matvælarannsóknir Keldnaholti) eru taldar upp aðrar afurðir, sem eru hirtar til manneldis. Þar má t d nefna gollurshús og æðar, garnir, laka og vinstur, vömb og kepp og þind. Auðvitað ætti að nýta allar þessar afurðir. Annað er matarsóun. Þessar afurðir eru þó ekki taldar með hér. Af ofannefndum afurðum eru 3,84+ 5,50 = 9,34 kg á hvert lamb og 3,59 kg á vetrarfóðraða kind.

Samkvæmt skýrslu Environice eru fullorðið fé 2015 samtals 472.461 og lömb 2015 708.080.

Til að reikna viðbótar kjötígildi út frá vetrarfóðruðum kindum:

- Fjöldi vetrarfóðraða kinda 2015; 472.461x 3.59= 1.686,1 tonn/ kjötígilda.
- Og sama fyrir lömbin: Lambafjöldinn 708.080X9,34 = 6.613,5 tonn kjötígilda
- Viðbótarkjöt af aukaafurðum er því; 1.686,1 + 6.613,5 = 8.299,6 tonn
- Heildarframleiðsla kindkjöts (kjötígilda) er þá; 10.185+ 8.299,6 = 18.484,6 tonn

Á bls. 21 í skýrslu Sigrúnar og Stefáns segir, sjá töflu 9:

„Eins og tafla 9 gefur til kynna nam heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá sauðfjárrækt á Íslandi 294,1 Gg CO_2- ígilda árið 2015 miðað við þær forsendur sem hér er gengið út frá.“

Enn fremur segir:

„Árið 2015 nam framleiðsla lambakjöts (=kindakjöts) samtals 10.185 tonnum sem þýðir að kolefnisspor greinarinnar frá vöggu að hliði var 28,6 kg kolefnisígilda á hvert framleitt kg lambakjöts.“

Þegar búið er að draga frá 15,7 Gg vegna „...leiðréttingar“ eldsneytisnotkunar verður heildarlosun frá sauðfjárrækt: 291,4- 15,7= 275,7 Gg. Þegar búið er að reikna leiðréttingu er losunin GHL, kg/kg = 275,700/18.484,6 = 14,92, lækkar úr 28,6 kg í 14,92 kg.

Meðal ullarþungi á kind er 2,3 kg /0,64 = 3,59 kg kjötígilda/á	
Gæra; (16x0,22 á lamb)/0,64.	= 5,50 kg kjötígilda á lamb
Aðrar afurðir	
Svið	= 1,30 kg kjötígilda á lamb
Hjörtu og nýru	= 0,27 kg kjötígilda á lamb
Lifur	= 0,42 kg kjötígilda á lamb
Mör (nýrmör og netja)	= 1,25 kg kjötígilda á lamb
Eistu (1)	= 0,15 kg kjötígilda á lamb
Blóð (10 %)	= 0,13 kg kjötígilda á lamb
Hálsæðar	= 0,32kg kjötígilda á lamb
Samtals	= 3,84 kg kjötígilda á lamb

Losun glaðlofts N_2O

Spyrja má hvort rétt sé að reikna losun glaðlofts frá sauðfé til gjalda í þessu bókhaldi, þar sem það eyðist á 15 til 20 árum, sjá grein Þórarins Magnússonar í Bændablaðinu í apríl 2020. Segja má að glaðloftið sé hluti af hringrás. Sólarljósið bindur koldíoxíð og fleiri efni í beitarplöntum. Sauðkindin bítur grasið, framleiðir kjöt en glaðloft fer út í andrúmsloftið, en minna en áður vegna þess að framleiðni í sauðfjárrækt er meiri en áður. Þetta er umhverfisvæn hringrás, sem skilar fæðu en eykur ekki við mengun. Er ekki hér um samskonar hringrás að ræða eins og orkuframleiðslu með vatnsafli? Sólarljósið leiðir til uppgufunar vatns, sem fellur sem rigning á hálendinu. Það er virkjað í vatnsaflsvirkjun. Hringrás, sem annars vegar framleiðir kjöt og hins vegar raforku. Raforka framleidd með vatnsafli er vistvæn, samkvæmt okkar skilgreiningu. Er þá ekki kindakjöt það líka?

Við þessar hugleiðingar má bæta að nær öll orka sem sauðkindin notar við framleiðsluna er sólarorka! Einnig er rétt að benda á að sauðkindin „moltar“ grasið og skilur eftir sig áburð, sem hjálpar til við að skapa grunn fyrir afurðir næsta árs. Þess er ekki gætt við útreikninga á kolefnisspori sauðfjárafurða að áburðurinn eykur uppskeru.

Tilvitnanir.

- *Ásbjörn Jónsson, Irek Klonowski, Elsa Dögg Gunnarsdóttir og Hafsteinn Hafsteinsson 2015. Aukin nýting hliðarafurða sauðfjárslátrunar, lokaskýrsla. Sjá Frey 7. 99. árg. 2003*
- *Birna Sigrún Hallsdóttir og Stefán Gíslason 2017. Sauðfjárrækt og loftlagsmál. Fjölrit 24 bls.*
- *Sveinn Hallgrímsson1980. Ársrit RN 1979-80. Frjósemi og hagkvæmni sauðfjárræktar*
- *Sveinn Hallgrímsson 1981: Framleiðslukostnaður ullar. Freyr 77; 823 - 825*
- *Sturla Friðriksson 1973. Líf og land. Um vistfræði Íslands; Varði. 263 bls.; Bls 158 og 173*
- *Þórarinn Magnússon 2020. Huppa, Surtla og himinhvolfið. Bændablaðið 23. apríl 2020*

Greinarhöfundar.

Sveinn Hallgrímsson
er dr. scient í kynbótafræði og fyrrverandi ráðunautur í sauðfjárrækt.

Eyjólfur Kristinn
hefur Bs í líffræði frá HÍ og er kennari við LbhÍ

Á FAGLEGUM NÓTUM

Afurðaverð til sauðfjárbænda 2020

Unnsteinn Snorri Snorrason
framkvæmdastjóri
Landssamtaka sauðfjárbænda
unnsteinn@bondi.is

Árin 2016 og 2017 varð algjört hrun á afurðaverði sauðfjárbænda. Ástæðurnar voru af ýmsum toga. Einkum verðfall á erlendum mörkuðum og óhagstæð gengisþróun. Afleiðingin kom m.a. fram í óhóflegri birgðasöfnun hjá sláturleyfishöfum og hruni í afurðaverði til bænda.

Haustið 2016 lækkaði afurðaverð á lambakjöti um 9,1% og öðru kindakjöti um 33,4%. Árið eftir lækkaði afurðaverðið aftur um 30% og verð á öðru kindakjöti stóð í stað. Hrun í afkomu á erlendum mörkuðum fyrir kindakjöt og hliðarafurðir þeirra samhliða óhagstæðri gengisþróun var meginástæðan fyrir þessari þróun. Landssamtök sauðfjárbænda beittu sér fyrir aðgerðum sem myndu leiða greinina sem fyrst út úr þessari stöðu. Einkum var horft til aðgerða sem myndu draga úr framleiðslu og jafnframt taka á vandamálum í birgðasöfnun. Ríkisstjórnin kom til móts við hluta kjaraskerðingar bænda í upphafi árs 2018 og farið var í sérstök átaksverkefni í útflutningi 2016–2017 og 2017–2018. Eiginlegar aðgerðir vegna stöðunnar komu ekki til framkvæmda fyrr en endurskoðun sauðfjársamnings lauk í janúar 2019. Inn í þann samning sóttust sauðfjárbændur eftir verkfærum sem gætu til framtíðar hjálpað til við að takast á við ófyrirséða markaðsbresti. Fullyrða má að nær öll landbúnaðarkerfi í heiminum eru byggð upp með slíkum hætti.



Á myndinni hér fyrir ofan má sjá þróun afurðaverðs allt frá árinu 2007. Landssamtök sauðfjárbænda reikna árlega út meðal afurðaverð hvers árs. Útreikningarnir byggja á landsmeðaltali í vikum 34–45. Vægi einstakra vikna í verðinu byggir á sláturmagni á landinu öllu og sömuleiðis kjötmati á landinu öllu eftir einstökum vikum hvers árs. Vægi afurðastöðva í landsmeðaltali er síðan eftir hlutdeild þeirra í slátrun á tímabilinu í heild. Raunverð sem einstakar afurðastöðvar greiða er síðan breytilegt, enda er niðurstaða kjötmats hjá hverri fyrir sig ekki sú sama og landsmeðaltalið, né heldur sláturmagn í einstökum vikum. Af sömu ástæðum er meðalverð sem einstakir bændur fá líka breytilegt.

Krafa um leiðréttingu á afurðaverði

Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda gaf út viðmiðunarverð fyrir dilkakjöt haustið 2020. Þess er krafist að bændur fái að lágmarki 132 kr/kg hækkun frá reiknuðu meðalverði haustið 2019 að viðbættum þeim viðbótargreiðslum sem greiddar hafa verið. Það gerir reiknað meðalverð um 600 kr/kg.

Í tillögu Landssamtaka sauðfjárbænda er gert ráð fyrir að það fari fram leiðréttíng á afurðaverði á næstum tveimur árum þannig að haustið 2021 verði hér greitt sambærilegt afurðaverð og var haustið 2013 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Samkvæmt 8. grein búvörulaga (99/1993) er Landssamtökum sauðfjárbænda heimilt að gefa út viðmiðunarverð á sauðfjárafurðum. Viðmiðunarverðið er hins vegar ekki bindandi fyrir kaupendur afurða. Verðlagning sauðfjárafurða er frjáls á öllum sölustigum.

Hefði afurðaverð fylgt almennri þróun verðlags frá árinu 2014 þá ætti afurðaverð nú í haust að vera 690 kr/kg.

Lægsta afurðaverð í Evrópu

Landssamtök sauðfjárbænda hafa tekið saman gögn sem sýna að það afurðaverð sem íslenskir sauðfjárbændur fengu greitt á síðasta ári er það lægsta sem finnst í Evrópu.

Evrópusambandið gefur vikulega út yfirlit yfir afurðaverð allra aðildarlanda í skýrslu sem nefnist. Weekly price report on Heacy Lamb and Light Lamb price in the EU. Um er að ræða afurðaverð til bænda (farm gate price).

Lægsta afurðaverð er greitt til bænda í Rúmeníu sem fá 3,03 evrur/kg sem er um 485 kr/kg (miðað við að gengi evru sé 160). Hæsta afurðaverð er greitt til bænda í Frakklandi sem fá 6,55 evrur/kg sem er um 1.048 kr/kg. Afurðaverð til íslenskra sauðfjárbænda haustið 2019 með viðbótargreiðslum var 468 kr/kg.

Lambakjöt hefur ekki fylgt almennri verðþróun

Landssamtök sauðfjárbænda hafa tekið saman gögn sem sýna það að verð á lambakjöti til neytenda hefur ekki fylgt almennri verþróun. Frá árinu 2014 hefur verðlag hækkað um 12,7% á meðan smásöluverð á lambakjöti hefur aðeins hækkað um 2,7%.

Samkvæmt verðlagseftirliti ASÍ kostaði stöðluð matarkarfa í september 2019 að meðaltali 24.360 kr. Þar af voru 2 kg af lambalæri sem kostaði 2.607 kr., eða 1.303 kr/kg. Þessi sama matarkarfa hefði við upphaf árs 2016 kostað 22.181 kr og lambalærið kostað 1.348 kr/kg miðað við þróun vísitölu og að sama skapi hefði í júlí 2020 matarkarfan kostað 24.999 kr. og lambalæri kostað 1.385 kr/kg. Raunhækkun á lambalærinu er 36 kr/kg en hefði verð á lambalæri fylgt verðlagsþró-



Myndin sýnir reiknað meðal afurðaverð fyrir dilkakjöt á árunum 2013–2019 og útgefið viðmiðunarverð Landssamtaka sauðfjárbænda fyrir árin 2020–2021. Tómi hluti stöplanna sýnir mun á afurðaverði hvers árs og framreiknuðu afurðaverði haustsins 2013 miðað við verðlagsþróun mælda af Hagstofu Íslands.



Hagstofa Íslands notar vísitölur til þess að fylgist með þróun verðlags. Á myndinni hér fyrir ofan má sjá þróun á vísitölu neysluverðs frá árinu 2016 borið saman við vísitölu lambakjöts, nýtt eða frosið, sem er ein af þeim fjölmörgu undirvísitölum sem vísitala neysluverðs byggir á.

	Hlutfall af skrokk, %	Þungi, kg	Verð hlutföll	Verð, kr/Kg	Verðmæti, kr
Slög og afskurður	14	2,3	0,36	492	1.153
Frampartur	38	6,3	0,71	983	6.158
Læri	34	5,6	1,00	1.385	7.774
Hryggur	14	2,3	1,82	2.521	5.796
Skrokkur	100	16,5		1.264	20.881

Hér má sjá hvernig verðlíkan LS greinir smásöluverð á heilum skrokk í júlí 2017. Skrokkhlutföll eru byggð á eftirfarandi heimild: Ólafur Reykdal & Guðjón Þorkelsson, 1994. Efnasamsetning og nýting lambakjöts. Fjölrit Rala nr. 176. Verðhlutföll milli skrokkhluta eru byggð á verðkönnun í smásölu. Smásöluverð á heilum skrokk er þannig reiknað úr frá þróun á smásöluverði á læri.

Bændur vilja sanngjörn viðskipti

Samkvæmt greiningu Landssamtaka sauðfjárbænda er hluti bænda af smásöluverði aðeins 37%. Í nágrannalöndum okkur er hlutur sauðfjárbænda að jafnaði 45–50% af smásöluverði.

Landssamtök sauðfjárbænda fylgjast með þróun smásöluverðs með verðlíkani sem samtökin hafa þróað. Samkvæmt verðlíkani Landssamtaka sauðfjárbænda er smásöluverð á lambakjöti miðað við kaup á heilum skrokk 1.264 kr/kg. Meðalafurðaverð haustið 2019 með viðbótargreiðslum var 468 kr/kg. Því er hlutur bóndans af smásöluverði 37%. Ef hlutur íslenskra sauðfjárbænda af smásöluverði væri t.d. 47% þá væri afurðaverð 607 kr/kg miðað við að meðal smásöluverð á heilum skrokk sé 1.264 kr/kg.



Myndin sýnir afurðaverð innan aðildarlanda Evrópusambandsins í viku 27 (28.6-4.7).

FISKNYTJAR & NÁTTÚRA

Áhættumat erfðablöndunar og viðbrögð við slysasleppingum

Áhættumat erfðablöndunar gefið út af Hafrannsóknastofnun árið 2017 felur í sér að horfa, gera ekki neitt og mæla síðan tjónið. Það gengur út á að leggja mat á hvort atburður hafi átt sér stað og grípa þá til aðgerða. Einu viðbrögðin eftir að ljóst er að eldislax hefur sloppið er að veiða við sjókvíar.

Í Noregi þar sem búið er að glíma við áratuga langa erfðablöndun í villtum laxastofnum er áherslan á að koma í veg fyrir að eldislax nái að hrygna í veiðivötnum með því að fjarlægja fiskinn. Gróflega má skipta veiðum á strokulaxi í fjögur þrep:

- Veiðar við eldiskvíar.
- Veiðar í sjó utan eldissvæða.
- Hindra uppgöngu á ósasvæðum.
- Fjarlægja eldislax úr veiðivatni um haustið fyrir hrygningu.

Veiðar við eldiskvíar

Fyrstu viðbrögð eftir að eldislax sleppur er að reyna að veiða hann upp við sjókvíar. Að öllu jöfnu leitar strokulax strax frá sjókvíum og kemur því í mjög litlum mæli fram í veiðum við sjókvíar. Veiðar við sjókvíar eftir að uppgötvast hefur gat á netpoka gefa því engar eða litlar upplýsingar um hvort eða í hve miklu mæli eldislax hefur sloppið. Í raun er hér um að ræða hreina sýndarmennsku og tilkynningar um að enginn eldislax hafi sloppið byggja á vafasömum forsendum.

Veiðar í sjó utan eldissvæða

Almennt hafa veiðar á eldislaxi í sjó ekki skilað nægilega miklum árangri og eru jafnframt umdeildar og umræða er að aukast um að hugsanlega sé skaðinn meiri en ávinningurinn. Líkur á að veiða eldislax í sjó er háður fiskstærð og tímasetningu sleppingar. Lítið veiðist af seiðum sem sleppa en endurheimtur aukast síðan með aukinni fiskstærð. Vegna þeirrar hefðar að veiða ekki lax í sjó á Íslandi þá eru ekki miklar líkur á eða skynsamlegt að þessi aðferð verði notuð hér á landi, sérstaklega á þeim tíma sem laxfiskar eru í mestum mæli í sjó.

Hindra uppgöngu á ósasvæðum

Með notkun gildru í fiskistiga eða með því að þvergirða veiðiár er mögulegt að hindra og flokka frá eldislax og

Valdimar Ingi Gunnarsson.

hleypa villtum laxi upp í ána. Þessi aðferð er tiltölulega kostnaðarsöm en hefur í örfáum tilfellum verið beitt erlendis. Skv. upphaflegu áhættumati erfðablöndunar gefið út af Hafrannsóknastofnun árið 2017 er ekki gert ráð fyrir að koma fyrir gildru eða öðrum búnaði við árvaka til að fanga og flokka frá eldislax. Það á að horfa á slysin gerast í beinni útsendingu með upptöku í árvökum án þess að gripið verði strax til aðgerða. Einhverja bakþanka hafa höfundar fengið, þar sem með nýju og uppfærðu áhættumati erfðablöndunar er gert ráð fyrir að hindra og fjarlægja eldislax í tilfelli stórra slysasleppinga. Hvað er átt við með stórri slysasleppingu er óljóst en fjallað verður nánar um þessa breytingu í seinni grein.

Fjarlægja eldislax úr veiðivatni

Eins og gert hefur verið grein fyrir í fyrri greinum er það verklag viðhaft í Noregi að fjarlægja eldislax úr veiðiám fyrir hrygningu á haustin og byggir á eftirfarandi:

- Þekktur uppruni: Þegar slysaslepping á sér stað tekur Fiskistofa ákvörðun hvort og þá í hve miklum mæli farið verður í aðgerðir til að fjarlægja strokulax úr veiðiám. Laxeldisfyrirtæki sem er eigandi strokulaxins er gert skylt að greiða kostnaðinn og óháður fagaðili er fenginn til að framkvæma vöktunina og fjarlægja eldislaxinn.
- Óþekktur uppruni: Fjarlægja eldislax úr veiðiám af óþekktum uppruna, framkvæmt af óháðum fagaðila og kostað af sjóði sem eldisfyrirtækin fjármagna. Aðallega er farið í veiðiár

Syðri-Ófæra.

þar sem talið er að mest sé af strokulaxi.

Af hverju eru tillögur Fiskistofu hunsaðar?

Starfshópur um stefnumótun í fiskeldi lagði til að áhættumat erfðablöndunar yrði notað árið 2017 skv. tillögum Hafrannsóknastofnunar. Í meðferð málsins við undirbúning og gerð breytinga á lögum um fiskeldi var bent á og mælt með norsku leiðinni. Í greinargerð Fiskistofu vegna beiðni um upplýsingar í tengslum við stefnumótun starfshóps í fiskeldi sem fylgdi með í umsögn Fiskistofu með fiskeldisfrumvarpinu vorið 2018 kemur eftirfarandi fram: „Ef eldisfiskar finnast í veiðivötnum má skipuleggja aðgerðir til að fjarlægja þá, ef það er mögulegt, eða koma í veg fyrir að fleiri eldisfiskar komist í viðkomandi veiðivatn. Slíka vöktun gæti Hafrannsóknastofnun annast í samráði við Fiskistofu." Af hverju voru tillögur Fiskistofu og annarra fagaðila hunsaðar? Einnig er spurt; af hverju er gert ráð fyrir að fjarlægja eldislax í tilfelli stórra slysasleppinga í nýju og uppfærðu áhættumati erfðablöndunar sem gefið var út á þessu ári?

Tvö verkfæri

Í áhættumati erfðablöndunar er lagt til að nota tvö viðmið til að virkjuð verði viðbrögð sem eru:

i. Hlutfall eldislaxa í veiðivötnum og er miðað við 4%.
ii. Erfðablöndun, en þar er viðmiðið óskilgreint og óljóst.

Ofangreind viðmið þarf stofnunin að styðjast við þegar tillögur eru lagðar fram um viðbrögð. Þau mynda grunn að ákvarðanatöku um aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum og því grunnurinn að því að áhættumat erfðablöndunar skili sínu hlutverki. Vandamálið er að viðmiðin byggja á mjög veikum grunni eins og áður hefur komið fram og stofnunin hefur ekki gert grein fyrir framhaldi eða frekari útfærslum.

Hvernig á að vinna?

Hafrannsóknastofnun stendur frammi fyrir eftirfarandi viðfangsefnum í sinni ráðgjöf til stjórnvalda sem þýðir að það:

- Verður ekki hægt að reikna út hlutfall eldislaxa nema í örfáum veiðivötnum, ef fylgt er tillögum áhættumats erfðablöndunar.
- Er ekki alltaf samhengi á milli hlutfalls eldislaxa í veiðivatni og erfðablöndunar.
- Er ekki til neitt viðmið fyrir erfðablöndun.

Hvernig ætlar Hafrannsóknastofnun að veita stjórnvöldum ráðgjöf þegar grundvallar forsendur fyrir viðmið til ákvörðunartöku vantar? Verða ráðleggingar byggðar á geðþóttarákvörðunum?

Valdimar Ingi Gunnarsson
Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.

Bændablaðið
Kemur næst út
10. september

41,9% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2019. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

21,9% á höfuðborgarsvæðinu
41,9% á landsbyggðinni
29,2% landsmanna lesa Bændablaðið

Hvar auglýsir þú? Bændablaðið
Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Óskum eftir landi sem hentar vel til ræktunar eftirfarandi skógargerða:
- Asparskóga; ríkt graslendi og annað frjósamt land, t.d. framræst land og lúpínubreiður
- Birkiskóga; flestar landgerðir
- Greni- og furuskóga; mólendi og melar
- Lerkiskóga; mólendi og melar norðan- og austanlands

KOLVIÐUR ICELAND CARBON FUND

Óskað er eftir löndum með viðunandi aðgengi til plöntunar, að veðurfar henti trjárækt, að hægt sé að koma við jarðvinnslu og að ekki sé hætta á ágangi búfjár. Lönd um allt land eru áhugaverð. Stærð samhangandi ræktunarlands helst yfir 100 hektara og það þarf að liggja fyrir að það fáist samþykkt í skipulagi sem skógræktarland og að framkvæmdarleyfi fáist.

Það er markmið Kolviðar að gróðursetning í samhangandi ræktunarland eigi sér stað innan fimm ára.

Óskað er eftir að áhugasamir landeigendur sendi tölvupóst á kolvidur@kolvidur.is eða hafi samband í síma 551-8150.

Markmið Kolviðar er binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO_2) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:
a. Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að binda kolefni er vegur á móti losun þeirra.
b. Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt.
c. Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.
d. Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.
e. Draga úr heildar losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

VÉLABÁSINN & ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Ýmis tæki sem gagnast vel við smölun:

Göngur, smölun og réttir á næsta leiti

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Nú líður að fjársmölun og fannst mér þá tilvalið að prófa tæki og tól sem nýtast við smölun. Ökutækjaprófunarsíðan (Vélabásinn) og síðan um forvarnir (Öryggi-Heilsa-Umhverfi) sem hafa verið hér í blaðinu hlið við hlið eru sameinaðir að þessu sinni í umfjöllun sem tengja má fjársmölun.

Tvö „leik-vinnu-tæki“ frá Ellingsen

Fyrir nokkru síðan fór ég í Ellingsen og fékk þar tvö tæki til að prófa og tók „dótadag“ með syni mínum. Úrvalið af fjórhjólum sem Ellingsen selur er mikið, en fyrir valinu varð CanAm Outlander XT-P 1000, árgerð 2020 sem kostar frá 3.290.000 kr. XT-P hjólið er flaggskipið í Outlander fjölskyldunni, öflugt 2ja manna áttatíu og tveggja hestafla fjórhjól sem var með miklum aukabúnaði sem sett hafði verið á hjólið fyrir viðskiptavin sem var búinn að kaupa hjólið og gaf mér leyfi til að prófa það í samráði við Ellingsen.

Gott að keyra jafnt á vegi og í torfærum

Hjólið er með „traktorsskráningu“ og má því keyra á vegum, það nær léttilega þriggja stafa tölu í hraða og virðist ekkert vera svagt eða laust á vegi á miklum hraða. Á torfærum og grýttum vegslóðum er gott að keyra það, fjöðrun góð og 4x4-ViscoLok læsingin kemur vel út, sérstaklega þar sem mikið laust grjót er í slóðanum. Lyklarnir eru tveir af hjólinu, grár og svartur: Munurinn er í raun vinnulykill eða keyrslulykill, sá grái er hægari lykillinn, en meira tog og torfærur, en sá svarti meiri hraði.

Mikið úrval aukahluta fáanlegt á fjórhjólið

Ef verið er að hugsa um að kaupa svona hjól og hugmyndin er að ferðast mikið og langt mæli ég eindregið með að setja handahlífar og hita í handföng bæði fyrir ökumann og farþega. Það kostar sitt, nálægt 80.000, en er fullkomlega peninganna virði. Stór farangurskassi (124 lítrar) aftan á farangursgrindina kostar aukalega 119.000, í staðinn fyrir vír í spilið nota margir tóg sem stundum er kallað „ofurtóg“, kemst lengra og meira inn á spiltromluna (kostar ekki mikið). Hjólið ber vel stærri dekk sem gefa meira flot og mýkt við torfæran akstur.

Sur-Ron LB-X götuskráð rafmagnshjól á 849.000 kr.

Sur-Ron er mun öflugri og kraftmeiri en hefðbundin rafmagnsfjallahjól, en helmingi léttari og nettari en hefðbundnir krossarar. Hjólið er með 6 KW, 200 N.m 6000+W rafmagnsmótor með Sport og Eco mode stillingum.60v/32AH Panasonic batteríin eru minni úrfærsla af sömu batterium og Tesla notar. Hjólið er einungis 47 kg og nær það 75-80 km/klst og fer allt að 100 km á einni hleðslu.

200 mm framgaffall og 210 mm afturdempari, 4 stimpla glussabremsur, 70/100 krossaradekk og 19 tommu krossarafelgur. Hjólið er með skellinöðruskráningu og þarf réttindi á létt bifhjól til að keyra það.

Can Am 1000 er seigt í torfærum. Myndir / HLJ

Vinnulykill sá grái fyrir vinnumanninn, en svarti meira fyrir akstur og hraða.

Rafmagnskrossari, eitthvert skemmtilegasta leiktæki sem ég hef prófað

Fyrir rælni datt mér í hug að fá rafmagnshjól til að prófa þegar ég var að sækja fjórhjólið. Virkar smátt og ekki líklegt til að geta gert neitt, en raunin var önnur. Þetta „apparat“ er hrein snilld. Ég hef sjaldan skemmt mér svona vel á torfæruhjóli (þrátt fyrir að vera kominn á sjötugsaldur). Rafhlaðan dugir í góða tvo klukkutíma í torfærum. Mesti hraði sem ég náði á þessu hjóli var um 75 km á sport stillingunni, en þegar maður ætlar að nýta sem mest út úr rafhlöðunni er betra að taka sport stillinguna af. Ef maður er að fara á milli staða án sportstillingar, fer maður hægar yfir, en þá á maður meira rafmagn eftir til að leika sér.

Það sem kom mér mest á óvart er hvað hjólið þoldi af verulega ógeðslega gryttum slóðum og það hreinlega vakti furðu mína hvað mátti bjóða hjólinu miklar torfærur, þúfurakstur og stórgrýti. Þetta „tryllitæki“ hefði verið gott til brúks við að sækja beljurnar og smala heimatúnið í sveitinni þar sem ég ólst upp. Eftir um tveggja tíma leik og allt rafmagn búið var syni mínum mikið skemmt þegar ég fór úr brynjunni og hann sá að „gamli“ var vel sveittur á bakinu. Varð honum þá að orði: „Greinilega verið gaman hjá þér.“

Sur-Ron LB-X götuskráð rafmagnshjól. Magnað hvað dekkin þoldu mikinn hamagang í grjóti án þess að springa.

Hjálm, brynju, hálskraga og góða vettlinga eiga allir að vera með á fjórhjólum.

Nýr Garmin, auðveldur í notkun (jafnvel fyrir mig „tölvuheftan“ manninn)

Fyrir rúmri viku kom nýtt á markað Garmin leiðsögutæki sem er sérhannað fyrir útivistarfólk. Þetta tæki kemur í þrem mismunandi útgáfum. Ég las umsögn frá vini mínum, Ásgeiri Erni Rúnarssyni, um Garmin Montana 700 i frá vini mínum sem var að hluta svohljóðandi:

„Nýtt og betra GPS tæki frá



Myndin er skýr og örnefni mörg í Íslandskortinu.

Hægt að taka leið dagsins og gera mynd úr henni í tölvunni.

Garmin fyrir okkur ævintýrafólk sem elskum að fara út á F-vegi.

Tækið er endurbætt útgáfa af Montana tækinu sem hefur verið mjög vinsælt hjá okkur ferðahjólurum. Þetta tæki kemur í þremur útgáfum, Montana 700, 700i og 750i .

Ég er búinn að vera að fikta svolítið í tækinu síðasta sólarhringinn og líst mjög vel á. Hægt er að hafa tækið uppistandandi eða útafliggjandi.

Tækið er með 5 tommu snertiskjá sem er bjartur og góður í

Betra væri að vera með sérstaka festingu því speglunin á plastinu truflar.

dagsbirtu. 700 tækið er grunngerðin en 700i kemur með innbyggðan InReach neyðarsendi og 750i með myndavél til viðbótar.

Tækið er hraðara að vinna heldur en eldri tækin og notendaviðmótið verulega bætt.“

Fékk tækið lánað til að sannfærast

Ég fór í Garmin búðina og fékk tækið lánað helgina 8.–9. ágúst og keyrði á Snæfellsnes. Ég setti tækið í tösku á stýrinu og hafði í gangi, plastið á töskunni speglaðist svolítið fyrir mig sem ökumann, en konan sat aftan á og náði að fylgjast vel með því. Íslandskortið sem er í tækinu er mjög nákvæmt og þegar ekið er eftir vegi sýnir það öll bæjarnöfn, helstu nöfn á vötnum, hæðir, hóla og önnur örnefni. Gott tæki sem ég mæli með að sem flestir íhugi sem valkost og þá sérstaklega 700i tækið með neyðarsendinum.

Grunnverð á Garmin Montana 700 er frá 115.900 (svo er það spurning hvað Rikki í Garminbúðinni gerir fyrir lesendur Bændablaðsins, sakar ekki að spyrja).

Öryggi er alltaf eitthvað sem má bæta

Öllum fyrirtækjum er ætlað að gera áhættumat fyrir verk og vinnu, sama á við þegar farið er í langar göngur. Þá þarf að gera áhættumat og huga að búnaði til að lágmarka líkur á slysi.

Sama hvernig smalað er þá þarf að vera rétt klæddur í smalamennsku og mín regla í fatnaði er að vera í klæðnaði sem ekki er kaldur þó að maður blotni.

Í þúfum og háu grasi skildi rafmagnshjólið minni för eftir sig en ég gangandi þarna í gegn. – Stráknum var skemmt þegar hann sá hversu sveittur gamli var á bakinu eftir rafmagnshjólaátökin.

Á ýmsum farartækjum er smalað, en muna bara að hugsa um öryggið og vera vel klæddur.

Fyrir mér er eina bannvaran á fjöll klæði úr bómull, en ullarnærföt hafa reynst mér best. Sokkar úr gerviefnum eru lítið spennandi ef maður blotnar í fæturna, notið frekar ullarsokka eða sokka úr neopren. Það er sama efni og er í blautbúningum kafara og eru það uppáhaldssokkarnir mínir. Skiptir engu máli þó maður sé blautur í fæturna, þeir eru alltaf heitir.

Hjálmur, brynja og vatnsheldur klæðnaður

Sama hvort verið sé á fjórhjóli eða hesti þá eru fyrir mér þeir sem hjálmlausir eru á svoleiðis „græjum“ ekkert nema vitleysingar. Aldrei dettur mér í hug að prófa eða keyra fjórhjól eða önnur mótorhjól nema í þar til gerðum hlífðarbúnaði enda hef ég „nánast“ farið í gegnum minn 40 ára mótorhjólaakstur slysalaust þrátt fyrir að detta reglulega á hausinn.

Eitt vil ég nefna sérstaklega varðandi hjálma, en þeir eru ekki ætlaðir til að halda fullum styrk og öryggi í nema 10 ár að hámarki. Til að hann geri það sem hann á að gera þarf hann að vera að réttri stærð. Stærðir hjálma eru mældir með því að setja málband fyrir ofan augabrúnir, eyru og aftur fyrir hnakka. Hjá mér er sú mæling 57 cm og því nota ég hjálm sem er með stærðina M sem er 57-58 cm.

Réttir og göngur í „COVID-ástandi“

Það er deginum ljósara að smölun og réttir verða með breyttu sniði í ár út af COVID, en eins og með alla aðra erfiðleika mun finnast lausn. Væntanlega koma reglur um fjölda í réttum og göngum nú næstu daga sem þarf að aðlaga vinnu eftir. Þó að einhverjar takmarkanir verði á gangnamönnum, réttargestum og hjálparfólki, er það vandamál sem mun leysast eins og allt annað. Von mín er aðallega sú að við komumst í gegn um þetta eins og annað, glöð og án slysa.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

136										
NEITA		HRYGGÐ / DVERG-LILJA		FRJÁLSA	HITA		SKRJÓÐUR	KOLL-STEYPA / UPPFYLLA		
PLANTA / HARPIX										STRUNS
					RÁNDÝR					
NÆGI-LEGA					ÓS / KÓRÓNA					
Í RÖÐ / LEIKUR			GNÆFA / HRÆRI-GRAUTUR						MIKLU	
HALD		GLAMPI	ÍÞRÓTTA-FÉLAG / ODDUR					FEIKNA	TVEIR EINS / BÍSA	
	DREIFA / BÖGGLA			BYLGJAST						AFLANDS-VINDUR
BEITT		STIKK-PRUFA					ÁHALD / KRYDD			
SLEN / STAKUR		HÖNDLA		MÆLI-EINING / RÓL						
	FUGLA-HLJÓÐ / MISBJÓÐA				LÖSKUN / ÁVÖXTUR					
		RÓ	ATVIKAST / RISPA	GORTA					VERNDA	
GUÐAVEIG / ÞRÆTU			KVK. NAFN / ÞRÁ					LÖNG / TRÉ		
	VETT-VANGUR					LALL / ÁTT				
FYLLING / MÝRASPÓI	BYRGING						HARMUR			
				SVERFA						

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

135										
GLYMJANDI	TÚTTA / SIÐAÐUR	S	DÓTARÍ	BLIKKA	D	SLÆPIST	TÓNLIST / ÞUSA	J		
TAK / STUTTUR	H	A	N	D	F	E	S	T	A	ÓBREYTT
L	Á	G	U	R	ULLAR-EFNI	P	L	U	S	S
ÖSLA	V	A	Ð	A	VÍSA LEIÐ / RÓRILLA	L	Ó	Ð	S	A
LEIÐSLA / VÍS-BENDING	Æ	Ð	GEGNA / ÖÐLUÐUST	S	V	A	R	A	RÍKI Í AMERÍKU	M
	S	YFIR	SKRÁMA / FARFA	H	R	U	F	L	A	GREINI-LEGUR	A	HVAÐ / LÆKNA	H	A
KVEINI	V	O	L	I	NÓTA / EFNI	R	E	SKRÆKJA	G	A	R	G	A	REIÐIR AF
ÓVISS	E	F	I	N	S	NÆGILEGA	N	Ó	G	U	KAUPTÚN / AFHÓLFA	R	I	F
SKILJA / ELSKA	F	A	T	T	A	RÍKJ Í AFRÍKU	G	RANNSAKA / SKÖRP	A	Ð	G	Æ	T	A
U	N	N	A	STRENGUR / MÝKING	T	A	U	G	HÁTTALAG / VAGN	S	I	Ð	I	R
	P	ÁHRIF	LÉREFT / BLÁSA	L	Í	N	LÖGSÓKN	Á	K	Æ	R	A	RÁNDÝRA	N
EFTIR-MYND / MÆLING	L	Í	K	I	N	G	FÖR / TÓLG	F	E	R	Ð	MORA / NIÐURLAG	Ú	A
M	Á	T	U	N	SÓNN	Ó	M	U	R	TIL-SAMANS / TVÍHLJÓÐI	A	L	L	S
KAUPS	S	Ö	L	U	FREYÐA	L	Ö	Ð	R	A	MARG-SINNIS	O	F	T
ÚTLIMIR	S	K	A	N	K	A	R	VORKENNA	A	U	M	K	A	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 10. september
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Bálkastaðir 1

Brynjar og Guðný eru bæði úr Hvalfjarðarsveit en keyptu Bálkastaði 1 í lok árs 2018 og tóku þá við búskapnum þar.

Býli: Staðarhreppur (hinn forni) í Hrútafirði í Húnaþingi vestra.

Staðsett í sveit: Staðarhreppur (hinn forni) í Hrútafirði í Húnaþingi vestra.

Ábúendur: Brynjar Ottesen og Guðný Kristín Guðnadóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við erum 6 manna fjölskylda sem búum hérna, Brynjar og Guðný og börnin okkar, Arnfinnur Guðni, 14 ára, Samúel Kári, 11 ára, Þórður Ármann, 7 ára og Bryndís Jóna, 5 ára og hundurinn okkar hún Táta.

Stærð jarðar? Eitthvað um 600 ha.

Gerð búss? Sauðfjárbú og eitthvað af hestum fjölskyldunni til skemmtunar og notkunar í smalamennskum.

Fjöldi búfjár og tegundir? 570 fjár á vetrarfóðrun og 15 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Á venjulegum degi fer Guðný til vinnu á Hvammstanga og börnin til skóla. Brynjar sér um dagleg störf á búinu sem eru mismunandi eftir árstíma.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það er ekkert leiðinlegt en auðvitað eru verkin misskemmtileg. Það sem okkur þykir síst er að moka skít og skafa grindur. Ætli þau skemmtilegustu séu ekki sauðburður, smalamennskur og annað fjárrag á haustin þegar við sjáum afraksturinn.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipuðum hætti.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Að efla íslenska framleiðslu og að lögð sé áhersla á hreinar afurðir.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör, ostur, egg og bjór.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Kjöt í karrí og kjötsúpa tróna saman á toppnum hjá fjölskyldunni.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það var 8. desember 2018 þegar við pökkuðum búslóðinni okkar niður með mikilli og góðri hjálp frá ættingjum og vinum. Keyrðum norður fyrir heiði og fyrri ábúendur keyrðu úr hlaði með búslóðina sína. Við fluttum inn þann dag og gáfum fyrstu gjöfina í fjárhúsunum þá um kvöldið.

MATARKRÓKURINN

Núðlu- og kúrbítspitsur – og haustsalat

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

Það lítur út eins og pitsa, lyktar eins og pitsa, það bragðast jafnvel svolítið eins og pitsa, en það er ekki pitsa. Að minnsta kosti ekki að því leyti ef pitsur eru skilgreindar af brauðskorpunni.

Stökk núðlupitsa

Hráefni

- 2 pakkar skyndinúðlur
- 1 flaska eða dós pitsusósa
- 200 g ostur
- 50 g parmesan-ostur
- Álegg að eigin vali
- Kryddjurtir eftir smekk

Aðferð

Þetta byrjar allt með vel heitri steypujárnspönnu.

Tvær matskeiðar af ólífuolíu á pönnuna og svo bætt við tveimur (forsoðnum) pökkum af soðnum ramen-núðlum og þeim þrýst niður í jafnt lag. Hugmyndin er að búa til pönnuköku af núðlum, svo það er mikilvægt að þrýsta þétt niður og spara sér tímann við að laga pitsubotn með tilheyrandi vinnu og hveiti út um allt eldhús.

Þunnt lag af rifnum osti verndar núðlurnar en bætir einnig smá fitu og bragði sem seytlar niður þegar þær bakast.

Næst á eftir, sósa og meiri ostur. Ég notaði pepperoni og parmesan sem álegg.

Pitsan fer í 250 gráðu heitan ofn þar til hún er brúnuð og stökk. Það tekur um það bil 20 mínútur. Þegar þetta kemur úr ofninum, verið tilbúin með meiri parmesan-ost til að rífa yfir. Þetta mun líta út eins og pitsa. Best er að losa hana varlega með þunnum málmspaða og renna henni út á disk.

Skreytt að eigin vali, skemmtileg tilraun og tilbreyting.

Kúrbíts-pitsubotn án hveitis og kolvetnis

Kúrbítur er gott hráefni í stökka og góða pitsuskorpu – og eftirsóknarverður eftir vinsældir blómkálsbotnsins fyrir nokkrum árum.

Hafðu pitsuna þína bragðgóða og mataræðið hreint.

Hráefni

- Þrír miðlungsstórir kúrbítar – oft kallaður zucchini – eða um það bil fjórir bollar rifinn kúrbítur
- 1 stórt egg
- 2 hvítlauksrif, söxuð
- 1/2 tsk. þurrkað oregano
- 1 poki rifinn mozzarella
- ½ biti rifinn parmesan
- 50 g maíssterkja
- salt
- Nýmalaður svartur pipar
- ¼ flaska pitsusósa
- 1/4 pakki pepperoni
- Ferskt salat og kryddjurtir eftir smekk
- Rauðar chili-flögur til að skreyta og fá smá auka hita
- Fersk basilika (valkvætt)

Aðferð

Hitið ofninn í 220 gráður og setjið smjörpappír á bökunarplötu. Rífið kúrbít með rifjárni eða í matvinnsluvél. Notið ostadúk eða þvottahandklæði til að vinda umfram raka úr kúrbítnum.

Setjið kúrbít í stóra skál með eggi, hvítlauk, oregano. Blandið saman við einn bolla mozzarella, parmesan og maíssterkju. Kryddið með salti og pipar. Hrærið þar til þessu er alveg blandað saman.



Haustsalat.

Flytjið þetta „deig“ yfir á tilbúna bökunarplötu og klappið í skorpu með höndunum. Bakið þar til botninn er gullinn og þurr viðkomu, í um 25 mínútur.

Dreifið pitsusósu yfir botninn og toppið síðan með mozzarella og pepperoni. Bakið þar til osturinn er bráðinn og skorpan orðin stökk, í um það bil 10 mínútur í viðbót. Skreytið með rauðum chili-flögum og basiliku.

Haustsalat

Nú styttist í uppskeru og hægt að skera flest grænmeti með rifjárni.

Hráefni

- 1/2 haus, rauðkál - rifinn eða saxaður
- 4 gulrætur - skornar fínt
- 3 msk. eplaedik
- 2 msk. jómfrúar ólífuolía
- 1 msk. hunang
- Krydd eftir smekk
- Salt og/eða pipar
- Valfrjálst er að nota þurrkaða ávexti, fræ, saxaðar hnetur, vorlauk eða rauðlauk

Aðferð

Í stórri skál er blandað saman káli og gulrótunum. Næst, í lítilli eða miðlungsstórri blöndunarskál, þeytið saman ediki, ólífuolíu, hunangi og kryddi.

Setjið helminginn af kálinu og gulrótunum í skálina. Blandið restinni af kálinu og gulrótunum út í blönduna á meðan hrært er.

Geymið í kæli í að minnsta kosti klukkustund.

Þegar þið eruð tilbúin að bera þetta fram skal toppa salatið með því sem óskað er, eins og hnetur eða fræ, og bera fram.

HANNYRÐAHORNIÐ

Rose Blush-vesti

Vestið er prjónað með stroffi og klauf í hliðum.

Stærðir: S (M) L (XL) XXL (XXXL)

- Yfirvídd: 80 (88) 96 (106) 118 (130) cm

Garn: DROPS SKY (fæst í Handverkskúnst)

- 150 (150) 150 (200) 200 (200) g litur nr 18, dökkbleikur

Prjónfesta: 20 lykkjur x 26 umferðir í sléttu prjóni = 10x10 cm.

Prjónar: Hringprjónn 80 cm nr 4,5 og hringprjónn 40 og 80 cm nr 3,5

GARÐAPRJÓN (prjónað fram og til baka):

Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

ÚRTAKA: Til þess að reikna út hvernig fækka eigi lykkjum jafnt í umferð, teljið fjölda lykkja í umferð (t.d. 88 lykkjur), mínus kantlykkjum að framan í garðaprjóni (t.d. 10 lykkjur) og deilið þeim lykkjufjölda sem eftir er með fjölda úrtöku sem á að gera (t.d. 8) = 9,8. Í þessu dæmi þá er lykkjum fækkað með því að prjóna ca 9. og 10. hverja lykkju slétt saman (lykkjum er ekki fækkað yfir kantlykkjur)

VESTI - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:

Stykkið er prjónað fram og til baka í stykkjum og saumað saman í lokin. Síðan eru prjónaðar upp lykkjur fyrir stroff í kringum handveg og háls.

BAKSTYKKI: Fitjið upp 88 (96) 104 (116) 128 (144) lykkjur á hringprjón nr 3,5. Prjónið 1 umferð brugðið (= ranga). Næsta umferð er prjónuð frá réttu þannig: Prjónið 5 kantlykkjur í GARÐAPRJÓN – sjá útskýringu að ofan, *prjónið 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur garðaprjón*, prjónið frá *-* þar til 7 lykkjur eru eftir í umferð, prjónið 2 lykkjur slétt og endið með 5 kantlykkjum í garðaprjóni. Haldið svona áfram í 3 cm. Prjónið nú 1 umferð slétt frá réttu og fækkið um 8 (8) 8 (10) 10 (14) lykkjur jafnt yfir – sjá ÚRTAKA = 80 (88) 96 (106) 118 (130) lykkjur. Prjónið 1 umferð brugðið frá röngu. Skiptið yfir á hringprjón nr 4,5. Prjónið slétt prjón fram og til baka með 5 lykkjum garðaprjón í hvorri hlið. Þegar stykkið mælist 34 (35) 36 (37) 38 (39) cm, fellið af fyrir handveg í byrjun á hverri umferð í hvorri hlið þannig: Fellið af 4 (5) 6 (7) 8 (9) lykkjur 1 sinni, 2 lykkjur 0 (1) 2 (3) 4 (6) sinnum og 1 lykkju 2 (2) 2 (3) 5 (5) sinnum = 68 (70) 72 (74) 76 (78) lykkjur. Haldið áfram fram og til baka í sléttprjóni og 1 kantlykkju garðaprjón í hvorir hlið. Þegar stykkið mælist 50 (52) 54 (56) 58 (60) cm, fellið af fyrir miðju 30 (30) 32 (32) 34 (34) lykkjur fyrir hálsmáli og hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig. Fellið síðan af 1 lykkju í næstu umferð við hálsmál = 18 (19) 19 (20) 20 (21) lykkjur eftir fyrir öxl. Haldið áfram í sléttu prjóni og 1 kantlykkju garðaprjón í hvorri hlið þar til stykkið mælist 20 (21) 22 (23) 24 (25) cm frá þar sem lykkjur voru felldar af fyrir handveg. Fellið af með sléttum lykkjum (passið uppá að affellingarkanturinn verði ekki stífur).

Stykkið mælist alls 54 (56) 58 (60) 62 (64) cm frá öxl og niður. Prjónið hina öxlina alveg eins.

FRAMSTYKKI: Fitjið upp 88 (96) 104 (116) 128 (144) lykkjur á hringprjón nr 3,5. Prjónið 1 umferð brugðið (= ranga). Næsta umferð er prjónuð frá réttu þannig: Prjónið 5 kantlykkjur í garðaprjóni, *prjónið 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur garðaprjón*, prjónið frá *-* þar til 7 lykkjur eru eftir í umferð, prjónið 2 lykkjur slétt og endið með 5 kantlykkjum í garðaprjóni. Haldið svona áfram í 3 cm. Prjónið nú 1 umferð slétt frá réttu og fækkið um 8 (8) 8 (10) 10 (14) lykkjur jafnt yfir = 80 (88) 96 (106) 118 (130) lykkjur. Prjónið 1 umferð brugðið frá röngu. Skiptið yfir á hringprjón nr 4,5. Prjónið slétt fram og til baka með 5 lykkjum garðaprjón í hvorri hlið. Þegar stykkið mælist 34 (35) 36 (37) 38 (39) cm, fellið af fyrir handveg í byrjun á hverri umferð í hvorri hlið þannig: Fellið af 4 (5) 6 (7) 8 (9) lykkjur 1 sinni, 2 lykkjur 0 (1) 2 (3) 4 (6) sinnum og 1 lykkju 2 (2) 2 (3) 5 (5) sinnum = 68 (70) 72 (74) 76 (78) lykkjur. Haldið áfram fram og til baka í sléttu prjóni og 1 kantlykkju garðaprjón í hvorir hlið. Þegar stykkið mælist 44 (46) 47 (49) 50 (52) cm, setjið miðju 16 (16) 18 (18) 18 (18) lykkjur á þráð fyrir hálsmáli og hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig. Fellið síðan af lykkjur í hverri umferð við hálsmál þannig: Fellið af 3 lykkjur 1 sinni, 2 lykkjur 2 sinnum og 1 lykkju 1 (1) 1 (1) 2 (2) sinnum = 18 (19) 19 (20) 20 (21) lykkjur eftir fyrir öxl. Haldið áfram í sléttu prjóni og 1 kantlykkju garðaprjón í hvorri hlið þar til stykkið mælist 20 (21) 22 (23) 24 (25) cm frá þar sem lykkjur voru felldar af fyrir handveg.

Fellið af með sléttum lykkjum (passið uppá að affellingarkanturinn verði ekki stífur). Stykkið mælist alls 54 (56) 58 (60) 62 (64) cm frá öxl og niður. Prjónið hina öxlina alveg eins.

FRÁGANGUR:

Saumið axlasauma með lykkjuspori innan við affellingarkantinn. Byrjið undir ermi og hliðarsaum niður í ystu lykkjubogana svo að saumurinn verði flatur – skiljið eftir ca 18 cm fyrir klauf. Endurtakið á hinni hliðinni.

KANTUR Í HÁLSI:

Byrjið frá réttu við annan axlasauminn. Prjónið upp með stuttum hringprjón nr 3,5 ca 100 til 120 lykkjur (meðtaldar 16 (16) 18 (18) 18 (18) lykkjur af þræði) innan við 1 lykkju í kringum allt op fyrir hálsmál (lykkjufjöldinn verður að vera deilanlegur með 4). Prjónið stroff (= 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðið) í 2½-3 cm. Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur.

KANTUR Í KRINGUM HANDVEG:

Byrjið frá réttu við hliðarsaum undir handveg. Prjónið upp með stuttum hringprjón nr 3,5 ca 96 til 120 lykkjur í kringum allan handveginn (lykkjufjöldinn verður að vera deilanlegur með 4). Prjónið stroff (= 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðið) hringinn í 2 cm. Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Prjónið hinn kantinn á ermi alveg eins.

Prjónakveðja,
mæðgurnar í Handverkskúnst, www.garn.is

Létt

1		4					9	2
		9		6			3	8
				4	7	5	6	
3			8				1	
8		5	4		6	9		3
	2				5			7
	9	8	7	1				
6	3			8		2		
5	7					1		4

Miðlungs

6		8	2			4		9
	5	7			4	3	6	
		9		7		5		
1	9			5	6			
8								2
			8	3			1	7
		5		4		1		
	8	4	1			2	3	
3		1			9	7		4

Þung

		3	7		8	5		
4								3
	5			9			2	
3	6		9		7		4	2
			4		2			
8	2		6		5		7	9
	7			4			1	
6								8
		1	8		6	2		

Þyngst

			7					
		3						1
			8	5	4			
	2	1						
		5		9		6		
						7	8	
			6	1	3			
7						4		
					2			

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Fór á kajak

Tara Kristín er 11 ára fótboltastelpa sem fæddist á Ísafirði í maí árið 2009. Tara Kristín bjó á Patreksfirði fyrstu 7 árin en hefur síðan búið á Bifröst, í Kaupmannahöfn og er nú nýflutt til Reykjavíkur.

Tara Kristín er listræn og hefur gaman af því að teikna og mála og eru ófá verkin eftir hana á heimilinu. Hún er elst fjögurra systkina sem getur stundum tekið á en að hennar sögn er það nú samt oftast gaman.



Nafn: Tara Kristín Aronsdóttir.

Aldur: 11 ára.

Stjörnumerki: Naut.

Búseta: Reykjavík.

Skóli: Háteigsskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir, sund og frímínútur.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Köttur.

Uppáhaldsmatur: Grjónagrautur.

Uppáhaldshljómsveit: Hatari.

Uppáhaldskvikmynd: Mean Girls.

Fyrsta minning þín? Þegar við fjölskyldan og amma Stína gistum á Laxárbakka á meðan við biðum eftir því að Emil Tindri, yngri bróðir minn, fæddist.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi fótbolta og spilaði einu sinni á píanó.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Ég ætla að vinna í fatabúð þegar ég verð stór.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Það er að fara í stærstu vatnsrennibrautina í Lalandia í Danmörku.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Ég er búin að gera margt skemmtilegt. Ég fór vestur á Patró en þar fór ég til dæmis á kajak, í sund og fékk síðan að vera ein hjá Diddu frænku í nokkra daga.

Næst » Ég skora á vin minn, Guðna Geir, að svara næst.

LÍF & STARF

Ein af fimm grenndarstöðvum í Grímsnes- og Grafningshreppi, en þessi er staðsett á Borg. Terra sér um sorphirðu í sveitarfélaginu og hefur gert frá árinu 2009. Mynd / MHH

Grímsnes- og Grafningshreppur:

Flokkun sorps til fyrirmyndar

Þeir sem eiga leið um eða hafa átt leið um Grímsnes- og Grafningshrepp hafa eflaust orðið varir við grenndarstöðvar á fimm stöðum í sveitarfélaginu. Þar er hægt að losa sig við heimilisúrgang í sjö flokka; plast, pappa, málm, gler, lífrænt, blandað og skilaskyldar umbúðir, allt dýrmæt efni sem Terra kemur síðan í endurvinnslu.

Við flokkun sorps í sveitarfélaginu er notast við fjögurra tunnu kerfi. Á hverju heimili er ein tunna fyrir almennt sorp, ein tunna fyrir lífrænan úrgang, ein fyrir pappa og pappír og ein tunna fyrir plast. Í Grímsnes- og Grafningshreppi búa um 500 íbúar sem allir flokka í lágmark fjóra flokka á heimilum sínum, lífrænan úrgang í brúntunnu, plast í grængtunnu, pappa í blátunnu og annan úrgang í grátunnu. Á sama tíma hafa íbúar verið hvattir til að safna málmum og gleri á heimilum sínum og fara með í þar til gerð ílát á Gámastöðina Seyðishólum. Í sveitarfélaginu eru einnig tæplega 3.000 frístundahús. */MHH*

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga:

Björn Líndal Traustason verður nýr kaupfélagsstjóri

Stjórn Kaupfélags Vestur-Húnvetninga hefur ráðið Björn Líndal Traustason í starf kaupfélagsstjóra Kaupfélags Vestur-Húnvetninga.

Hann hefur síðustu ár starfað sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Strandamanna, en gegndi áður stöðu framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Björn Líndal er með Bs gráðu í viðskiptalögfræði frá Háskólanum á Bifröst og M.A. gráðu í skattarétti og reikningsskilum frá Háskóla Íslands. Björn tekur við starfinu af Reimari Marteinssyni þann 1. nóvember næstkomandi. Þetta kemur m.a. fram í tilkynningu frá stjórn kaupfélagsins.

Björn Líndal Traustason, nýr kaupfélagsstjóri Vestur Húnvetninga, sem tekur við starfinu 1. nóvember næstkomandi. Mynd / Einkasafn

111 ára kaupfélag

„Kaupfélagið hefur starfað frá árinu 1909 og er því 111 ára. Það eru ekki mörg fyrirtæki á Íslandi sem eiga svo langa og farsæla sögu. Ég tek við afar góðu búi þar sem Kaupfélagið hefur eflst mjög á undanförnum árum undir öruggri stjórn Reimars, sem stýrt hefur félaginu síðustu 13 ár. Ég finn til mikillar ábyrgðar og auðmýktar gagnvart starfinu og sögu Kaupfélagsins," segir Björn Líndal.

Sex félagsdeildir

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga var stofnað 20. mars 1909 á Hvammstanga og er félagssvæði þess Húnaþing vestra. Félagsmenn eru 383 talsins í 6 félagsdeildum. Á Hvammstanga rekur félagið kjörbúð, byggingarvöruverslun og búvöruverslun. Félagið á einnig og rekur fasteignir sem hýsa m.a. starfsemi Selaseturs Íslands, Fæðingarorlofssjóðs og veitingastaðarins Sjávarborgar. Kaupfélagið á einnig hlut í nokkrum fyrirtækjum, m.a. 50% hlut í sláturhúsinu á Hvammstanga. Rekstrartekjur kaupfélagsins á árinu 2019 námu um 864 milljónum og var hagnaður af rekstri samstæðunnar rúmar 50 milljónir króna. Heildareignir félagsins námu um 728 milljónum króna og var eigið fé í árslok 2019 um 518 milljónir króna. Fjöldi ársverka hjá félaginu eru 19. */MHH*



LESENDABÁS

Enn um endurheimt votlendis

Alllengi hefur mig undrað hve margir bændur virðast vera andsnúnir eða feimnir við að ræða endurheimt votlendis. Í máli þeirra margra kraumar einhver niðurbæld gremja sem fær útrás þegar minnst er á deiglendi. Þar kunna að vera á ferð gömul ummæli forvera um mýrar og dý sem vaða þurfti í mjóalegg til að komast leiðar sinnar. Jarðir gátu verið nytjarýrar vegna bleytu og búskapur allur torsóttur. Þetta er liðin tíð. Enginn hefur í hyggju að þrengja kosti búskapar eða umgengni í heimahögum.

Skipulegar athuganir segja okkur að stærsti hluti framræsts mýrlendis er ekki og hefur aldrei verið nýttur til hefðbundins búskapar. Við vitum hins vegar öll, sem búið höfum bæði við mýrlendi og framræst heimalönd, að landið þornar og rýrnar; mýrargróðurinn hverfur, eftir verður fábreyttari gróður. Við framræsingu fær súrefni greiðari leið til örvera sem brjóta niður lífræn efni í jarðveginum og kolefnið gufar þá upp í andrúmsloftið í formi koldíxýðs og veldur gróðurhúsaáhrifum. Með þornuninni skreppur landið saman. Það lækkar á hverjum áratug, verður einhæfara og rýrara; geymist illa til framtíðarnota. Í mýrarjarðvegi hefur vatnið bundið kolefni safnast fyrir á löngum tíma með því að mýraróður vinnur koltvísýring úr andrúmsloftinu og bindur kolefnið í jarðvegi og skilar súrefni til andrúmsloftsins.Þetta kolefni er undirstaðan í mó sem notaður var áður fyrr sem eldiviður hér á landi. Því eldri sem koltvísýringurinn er þeim mun betra eldsneyti er hann. Það er fyrrnefnd losun koltvísýrings sem við, sem vinnum að endurheimt votlendis,viljum draga úr eða stöðva. Ekkert land er endurheimt án skriflegs samkomulags milli landeigenda og Votlendissjóðs.

Hve mikil er losunin?

Vísindamenn hérlendis sem erlendis hafa um áratugaskeið mælt þessa losun koltvísýrings. Samkvæmt þeirra kokkabókum er hún staðreynd. Um það er ekki deilt af af þeim sem rannsakað hafa málið. Deila má um og mistúlka hve mikil hún sé. Við sem berjumst fyrir endurheimt votlendis erum sannfærð um að mælitækin gefi áreiðanlegri niðurstöðu en ágiskun eða getgátur. Svo langt hefur tækninni fleygt fram að erlendis er farið að fylgjast með losun koltvísýrings frá næmum tækjum í drónum og jafnvel gervihnöttum. Það styttist í að hægt verði að fá niðurstöður þaðan um losun íslensku mýranna.Fullyrðingar um að losun koltvísýrings frá framræstu landi sé bull og vitleysa, án þess að bera við nokkur haldbær rök, minnir á staðhæfingar um að jörðin sé flöt. Sumt framræst land er vissulega orðið svo rýrt að losun þaðan er lítil. Vísindafólk Landgræðslunnar leiðbeinir og upplýsir Votlendissjóð um ástand á hverjum stað, áður en ákveðið er hvort fýsilegt sé að endurheimta votlendið. Nú þegar hefur verið hætt við að moka ofan í skurði sem Landgræðslan segir litla sem enga losun eiga sér stað. Þetta rannsóknafólk hefur í samstarfi við erlenda vísindamenn komist að niðurstöðum sem standa munu sem slíkar, þar til nákvæmari útkoma er fundin. Við höfum ekkert áreiðanlegra við að styðjast.

Skynsemi eða glópska?

Á upphafsdögum veðurfræðinnar hérlendis voru margir sem fussuðu og sveiuðu, ef þeim þótti spáin vera þeim óhagstæð eða út í hött. Þegar svokallað kvótakerfi var sett á fót á grundvelli rannsókna fiskifræðinga, sem birtu svartar skýrslur um ástand fiskistofna, voru fréttamenn ekki í neinum erfiðleikum með að finna sjómenn sem sögðu frá mikilli fiskgengd víðs vegar á miðum. Heima í Reykjahverfi var ekki gefið mikið fyrir umsagnir fræðimanna að sunnan um hnignandi gróðurfar í sumarhögum á Reykjaheiðinni og rofabörð þar sögð hafa staðið þar óbreytt í manna minnum. Það er fremur regla en hitt að nýjar og áður óþekktar, stundum óþægilegar, vísindalegar niðurstöður sem fjalla um nærumhverfi okkar og lífsbjörg séu véfengdar. Sem viti bornar manneskjur verðum við þó að skilja á milli huglægra, oft hagsmuna- og menningartengdra fullyrðinga, kenningasmíða eða niðurstöðu rannsókna.

Magn losunar

Meðal þeirra niðurstaðna sem dregnar eru títt í efa, er það magn koltvísýrings sem vísindamenn segja framræst land losa. Að baki þeirra efasemda liggur engin rannsókn eða skipuleg skráning. Engar rökheldar tölur. Margir yrðu glaðir, ef það reyndist við frekari rannsóknir eða mælingar úr gervihnöttum, allt vera tóm tjara. Vísindamenn hefðu farið offari. Votlendissjóður framkvæmir engar sjálfstæðar rannsóknir. Allt sem við styðjumst við er fengið frá vísindafólki Landgræðslunnar og LbhÍ. Eins og gengur og gerist finnast fræðimenn sem ekki deila að öllu leyti meginniðurstöðum stærstum hluta kollega sinna. Lifa verður við það því við höfum ekkert trúverðugra við að styðjast. Samkvæmt fyrrnefndu er meðal losun af framræstu landi hérlendis liðlega 19 tonn af $C0_2$ á hektara. Það er sagður vera stærsti einstaki orsakavaldur losunar gróðurhúsalofttegunda hérlendis.

Hvað hangir á spýtunni fyrir bændur?

Samfélagsvitund er nauðsynlegur eiginleiki allra sem nú lifa, hvort heldur í sveitum eða bæjum, landeigenda sem landleysingja. Sú mikla lífseyðandi loftslagsvá sem vofir yfir, leyfir engum að vera hlutlausum eða skeytingarlitlum. Margir þeirra sem afneita CO_2 losun framræsts mýrlendis eru einnig í hópi þeirra sem segja yfirvofandi loftslagsvá vera bull, en það ræðum við ekki frekar hér. Það hefur verið rætt í þaula á vegum allra helstu alþjóðasamtaka heims. Í reglum Votlendissjóðs er skýrt ákveði þess efnis að eftir átta ár frá ofanímokstri öðlast landeigendur ráðstöfunarrétt þeirra stöðvunareininga koltvísýrings sem, skv. mælingum er afleiðing endurheimtar á landi þeirra. Þetta verður dýrmæt eign sem auðveldar bændum að kolefnisjafna búskap sinn.

Hver borgar brúsann?

Nokkrir fréttamanna sem fjallað hafa um Votlendissjóð og framkvæmdir hans, hafa látið í ljós vissa örvinglan yfir því að skattfé sé notað í þeim tilgangi að endurheimta votlendi. Sjóðurinn hefur ekki borið gæfu til þess enn að njóta þess að greiða framkvæmdakostnað með peningum skattborgaranna eins og það heitir á pólitísku tungutaki. Votlendissjóður er fjármagnaður af sjálfsaflafé sem kemur frá samfélagslega ábyrgum einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum. Sá stuðningur er þakkarverður og ber þess vott að fjölmargir vilja leggja málefninu lið. Samfélagslega ber það vott um félagsþroska, að gera Votlendissjóði það kleift að fjármagna þetta mikla samfélagsverkefni með frjálsum framlögum.

***Þröstur Ólafsson**,*
form. stjórnar Votlendissjóðs

LÍF & STARF

Frístundabóndi í Borgarfirði hannar eyrnabönd með bæjarnúmerum:

Geta hentað vel til að auðkenna fólk sem má fara í réttir í haust

Dóróthea Guðrún Sigvaldadóttir, frístundabóndi í Borgarfirði, brá á það ráð á dögunum að láta útbúa eyrnabönd með bæjarnúmerum sem hefur verið vel tekið. Böndin þykja henta afskaplega vel til að auðkenna fólk sem má fara í réttir í haust.

Hún auglýsir eyrnaböndin á Facebook og hafa viðbrögðin ekki látið á sér standa. – Hægt er að hafa samband við Dórótheu í síma 893-2928 eða á hafrafell@gmail.com til að panta hjá henni eyrnabönd. */ehg*

YAMAHA

Ný sending!

Yamaha Ténéré 700
Frábært ferðahjól.
Takmarkað magn.
2.350.000 kr.

Yamaha YZ250F 2020
Meðfærilegt hjól sem hentar öllum ökumönnum.
1.750.000 kr.

Yamaha YFM90R
Barnafjórhjólið sem fullorðnir elska líka!
690.000 kr.

Yamaha EF2000iS ferðarafstöð
Handhæg, öflug og hljóðlát.
235.000 kr.

Yamaha EF3000iS SE rafstöð
Öflug og meðfærileg með þægilegum handföngum og hjólum.
445.000 kr.

ARCTIC TRUCKS
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK
S: 540 4900
yamaha.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.350 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.800 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Óska eftir startsveif í gamlan nalla DLD2. Hafið samband við Pétur Kristinsson í síma 869-7028.



Óska eftir Dodge Ram 2500/3500/ Power Wagon 2005-2008 árgerð. Þarf að vera í þokkalegu standi og helst ryðlaus. Uppl. hjá Valdimar í síma 620-2028.

Vantar nokkra hluti úr 1990-1995 Chevrolet Silverado diesel pallbíl, ef einhver veit um svona bíl, endilega bjallið í mig í síma 865-5800.

Til sölu og flutnings sumarhús, 25 fm + 7 fm yfirbyggð verönd, 8 steyptar undirstöður fylgja, gaseldavél, gashitari, gasskápur, kútar o.fl. Uppl. í síma 893-4609. Staðsettur 15 mín. frá Selfossi. Auðvelt að flytja með vörubíl. Verð 4.500.000.

Vestfirðir: Íbúðarhúsið á Hvilft í Önundarfirði er til leigu frá 1. sept. 2020. Vetrarleiga. Uppl. í síma 895-5254 og á netfangið mariagun1@simnet.is

Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is

Rafstöðvar með upprunalegum Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, sími 892-4163 eða á hak@hak.is

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu og baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is

Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 cm x 200 cm x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragafla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - sími 892-4163.

Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is

Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. Stk. kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.

Skóbursti fyrir utan heimilið eða vinnustaðinn. Galv. grind með góðum burstum. Verðið er aðeins kr. 8.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is

Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is

Mjög öflugar WC dælur með skerabúnaði. Búnaðurinn dælir frá salernum upp í skolplagnir. Hentar fyrir mörg WC. Blautþurrkur, tíðabindi, gólftuskur ofl. Engin fyrirstaða. Video á www.zehnder-pumpen.de (News). Umboðsaðili ZEHNDER á Íslandi, Hákonarson ehf. Símar 892-8812 og 892-4163. Netfang: hak@hak.is

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Smáauglýsinga-síminn er:
563 0300

NÝIR BÍLAR FRÁ BL

NISSAN NAVARA TEKNA
VERÐ: 8.750 ÞÚS
Raðnr #110129

SUBARU FORESTER LUX MHEV
VERÐ: 7.790 ÞÚS
Raðnr #110052

SUBARU XV PREM MHEV
VERÐ: 6.490 ÞÚS
Raðnr #151516

NISSAN QASHQAI ACENTA
VERÐ: ~~5990 ÞÚS~~
Raðnr #110344

DACIA DUSTER ESENTIAL
VERÐ: 4.090 ÞÚS
Raðnr #110345

BÍLASALA AKUREYRAR
sala@bilak.is | 461 2533
www.bilak.is

Hestakerruleiga til sölu. Til sölu Hestakerruleigan í Víðidal, G -3 ehf. Um er að ræða 3 þriggja hestakerrur. Skuldlaust félag, vefsíða, símanúmer. Tiltölulega einfaldur rekstur. Allar kerrurnar seljast nýskoðaðar. Mesta vinnan fer í gegnum síma. Hálfgerð sjálfsafgreiðsla þegar kerra er leigð. Möguleiki á að 5 hesta kerra fylgi einnig. Frekari upplýsingar gefur Viggó í síma 698-2333.

Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - sími 892-4163.

HONDA rafstöðvar fyrir ferðavagna, sumarbústaði o.fl. Einnig mikið úrval bensín- eða díseldrifinna rafstöðva fyrir verktaka, bændur o.fl. Uppl. í síma 568-1500 og á www.thor.is

Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is og á www.hak.is.

Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m og 1,5 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Opnar raufar í baki. Sterk og vönduð smíð. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is

Vagnasmiðjan auglýsir: Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Veljum íslenskt. Vagnasmiðjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. Sími 894-6000.

Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk. eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í símum 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is

Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0–6,0 m, í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos Sími 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30. www.brimco.is

Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa. Ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Einnig gott úrval af tveggja og þriggja hesta kerrum. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is

Hestakerrur tveggja og þriggja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is

Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 19.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111, opið frá kl. 13.00-16.30 - www.brimco.is

Weckman 7 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.270.000 með vsk. (kr. 1.025.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Weckman sturtuvagnar. 9 tonna: verð kr. 1.490.000 með vsk. (kr. 1.202.000 án vsk). 11 tonna: verð kr. 1.690.000 með vsk. (kr. 1.363.000 án vsk.). 13 tonna: verð kr. 1.970.000 með vsk. (kr. 1.589.000 án vsk.). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

KYMCO 500 cc, fjórhjól til sölu. Ekið aðeins 1.800 km. Alltaf geymt innanhúss og skoðað 2021. Uppl. gefur Helgi í síma 693-8085.

Úrval af viftum og þakblásurum í flestum stærðum og gerðum. Einnig úrval af stýringum. Ishúsið ehf. Sími 566-6000 - www.viftur.is

Eigum til á lager úriþan-einingar fyrir kæla og frysta. Einnig hurðir og kerfi. Kristján G. Gíslason ehf. Sími 552-0000. www.kgg.is og á kgg@kgg.is

Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Eigum á lager, japanskar rafstöðvar með Subaru vélum. Hljóðdempun er mjög góð, 56 dbA @ 7 m. Verð 189.000 kr. m/vsk. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is

Glussadrifinn afrúllari. Festingar og slöngur fylgja. Vandaður og öflugur búnaður. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - sími 892-4163.

Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir: Woodland camo, Leaf camo. Lengd: 4,5 m. Breidd: 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd: 100 kg, burðargeta: 1.100 kg. Max stærð af mótor: 30 hö. CE vottaðir og merktir. 3 þóftur, 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf. Vindsegl að framan og geymsluhólf, hjól á afturgafl o.fl. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Verð kr. 348.000 m/vsk. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is

RONDO útrúllunarvél. Lítið notuð. Hentar t.d. fyrir flatkökur, marsipan o.fl. Uppl. gefur Árni í Gamla Bakaríinu, Ísafirði í símum 456-4452 og 896-3976.

Til sölu ónotaðir stálbitar IPE 300, IPE 400, IPE 450 og IPE 600 ásamt öðrum stærðum, bitarnir eru í lengdum 8 m–12 m og fást á góðu verði. Uppl. í síma 896-1416.

Grafa JCB 8030 zts, árg. 2011, notuð 2630 tíma. Hraðtengi 3 skóflur ein af þeim tilt. Ný belti. Verð 2.9 + vsk. Uppl. í síma 858-9502.

Til sölu lágþrýstiþvottavél fyrir atvinnumenn. Þessi er afar hentug til þrifa í matvælaframleiðslu, sem og í gripahúsum. Hún getur tekið inn allt að 70°C heitt vatn og gefur um 20 Bar þrýsting yfir kerfisþrýsting. Vélinni fylgja slöngur sem eru í ágætis standi, nokkur mismunandi munnstykki, bæði fyrir þvott, sápudreifingu og sótthreinsun. Vélin er yfirfarin og í toppstandi og er tilbúin til notkunar. Handbók og varahlutalisti fylgir. Verðhugmynd 350.000. Uppl. í síma 892-9865.

Renault Kangoo, árg. 2014, ekinn 53.000 með gíraffalúgu, opnanlegri grind aftan við sæti, nýskoðaður, nýtt í bremsum ofl. Sumar- og vetrardekk, góður bíll. Uppl. í síma 892-4982.



Can-Am Outlander 6×6, xt bighorndekk, ekið um 4000 km. Gott hjól. Verð: 2.690 m og engin skipti. Uppl. í síma 660-0108 eða á juxi@simnet.is

Rútur til sölu. MAN árg.´98, 37 manna (mikið endurnýjuð), IVECO 20 manna, árg. 2011, ekin 140 þús. Bens Sprinter 13 manna, 4x4, árg. 2015, ekin 28 þús. Bílar í góðu lagi. Tilboð óskast. Uppl. í símum 868-3539, Árni og 892-3126, Eyjólfur.

Er að rífa Fiat ducado 18. Ef þig vantar varahluti hringdu í síma 868-3539, Árni.

Dacia Duster, árg. ´17. Aksturstölva, hraðastillir. Fastur dráttarkrókur. Toppeintak. Ekinn 122.000. Verð kr. 1.650.000. Bifreiðin eyðir 4,7 á 100 km. Uppl. í síma 692-9144.

Til sölu SAC 2x5 mjaltabás frá 2004, einn með öllu á sínum tíma. Ryðfríar innréttingar, Röka 3500 L mjólkurtankur, 2 kjarnfóðurbásar fyrir 4 teg. fóðurs, 2 sogdælur með nýlegum 3 fasa mótorum. Þjónustaður á hverju ári. Laus til afhendingar. Tilboð óskast, fer á góðu verði. Nánari uppl. í síma 891-9161, Róbert.

Bátakerra til sölu á norðanverðum Vestfjörðum. Uppl. í síma 899-8721.

Rafhjól á tilboði, 190.000 kr. Íhlutir frá gæðaframleiðendum: Samsung batterí, Shimono gírar, Tectro diskabremsur, Suntour demparar. Frí heimsending. Nánar uppl. á Topphjól.is eða í síma 661-1902.

Traktorsdrifnir kurlarar fyrir allt að 25 cm sver tré, hagasláttuvélar í úrvali, jarðtætarar, stauraborvélar, kartöfluupptökuvélar, tveggja tonna sturtuvagnar, rúllutætarar og margt fleira. Nokkrar vélar á afslætti á www. hardskafi.is – Uppl. í síma 896-5486.

Til sölu Scania 114GB 340, árg. 2000, ek. 360 þús. Kranabygg/krókheysi. Verð 2 m + vsk. Uppl. í síma 894-8620, Arilíus.

Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

Lestur prentmiðla á landsbyggðinni

Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, könnunartími okt.-des. 2019.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

41,9%
á landsbyggðinni

21,9%
á höfuðborgarsvæðinu

29,2%
landsmanna lesa Bændablaðið

Bændablaðið / Bændahöllin við Hagatorg / Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstardælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Til sölu Case 695 SR, árg. '07, notuð 7467 vst., gafflar fylgja, hraðt. aftan og framan, verð 4.950 þús. + vsk. Uppl. í síma 894-8620.

Til sölu Scania 270, 4x2 krókheysi, árg. 2007, ekinn 400 þús. Verð 2.8 m. auk vsk. Uppl. í síma 894-8620.

Til sölu Volvo EW 160, árg. '07, nýmáluð og á nýjum dekkjum, notuð 7800 vst. Krabbi og rótottilt. Verð 7,5 m. + vsk. Uppl. í síma 894-8620.

Til sölu Benz Sprinter 519, árg. 2013, 4x4, 20 manna, ekinn 306 þús. Verð: 3.9 þús. + vsk. Uppl. í síma 894-8620.

Til sölu Pride Celebrity XL rafskutla. Veit því miður ekki árgerð, en er í góðu standi með nýjum rafhlöðum og yfirfarin. Óska eftir tilboðum. Svara engu undir 200.000. Svona tæki kostar nýtt rúmlega 700.000 kr. Uppl. í síma 893-7769 eða á netfangið slindal@gmail.com

Til sölu flott geymslutjald. Það er nýtt, stærðin er hæð 5,3 m breidd, 5,5 m og lengd 15 m. Óska eftir tilboði. Uppl. í síma 864-1585.

Ford F150, skráður 08/2007, bensín, pallhús, dráttarkúla, ekinn 81 þús. km., nýskoðaður 19/08/2020 án athugasemda. Staðsettur í Reykjanesbæ, tilboð óskast. Uppl. í síma 616-0035.

Zodiac bátur með öllu sem þarf eins og kerra, Johnson-mótor 5 hö, 3 vesti, árar, loftpumpa, aukatankur. Nýyfirfarinn og lekur ekki í slöngum. Verð lækkað í 200.000. Uppl. í síma 892-2610.

Notuð Samasz framsláttuvél, árgerð 2013, kr. 590.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Veggfestur stubbahólkur. Kr. 13.500 + vsk. Sendi frítt. Stubbastandur@gmail.com - sími 842-2535.

Stubbastandar - Stubbahólkar. Bæði frístandandi og veggfestir. Uppl. á netfangið stubbastandur@gmail.com og í síma 842-2535.

Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgrárri dufthúð (pólýhúð) Til á lager. Verð: 149.000, - + vsk. Hákonarson ehf., hafið samband á hak@hak.is eða í síma 892-4163.

Til sölu uppgerð Case 580 G, árg. 1987. Notkun um 5.900 tímar. Verð 2,9. Staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Nánari uppl. í síma 897-8975 og á gmpalsson@simnet.is

Ford F350 4x4 árg. 2000 ek. 195 þús. Nýskoðaður, góður bíll með mikla möguleika. Loftpúðafjöðrun. Verð 1,5 m. staðgr. Uppl. í síma 892-1524.

Úrval af Tiki kerrum. Verð frá kr. 198.000,- án vsk. Búvís, sími 465-1332.

Valtra N154 ED – árg. 2018 – 165 hestöfl, notkun 1200 vst. Mjög vel útbúin vél: Stiglaus skipting, bakkkeyrslubúnaður, aflúrtak 540-540E-1000, ökumannssæti loft, fjaðrandi framhásing, fjaðrandi hús, ökuhraði 50 km, afturdekk 650/65R38F, framdekk 540/65R28F, ámoksturstæki G5S, vökvadæla 160 l Load sensing, loft og vökvabremsur fyrir aftanívagn, Quick Steer, farþegasæti með belti, joystick í sætisarmi. Alltaf fengið þjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum og staðið inni í upphituðu rými. Skoða skipti á smærri vél með ámoksturstækjum. Verð án vsk. 14.200.000 kr. Uppl. í síma 896-4237.

Tiki kerra, tilvalin fyrir fjárflutninga kr. 745.300.- án vsk. Háar grindur kr. 138.457.- án vsk. Búvís - uppl. í síma 465-1332.

SOLIS 75 Einfaldar og hagkvæmar vélar. Verð: 3.750.000 + vsk. vallarbraut.is símar 841-1200 & 841-7300.

SOLIS 75, einfaldar og hagkvæmar vélar. Með ámoksturstækjum og skóflu. Verð: 4.950.000 + vsk. vallarbraut.is símar 841-1200 og 841-7300.

SOLIS 26. Duglega smávélin. Ný sending á leiðinni Verð frá 1.320.000 + vsk. vallarbraut.is símar 841-1200 og 841-7300.

Hattat T4110, 113 hestöfl Verð frá 5.967.000 + vsk. vallarbraut.is - símar 841-1200 og 841-7300.

Mikið úrval af ruddasláttuvélum. Vinnslubreidd frá 90cm - 240cm. Verð frá 205.000 + vsk. vallarbraut.is símar 841-1200 og 841-7300.

Nugent sturtukerrur 3500 kg, 180x370, 6 tonna tjakkur. Verð frá 1.210.000 + vsk. vallarbraut.is símar 841-1200 og 841-7300.

Belmac keðjudreifari. Margar stærðir í boði. Verð 1.345.000 + vsk. vallarbraut.is - símar 841-1200 og 841-7300.

Tvö stykki SeeDoo SPARK 3 Up sæþotur, árg. 2014, 99 klst. og 2015, 41 klst. Toppeintök ásamt uppgerðri tvöf. kerru, verð 3 m. Uppl. í síma 892-1524.

Til sölu gestahús 22,5 fermetrar. Tilbúin til afhendingar. Uppl. í síma 894-3000 eða á gudmundur@torf.is

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Uppl. í síma 820-8096. Netfang: jh@johannhelgi.is

FERÐAÞJÓNUSTA

Tjaldsvæðið Systragil við Vaglaskóg

Í skjóli trjáa við lindina hjalandi.

Frábær aðstaða, nægt rafmagn, gönguleiðir, golf, stutt til Akureyrar, á Húsavík og í Mývatnsveit.

TJALDSVÆÐIÐ SYSTRAGIL

www.systragil.is sími 860-2213

Árnanes (Höfn 6km)

Vönduð gisting í fallegu umhverfi, fjölbreytt afþreying.
Leitið tilboða.

www.arnanes.is / arnanes@arnanes.is / S. 478-1550 & 896-6412

Verð frá 10.000 krónur nóttin með morgunmat.

Frábært sumartilboð fyrir þá sem eiga erindi í borgina. Erum í næsta nágrenni Smáralindar, fjölda veitingastaða og annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Aðgengi hótelsins er einstaklega þægilegt og frí bílastæði fyrir gesti.

201 HOTEL

201hotel.is - info@201hotel.is - S. 556-1100

Bókið með því fara heimasíðuna okkar og notið orðið "SumarBaendur" í Promocode.

Rúlluvagn, 11 m langur, 22,5" dekk, verð 1.300.000 kr. Rúlluvagn, 9 m, verð 700.000 kr. Rófu- og gulrótarsáningsvél, verð 700.000 kr. Grimme 7530 kartöfluupptökuvél, verð 3.500.000 kr. Kartöflusáningsvél Howard, verð 400.000 kr. Tínslu- og færibönd sýló, verð 150.000 kr. Vigt 0-185 kg. Verð: 150.000 kr. New Holland 7740 - ámoksturstæki, verð 1.700.000 kr. 40 feta kæligámur, verð 550.000 kr. Öll verð án vsk. Nánari uppl. í síma 899-9801.

Til sölu sérsmíðaður ellefu þrepa stigi, tilboð óskast. Uppl. í símum 898-1107 og 561-4207.

Til sölu 4 dekk á felgum, 295x80, 22,5. Uppl. í síma 892-7252, Ástvaldur.

Til sölu eða skipti, Benz jeppi, ML 320, árg. 1999, nýskoðaður og í ágætu ástandi. Sumar- og vetrardekk til sölu eða upp í „smágröfu“. Uppl. gefur Birgir í síma 893-1604.

Zetor 5211, árg.´93, í varahluti. Gírkassi mjög góður, einnig er til sölu vökvalok í sams konar vél 5211 og er uppgert. Uppl. í síma 856-1821.

Útsala! Dek diesel varaaflsrafstöðvar 400/230 V, 50 Hz, 15 Kw. Verð 799 þ. + vsk. 30 Kw, verð 799 þús. + vsk. 5 kw diesel 284 þús. + vsk. Uppl. á Holt1.is ásamt símum 435-6662 og 895-6662.

Til sölu ný dráttarvéladekk 480-70-38" á 300 þús. Ný nagladekk á álfelgum undan Volvo 850, stærð 205-55-16". Howard tætari á 80" smá ryð, verð: 80.000 kr. Nánari uppl. í síma 899-9801, Fannar.

Til sölu mjög gott hey í talsverðu magni á góðu verði á Vesturlandi. Einnig tveir Howard keðjudreifarar í góðu standi. Nánari uppl. í síma 894-5063.

Til sölu 40 feta frystigámur, staðsettur í Hafnarfirði. Uppl. í síma 861-2386.

Dodge Royal, árg. ´55 í góðu lagi, óryðgaður, allur upprunalegur, skoðun til 22. Verð kr: 1.450.000 m. Benz E 4 matic, árg. 2000 í góðu lagi, t.d. allt nýtt í bremsum, demparar og gormar nýir, getur fylgt með í kaupbæti. Uppl. í síma 845-8687.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. kr. 265 lm með vsk. 38 x 100 mm. kr. 315 lm með vsk. H. Hauksson ehf., símí 588-1130 og netfang hhaukssonehf@simnet.is

Zetor 5011, árgerð 1981 með Hydor loftpressu í varahluti eða til uppgerðar. Uppl. í síma 774-4480 eftir kl. 19.

Nokkrir húðlatir barnahestar fást fyrir mjög lítið. Uppl. í síma 695-1808. Ingólfur.

Óska eftir

Óskum eftir akri fyrir gæsaveiði. Ekki lengra en 2 klst. akstur frá Rvk. Get vaktað akur, borga sanngjarnt leiguverð. Allt kemur til greina. Uppl. í síma 770-0325, Jóhann.

Óska eftir rafmagnslæsingu í afturdrif á Toyota Hilux, árg. 2004. Uppl. í síma 898-9929. Jóhann.

Óska eftir að kaupa Toyota Pickup árgerð 1990-91, dísil, eða Nissan sama árgerð, mega vera í lélegu ástandi. Uppl. í síma 892-2095.

Óska eftir snjóþungum vetri með litlum vindum. Engar leysingar takk.

Óskum eftir Catepillar hjólaskóflum til útflutnings. Mjög hagstætt gengi til útflutnings. Uppl. í síma 847-6628.

Óska eftir mótor í Massey Ferguson 399, 100 he, 6 sílendra. Sigurður Pálsson, símí 869-0294 og á netfangið sipa@mi.is

Óska eftir 12-20 hektara beitilandi á Suðurlandi til kaups, ekki verra ef að hús eða bústaður væri á landinu. Allar uppl. í síma 860-2630 eða á kopavogsbard18@gmail.com

Vantar vinstri hurð á Case ih, árg. 1996, skilaboð í síma 691-2136.

Atvinna

Laxeyri ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í fiskeldisstöð sem er staðsett í Húsafelli. Stöðin framleiðir laxaseiði fyrir laxveiðiár. Nánari uppl. í síma 848-2245 eða á tölvupósti hofdaholt1@simnet.is

Kúabú á sunnanverðum Vestfjörðum óskar eftir starfskrafti í haust frá 1. sept. Reynsla af fjósastörfum og almennum sveitastörfum nauðsynleg. Húsakostur í boði. Frekari uppl. í síma 846-7004.

Konugrey á síðustu metrunum óskar eftir því tímabundið að verða matvinnungur í sveit. Er frekar löt en gæti soðið grjónagraut og sett í þvottavél. Ef gífurlegur áhugi er fyrir hendi má senda mér skilaboð á audvitadjajadingdong@gmail.com

Fjölskylda í Kópavogi (203) óskar eftir heimilishjálp 3 daga í viku, e.h. til að sinna grunnskólabarni eftir skóla og léttum heimilisstörfum. Áhugasamir hafi samband á ernarun@gmail.com eða í síma 612-3547.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Tek að mér almenna girðingarvinnu og viðhald á girðingum. Uppl. gefur Hreinn í síma 866-9588, Sveitadurgur ehf.

Einkamál

Ég er kona sem finnst gaman að dansa og ferðast um landið. Vantar góðan dansfélaga og ef þú ert á sömu skoðun, hringdu þá í síma 832-6888.

Húsnæði

Óska eftir frístandandi húsnæði hvar sem er á landinu til kaups (geymsluskúr, hlaða eða gamalt frystihús). Þarf að vera í kringum 100 fermetrar að stærð eða þar um bil. Má vera einfalt en með rafmagni, hita og salernisaðstöðu. Er sveigjanlegur og er tilbúinn að skoða marga kosti. Vinsamlegast hafið samband við Hannes Jón í síma 848-6398 eða í netfangið hannesjon2002@yahoo.com

Herbergi til leigu á svæði 201 með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi með þvottavél og þurrkara. Uppl. í síma 893-3475.

Jarðir

Ung íslensk fjölskylda búsett í Svíþjóð óskar eftir að kaupa land/skika í nálægð við höfuðborgarsvæðið fyrir frístundabúskap. Uppl. í símum 846-8222 og +46 700 992 438.

Leita eftir litlum bóndabæ á Austurlandi. Afskekktur og hús má vera gamalt. Uppl. í síma 845-7561.

Sumarhús

Hús til flutnings. Ég er að leita mér að 40-60m2 sumarhúsi. Húsið má vera í allavega ástandi. Framtíðarstaðsetning eru Biskupstungurnar. Uppl. í síma 868-1188.

Tilkynningar



Sá sem keypti í byrjun mars bókina Bíllinn eftir Guðna Karlsson er beðinn að hringja í síma 557-7957.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Gott framboð af áhugaverðum jörðum
jardir.is
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

BÝ TIL HVAÐ SEM ER - GERI VIÐ ALLT
Laghentur smiður ferðast um landið og tekur að sér verkefni.
- Kjarnaborun, allar stærðir af borum.
- Steypusögun, múrbrot. Fræsun fyrir gólfhita.
- Viðhald og viðgerðir á öllu, s.s. raftækjum.
- Geri við sumarbústaði, smíða hvað sem er inn í hús.
Drífandi ehf.
S. 777-8371 - Netfang: gunnariceman@gmail.com

Auglýsinga- og áskriftarsími Bændablaðsins er 563-0303
Bændablaðið

Til sölu Vicario OMV 300 -36 m., árg. 2007 ásamt hjólastelli með loftbremsum.

Kraninn er í toppstandi.

Verð kr. 5.500.000 + vsk.

Uppl. í síma 893-0003, Guðmundur.

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
Tjaldvagninn • Fellihýsið
Húsbílinn • Bátinn
Hjólhýsið • Sumarhúsið
Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Búðu þig undir hauststörfin

K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vnr. 9616 K2 2009

Vattfóðraður kuldagalli með cordura efni á álagsflötum. Rennilás á skálmum. Hægt að taka hettuna af.
Litur: Gulur Stærðir: XS-5XL.

Dunlop Purofort professional stígvél

Vnr. 9655 D460933

Þessi stígvél eru létt og með höggdeyfi í sóla. Endast vel og gott að þrífa þau. Litur: Grænn.
Stærðir: 37-48.

Öryggisvesti HI VIS

Vnr. 9643 HVW801 VEST

Öryggisvesti með rennilás.
Vottað samkvæmt sýnileikastaðli.
Litur: Gulur.

Tegera vetrarhanskar

Vnr. 9640 8810

Nýtril dýfður vetrarhanski með mjög góðu gripi.
Litur: Svartur. Stærðir: 9-11.

Regnjakki EN471 320 GR

Vnr. 5790 LR9055

Regnjakki vottaður samkvæmt sýnileikastaðli.
Litir: Gulur og appelsínugulur. Stærðir: S-3XL.

Regnbuxur EN471 320GR

Vnr. 5790 LR9052

Regnbuxur vottaðar samkvæmt sýnileikastaðli.
Litir: Gulur og appelsínugulur. Stærðir: S-3XL.

Verslanir N1 um land allt
Akureyri s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-002125